


Sannar sögur af fátækt

Vilborg Oddsdóttir félagsráðgjafi vill ekki vera bundin af kerfinu. Hún trúir því að sé fólki gert kleift að lifa drauma sína geti það brotist úr fátæktargildrunni. ➔30



Í dýragætt Asiú ➔36



Eineltishegðun á Alþingi ➔38



Óvinir mætast ➔44



PLÚS 2 SÉRBLÖÐ • ATVINNA • FÓLK

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

GJAFAKORT BORGARLEIKHÚSSINS
GJÖF SEM LIFNAR VIÐ!

SÉRSTÖK JÓLATILBOD

Ljúffengt leikhúskvöld
Gjafakort fyrir tvo ásamt gömsætri leikhúsmáltíð fyrir syningu eða í hléi 12.950 kr.

Úti að aka
Gjafakort fyrir tvo á gamanleik eins og þeir gerast bestir 9.950 kr.

Blái hnötturinn
Míó fyrir tvo á þessa vinsælu fjölskyldu-sýningu og geisladiskur með tónlistinni 10.600 kr.

SMÁRALIND

GJAFAKORT SMÁRALINDAR


GJÖF SEM GEFUR ÓTAL MÖGULEIKA

ÞÚ FÆRÐ GJAFAKORTIÐ Á ÞJÓNUSTUBORDI SMÁRALINDAR EÐA Á SMARALIND.IS

OPIÐ LAUGARDAG
10-18
SUNNUDAG
13-18

Kringlan

Veður



Ákveðin norðanátt með eljum fyrir norðan og austan, en bjartviðri suðvestan til. Dregur úr vindi og eljum um kvöldið. Hiti kringum frostmark. **SJÁ SÍÐU 60**



Jólabjörinn er orðinn hluti af hátíðinni hjá mörgum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Jólabjörssala aukist um 180%

VIÐSKIPTI Frá árinu 2005 til 2015 jókst sala jólabjörssala um 180 prósent. Árið 2005 voru seldir 268 þúsund lítrar en í fyrra voru seldir rétt tæpir 750 þúsund lítrar.

Jólabjörinn fór í sölu þann 15. nóvember og er þetta 28. árið sem hann er seldur. Í ár verður hægt að velja úr 43 tegundum og hefur úrvalið aldrei verið meira. Í fyrra voru til að mynda 34 tegundir í boði svo um mikla fjölgun er að ræða á einu ári.

Samkvæmt upplýsingum frá ÁTVR skýrir mikil aukning á framboði að hluta aukningu í sölu, minni líkur eru á að björinn seljist upp svo eitt hvað sé nefnt. Björinn hefur verið seldur í það stuttan tíma í ár að ekki er hægt að bera saman sölu á ári og í fyrra. – sg

Þorgeir forseti Hæstaréttar

STJÓRNSKIPAN Þorgeir Örlygsson var kjörinn forseti Hæstaréttar á fundi dómara í fyrradag. Helgi I. Jónsson var kosinn varaforseti. Kjörin nær yfir tímabilið 1. janúar 2017 til 31. desember 2021. Þorgeir Örlygsson hefur verið dómari við Hæstarétt síðan 2011. Þorgeir var áður dómari við EFTA-dómstólinn, ráðuneytisstjóri og borgardómari. – jhh



Þorgeir Örlygsson, nýkjörinn forseti Hæstaréttar

Geirsgötu hliðrað



Vegna framkvæmda við bilakjallara undir Geirsgötu og nýjar byggingar á Austurbakka verður Geirsgata tímabundið færð til norðurs og jafnframt þrengd á þeim kafla í eina akrein í hvora átt. Hjáleio um Geirsgötu verður í notkun frá morgundegningum og fram á sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Húsnæði Hótel Marina til Eikar

VIÐSKIPTI Eik fasteignafélag undirritaði í gær kauptilboð um kaup á fasteignum sem hýsa Hótel Marina. Heildarvirði kaupanna er 4,45 milljarðar. Fasteignir í eigu Slippsins fasteignafélags eru Mýrargata 2-8, Mýrargata 12 og Mýrargata 14-16.

Eignirnar, sem standa í hjarta miðbæjar Reykjavíkur, eru samtals 6.504 fermetrar. Flugleiðahótel eru með alla fermetrana á leigu og eru með langtímaleigusamning. Við kaupin munu hóteleignir verða 13% af virði fasteigna Eikar og verða 99% af þeim eignum í miðbæ Reykjavíkur. – jhh

4,45

milljarðar er heildarvirði kaupanna.

Ekki til nýjar Tetra-talstöðvar fyrir alla

Slökkviliðið biður eftir nýjum talstöðvum frá Berlín eftir að upp komst að Tetra-samskiptakerfið hafði verið hakkað. GSM-símar eru notaðir vegna galla í Tetra. Landspítalinn lagði kerfið niður á miðvikudaginn og Strætó skoðar málin.

FJARSKIPTI Viðkvæmar upplýsingar sem mikilvægustu viðbragðsaðilar landsins hafa tjáð sig um í gegnum Tetra-samskiptakerfið hafa verið aðgengilegar á vefsvæði mánuðum saman. Lögregluna hefur grunað í tvö ár að einhver hafi hakkað sig inn á kerfið en aðhafðist ekki fyrr en á miðvikudag. Meðal upplýsinga sem leynast á síðunni eru samskipti lögreglunnar um líkamsárás, sem átti sér stað í heimahúsi á Höfn í Hornafirði í fyrrkvöld.

„Við dulkóðuðum okkar samskipti á hádegi á miðvikudag. Við hefðum getað dulkóðað í vor ef við værum ekki í samvinnu við ýmsa samstarfsaðila,“ segir Ásgeir Þór Ásgeirsson, yfirlögsluþjónn hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu. Dulkóðun á samskiptum lögreglunnar lauk í gærkvöldi en aðrir hafa þurft að biða eftir uppfærslunni. Skipta þarf út gömlum talstöðvum fyrir nýjar.

Tetra-samskiptakerfið er í eigu íslenska ríkisins og rekið af Neyðarlínunni. Öll embætti lögreglu, slökkvilið landsins, sjúkraflutningamenn, björgunarsveitir, Strætó bs., orkufyrirtæki og bílstjórar ráðherra og forseta Íslands reida sig á kerfið.

„Þetta kom eins og köld gusa framán í okkur. Strax og við fréttum af þessu breyttum við öllum samskiptavenjum okkar, þannig að persónulegar upplýsingar eins og kennitölur, nöfn, heimilisföng, sjúkdómseinkenni og annað fer ekki í gegnum Tetra-kerfið. Eins og er notum við GSM-síma til að miðla þessum upplýsingum,“ segir Jón Viðar Matthíasson, slökkviliðsstjóri höfuðborgarsvæðisins. Hann segir að ekki hafi verið hægt að leggja



Slökkviliðsstjórinn á höfuðborgarsvæðinu segir Tetra-samskiptakerfið lífsnauðsynlegt við störf slökkviliðsins. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Þetta kom eins og köld gusa framán í okkur. Strax og við fréttum af þessu breyttum við öllum samskiptavenjum okkar.

Jón Viðar Matthíasson, slökkviliðsstjóri



kerfið til hliðar vegna þess að það er lífsnauðsynlegt við störf slökkviliðsins og sjúkraflutningamanna.

Það sem að liggur fyrir er að við þurfum að endurnýja okkar búnað og við gerum það í samstarfi við Neyðarlínuna. Við þurfum að biða

eftir talstöðvum sem verið er að senda frá Berlín, enda átti Neyðarlínunni ekki til lager af þeim,“ segir Jón Viðar.

Jóhannes Svavar Rúnarsson, framkvæmdastjóri Strætó, segir að verið sé að skoða hvort uppfæra þurfi kerfið en ekki liggi fyrir endanleg ákvörðun um það. „Við höfum ekki haft stórkostlegar áhyggjur af þessu af því að samskipti okkar eru ekki leynileg. Þau eru aðallega um hvar strætisvagninn er staddur,“ segir Jóhannes.

Landspítalinn lagði niður kerfið á miðvikudag og hefur síðan þá notað GSM-síma við samskipti innanhúss. Þá hefur Landsvirkjun ákveðið að endurnýja allar Tetra-talstöðvar sínar. thorgeirh@frettabladid.is

Kanarí

LUKKULÍF VITA | 30. nóvember | 13 nætur

Verð frá: **79.900 kr.**

og **12.500 Vildarpunktar.**

Á mann m.v. 2 í íbúð/herbergi.*
Verð án Vildarpunkta: **89.900 kr.**

VITA | Skógarhlíð 12 | Sími 570 4444 | VITA.IS

*Þú bókar þig í ferð á vegum VITA og færð að vita þremur dögum fyrir brottför á hvaða hóteli þú lendir. Nánar á vita.is.

HJARTANLEGA

VELKOMIN

Njóttu þess að undirbúa jólin í hlýju og notalegu umhverfi. Fjöldi verslana, veitingastaða og ókeypis bílastæði.



Kringlan

Af öllu hjarta

LAUGARDAG

OPIÐ

10-18

SUNNUDAG

13-18

kringlan.is

facebook.com/kringlan.is

TÖLUR VIKUNNAR 13.11.2016 TIL 19.11.2016




11

nautgripir drápu í stórbruna á bænum Fögruhlíð í Jökulsárhlíð á mánudag.



871

flóttamanni hefur áhöfnin á Responder, björgunarskipi Rauða krossins á Miðjarðarhafi, bjargað.



300

milljóna króna halli verður á rekstri Háskóla Íslands á þessu ári – sem er fordæmalaust.



10.459

islensk netföng eru skráð á skyndikynnasíðuna AdultFriendFinder.

66%

gamals fólks á Landakoti eru vannærð, er talið út frá rannsóknunum árin 2015 og 2016.



233

hlutu **mænuskæða** í slysum á Íslandi árin 1975 til 2014.



240

milljónir króna, hið minnsta, þarf til endurbóta á Hegnringarhúsinu við Skólavörðustig.



90%

þeirra sem greinast með **lungnakrabbamein**, reykja eða hafa reykt.

Þrjú í fréttum Lesfimi, íslenska og forvarnir

Gylfi Jón Gylfason

sviðsstjóri á matsviði Menntamálastofnunar

segir það áhyggjuefni að um 36 prósent íslenskra grunnskólabarna nái ekki lágmarksviðmiðum í lesfimi. Niðurstöður könnunar stofnunarinnar sýna jafnframt að óverulegar framfarir í lesfimi séu frá miðstigi til unglingsstigs og lesfimi við lok grunnskóla er ábótavant.



Guðlaug Stella Brynjólfsdóttir

verkefnisstjóri kennsluwerkfnisins Íslenskuþorpið

segir erlenda nemendur hafa komið nánast talandi á íslensku úr heimsóknum frá eldri borgurum. Íslenskuþorpið er að finna innan ákveðinna fyrirtækja og stofnana úti í samfélaginu, meðal annars í sex félagsmiðstöðvum aldraðra.



Karl Andersen

prófessor í hjartalækningum og yfirlæknir á Hjartagátt Landspítalans

segir að ástæða sé til að beita forvörnum gegn vaxandi offitu og tengdum vandamálum með áþekktum hætti og lengi var gert gegn tóbaksreykingum. Offita er einn af sterkustu áhættuþáttum kransæðasjúkdóms en hún er hratt vaxandi vandamál á Íslandi, ekki síst hjá börnum sem eru á meðal þeirra feitustu í Evrópu.



Ákveða sjálfir eigin hlunnindi

Forsætisnefnd þingsins ákveður fastar upphæðir í launum þingmanna sem undanþegnar eru tekjuskatti. Einnig fá þingmenn endurgreiddan akstur á eigin bíl. Í fyrra voru greiddar tæpar 40 milljónir króna.

ALÞINGI Þingmenn fá greiðslur frá þingi vegna starfa sinna ofan á þingfararkaup sem ákveðið er af kjararáði. Allar þær greiðslur eru skattfrjálssar. Þingmenn sjálfir ákvarða þessar sporslur.

Þingfararkaup hækkaði daginn eftir kosningar um 44 prósent og er nú 1,1 milljón króna á mánuði. Ofan á það fá allir þingmenn greiddan svokallaðan starfskostnað sem er 90.636 krónur á mánuði. Einnig fær hver einasti ferðamaður greiddan kostnað sem kallast ferðakostnaður í kjördæmum sem er 83.852 krónur. Þessar greiðslur eru samkvæmt ákvæðum um þingfararkostnað og eru skattfrjálssar.

Það sem vekur athygli er að forsætisnefnd þingsins ákveður sjálf hversu háar upphæðir þetta eru. Í lögum um þingfararkostnaðinn segir í 17. grein að þessar greiðslur séu undanþegnar skatti.

Einar K. Guðfinnsson, forseti Alþingis á síðasta kjörtímabili og jafnframt formaður forsætisnefndar, segir mikilvægt að farið sé varlega í að breyta reglum um kostnað þingmanna. Þingmenn fái endurgreiddan kostnað sem hlýst af störfum þeirra. „Við megum ekki gera þetta svo að aðeins efnaðir einstaklingar geti orðið þingmenn. Stíga þarf varlega til jarðar en ég sé ekkert athugavert við að menn setjist niður á nýju þingi og fari fyrir hlutina með tilliti til nýs úrskurðar kjararáðs,“ segir Einar.

Í 7. gr laganna um þingfararkaup og þingfararkostnað segir að þingmaður fái þessar mánaðarlegu fjárhæðir til greiðslu kostnaðar og einnig greiðslur vegna ferða á milli heimilis og Reykjavíkur. Einnig segir í sömu grein að endurgreiða skuli alþingismanni kostnað við aðrar



Skattfrjálssar aukatekjur hvers þingmanns hlaupa á milljónum á ári hverju og eru ákvarðaðar af þingmönnum sjálfum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Það er mjög mikilvægt að launa greiðslur þingmanna, hvaða nafni sem þær nefnast, séu ekki sveipaðar leyndarhjúpum.

Brynhildur Pétursdóttir, fyrrverandi alþingismaður



ferðir er hann þarf að fara innanlands í tengslum við störf sín, svo og gisti- og dvalarkostnað í þeim ferðum.

Með öðrum orðum fær þingmaður greiddar rúmar 83 þúsund

krónur sem heitir „ferðakostnaður í kjördæmum“ en getur síðan fengið allan útlagðan kostnað í ferðum sínum endurgreiddan. Því er um tvítekingu að ræða. Þessar 83.852 krónur fara því ekki í kostnað vegna ferða heldur aðeins hækka laun þingmanna.

Alþingi greiðir þingmönnum einnig fyrir akstur á eigin bifreið. Til að mynda greiddi þingið 51 milljón króna árið 2014 til 28 þingmanna þar sem átján þeirra fengu meira en eina milljón króna skattfrjálst í sinn vasa. Árið 2015 greiddi þingið 38,5 milljónir króna vegna aksturs þingmanna á eigin bifreiðum. Þingmenn þurfa ekki að sýna fram á kostnað vegna akstursins.

Brynhildur Pétursdóttir, fyrrverandi þingmaður Bjartrar framtíðar, lagði fram þingmál þess efnis á síðasta þingi að upplýsingar um kostnað þingmanna verði gerðar opinberar. „Það er mjög mikilvægt að launagreiðslur þingmanna, hvaða nafni sem þær nefnast, séu ekki sveipaðar leyndarhjúpum. Í Bretlandi eru þessar upplýsingar allar uppi á borði og var það fyrirmynd sem ég horfði til. Á sama tíma og fjármálaráðuneytið vinnur að því að allir reikningar hins opinbera verði opnaðir almenningi ættu þingmenn að ríða á vaðið og sýna gott fordæmi. Slíkt yrði líka til að auka traust á Alþingi.“

sveinn@frettabladid.is

HÚSNÆÐIS- OG DVALARKOSTNAÐUR

134.041 kr.

FERÐAKOSTNAÐUR Í KJÖRDÆMUM


83.852 kr.

STARFSKOSTNAÐUR

90.636 kr.

38,4

milljónir voru greiddar skattfrjálst til þingmanna vegna aksturs í fyrra.



„Þetta er krassandi frásögn og þeim fullorðna lesanda sem breytist ekki í spennit barn við lesturinn er ekki viðbjargandi. Þessi ævintýralega saga er einfaldlega dýrðleg skemmtun fyrir jafnt unga sem aldna.“

KOLBRÚN BERGÞÓRSÐÓTTIR / DV





HÚSASMÍÐJAN
HLUTI AF BYGMA



STÓÐRA SERÍU HELGIN

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Úrval getur verið mismunandi milli verslana.

25-40%

afsláttur

Allar seríur og jólaljós

Latibær
skemmtir
kl. 15:00
laugardag



Latibær í dag

Íþróttaálfurinn og Solla stíðra skemmta börnunum í Skútvogi kl. 15:00 laugardag

Jólandið

Í Skútvogi hefur glatt börn og fullorðna í áratugi



Allir fá ís
á laugardag
í Skútvogi
kl. 12-16



FROST

Samtengjanlegar
LED útiseríur 50 ljósa
Margir litir

25% afsláttur

2.990kr
~~3.990kr~~

14500290-293

40% afsláttur

Jólatilboð

1.190kr
~~1.990kr~~

Aðventuljós
7 ljósa.
14500400-403

25% afsláttur

Jólatilboð

1.490kr
~~1.990kr~~


Jólastjarna
Stór og flott.

Byggjum á betra verði

www.husa.is

TILBOÐ Á VÖLDUM BÍLUM

BÍLALAND BÝÐUR NOKKRA BÍLA Á EINSTÖKUM
KJÖRUM! KOMDU STRAX Í DAG OG TRYGGÐU
ÞÉR GÓÐAN BÍL Á FRÁBÆRU VERÐI!



www.bilaland.is
NÝ HEIMASÍÐA – STÆRRI BÍLAMYNDIR



Rnr. 320501

RENAULT Megane Berline Bose.
Nýskr. 08/14, ekinn 16 þ.km,
dísil, beinskiptur.
Verð áður: 2.840 þús. kr.

TILBOÐ 2.490 þús. kr.

Staðsetning: Klettháls 11



Rnr. 283563

BMW 116.
Nýskr. 09/14, ekinn 21 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.
Verð áður: 3.390 þús. kr.

TILBOÐ 2.690 þús. kr.

Staðsetning: Klettháls 11



Rnr. 103436

HYUNDAI i30 Comfort.
Nýskr. 03/12, ekinn 79 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.
Verð áður: 2.190 þús. kr.

TILBOÐ 1.590 þús. kr.

Staðsetning: Hyundai, Kaupþúni 1



Rnr. 152065

BMW X5 Xdrive30d.
Nýskr. 11/11, ekinn 110 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.
Verð áður: 6.940 þús. kr.

TILBOÐ 5.990 þús. kr.

Staðsetning: Klettháls 11



Rnr. 152098

NISSAN Pathfinder SE.
Nýskr. 06/13, ekinn 99 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.
Verð áður: 5.390 þús. kr.

TILBOÐ 4.590 þús. kr.

Staðsetning: Klettháls 11



Rnr. 283611

SUZUKI Grand Vitara.
Nýskr. 05/14, ekinn 62 þ.km,
dísil, beinskiptur.
Verð áður: 3.990 þús. kr.

TILBOÐ 2.990 þús. kr.

Staðsetning: Hyundai, Kaupþúni 1

bilaland

Opíð frá kl. 9–18 og á laugardögum frá kl. 12–16.

Klettháls 11 - 110 Reykjavík og
Hyundai notaðir bílar - Kaupþúni 1 - 210 Garðabæ
Sími: 525 8000 - bilaland@bilaland.is



www.facebook.com/bilaland.is

Leiðtogar funda í Berlín



Angela Merkel, kanslari Þýskalands, tók Theresu May, forsætisráðherra Breta, fagnandi áður en þær funduðu með forsetum Frakklands, Ítalíu og Spánar og Barack Obama Bandaríkjaforseta í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Píratar og Viðreisn lýsa yfir samstarfsvilja


Formenn Pírata og Viðreisnar blása á sögusagnir um lítinn samstarfsvilja sín í milli. Flokkarnir hafa þótt líklegastir til að vera ljón í vegi við myndun fimm flokka ríkisstjórnar undir stjórn Vinstri grænna. Mál skýrast betur um helgina.

STJÓRNMÁL „Það eru einhverjir að búa þetta til bara. Við höfum verið mjög jákvæð um að skoða þetta,“ segir Benedikt Jóhannesson, formaður Viðreisnar, um meint viljaleysi flokksins til að hefja samstarf við Pírata. Daginn eftir kjördag sagði Benedikt að honum hugnaðist ekki að ganga inn í Píratabandalagið.

„Ég er ekki alveg viss um að þjóðin sé að kalla eftir fimm flokka stjórn. Þá værum við að ganga inn í Píratabandalagið. Það hugnast mér nú ekki alveg,“ sagði Benedikt þá í viðtali á Stöð 2.

Nú er komið annað hljóð í strokkinn því Benedikt segist ganga bjartsýnn til fimm flokka samstarfs. „Maður er smám saman að átta sig á því að kosningarnar fóru á ákveðinn veg. Eftir því sem leiðir lokast þá verður maður að opna á aðrar dyr.“ Birgitta Jónsdóttir, þingflokksformaður Pírata, segir að meint óvild á milli flokka sé lítið annað en gróusögur. „Ég hef hitt fólk úr Viðreisn og held að það sé vilji til að finna leið til að hefja samvinnu. Það getur verið að það séu einhverjar gróusögur í gangi en ég held að það sé betra að fólk hittist og sjái hvort það sé einhver breið gjá þarna á milli eða ekki. Ég skynja hana að minnsta kosti ekki.“

Birgitta segir að jafnframt gangi gróusögur um að óvild sé á milli hennar og Katrínar Jakobsdóttur en ekkert geti verið fjær sannleikanum. „Það er engin óvild neins staðar. Allir stjórnarandstöðuflokkarnir unnu mjög náð saman á síðasta kjörtímabili. Það var frekar skýrt fyrir



Katrín Jakobsdóttir ræddi við formenn allra flokka á Alþingi í gær en hún stefnir á að mynda fimm flokka ríkisstjórn frá vinstri til miðju. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

● ● Eftir því sem leiðir lokast þá verður maður að opna á aðrar dyr.

Benedikt Jóhannesson, formaður Viðreisnar



● ● Ég hef hitt fólk úr Viðreisn og held að það sé vilji til að finna leið til að hefja samvinnu.

Birgitta Jónsdóttir, Pírötum



kosningar að það voru nokkur aðaláherslumál sem allir voru sammála um að þyrfti að ganga í.“

Katrín Jakobsdóttir lá undir feldi í gær eftir að hafa fundað með formönnum allra flokka á Alþingi í gær. Fréttablaðið greindi frá því á fimmtudag að nokkrir þingmenn Vinstri grænna virtust spenntari fyrir samstarfi við Framsóknarflokkinn en Viðreisn og teldu meiri málefna-

hljómgrunn á milli flokkanna. Síðan hefur margt skýrst en Sigurður Ingi Jóhannesson, formaður Framsóknarflokksins, lýsti því yfir eftir fundinn með Katrínu á fimmtudag að hann hefði verulegar efasemdir um að fimm flokka stjórn gæti starfað.

Búist er við því að draga muni til tíðinda í stjórnarmyndunarviðræðum í dag og formenn flokkanna hittist og fundi. snaeros@frettabladid.is

JÓLASPRENGJA

AF JÓLASKRAUTI OG JÓLASERÍUM

GILDIR LAUGARDAG OG SUNNUDAG

30%
AFSLÁTTUR

Gildir 19.-20. nóvember. Mesta úrvalið er í Krínglunni, Smáralind, Skeifunni og Garðabæ.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

Gildi – lífeyrissjóður Sjóðfélagafundur

Hótel Reykjavík Natura, fimmtudaginn 24. nóvember kl. 16.30

Efni fundarins:

- Staða og starfsemi Gildis – lífeyrissjóðs
- Samstarf við VIRK starfsendurhæfingu

Sjóðfélagar eru hvattir til að mæta.

Stjórn Gildis – lífeyrissjóðs



Lífeyrissjóður

www.gildi.is

SAMKEPPNI um vegglistaverk/veggskreytingu

Vinnslustöðin í Vestmannaeyjum efnir til hugmyndasamkeppni um vegglistaverk/veggskreytingu á suðurgafli nýrrar frystigeymslu sem mun verða fullbyggð sumarið 2017. Veitt verða verðlaun fyrir bestu þrjár tillögurnar sem hér segir.

1. Verðlaun 500.000 kr. að viðbættum vsk.
2. Verðlaun 250.000 kr. að viðbættum vsk.
3. Verðlaun 125.000 kr. að viðbættum vsk.

Öllum er heimil þátttaka

Nánari lýsing og tilhögun samkeppninnar er hægt að finna á heimasíðu Vinnslustöðvarinnar, www.vsv.is undir flípa efst til hægri á forsíðu sem nefndur er „samkeppni“.

Tillögum skal skila eigi síðar en 9. janúar 2017, úrslit verða gerð kunn um mánaðarmót janúar febrúar 2017. Sjá nánar í samkeppnislýsingu.

Vinnslustöðin
Vestmannaeyjum



Hafnarfjarðarbær hefur leigt safnaðarheimili undir skólahald. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Skólahald í sóknarheimili

Safnaðarheimili Ástjarnarkirkju verður nýtt undir skólahald á næsta ári. Skólastjóri Hraunvallaskóla segir hann sprunginn og létta verði álagi af honum.

MENNTAMÁL „Það er löngu orðið tímabært að létta á fjölda nemenda í Hraunvallaskóla en hann er orðinn einn fjölmennasti skóli landsins,“ segir Rósa Guðbjartsdóttir, formaður fræðsluráðs Hafnarfjarðarbæjar.

Ráðist hefur verið í uppbyggingu á nýjum skóla í Vallahverfinu í Hafnarfirði. Skólinn verður í Skarðshlíð en þar ris nýjasta byggð Hafnarfjarðarbæjar.

„Meðan skólahúsnæðið er ekki tilbúið er ljóst að notast þarf við bráðabirgðahúsnæði og úr varð að bærinn mun leigja safnaðarheimili Ástjarnarkirkju. Fyrsta ár skólahaldsins mun fara þar fram en flytjast svo í nýtt skólahús haustið 2018,“ segir Rósa.

Safnaðarheimilið verður leigt af Hafnarfjarðarbæ á skólatíma en mun sinna sókn Ástjarnarkirkju um kvöld og um helgar.

„Fyrsta árið verður skólahald fyrir fyrsta til fjórða bekk í safnaðarheimilinu en áætlað er að skólinn muni sinna fyrsta til tíunda bekk á næstu árum. Undirbúningur er í fullum gangi og við munum bráðlega auglýsa eftir skólastjóra,“ segir Rósa.

Hraunvallaskóli er tiltölulega ungur skóli en hann tók til starfa árið 2005 og rúmlega 900 nemendur sækja hann. Skólinn er svokall-

aður opinn skóli sem felur í sér að ekki er mikil áhersla lögð á formlegt kennslufyrirkomulag. Nemendur hafa meira frelsi til að haga náminu eftir sínu höfði og ekki er notast við hefðbundnar kennslustofur.

„Kennslufyrirkomulagið í Hraunvallaskóla hentar ekki öllum nemendum og geta því þeir nemendur sem vilja formlegra kennslufyrirkomulag sótt nám í skólanum í Skarðshlíð. Ákveðið hefur einnig verið að leggja mikla áherslu á tónlistarkennslu í skólanum,“ segir Rósa.

Lars Jóhann Imsland Hilmarsson, skólastjóri Hraunvallaskóla, segist ánægður með að nýi skólinn hefji störf næsta haust. „Það er mikil þörf á því að létta á nemendafjölda Hraunvallaskóla.“

thorgeirh@frettabladid.is

Meðan skólahúsnæðið er ekki tilbúið er ljóst að notast þarf við bráðabirgðahúsnæði.

Rósa Guðbjartsdóttir, formaður fræðsluráðs Hafnarfjarðarbæjar



GJAFAKORT BORGARLEIKHÚSSINS

Gefðu töfrandi kvöldstund í jólagjöf!

MIÐASALA | 568 8000 | BORGARLEIKHUS.IS



Gómsætt leikhúskvöld

Gjafakort fyrir tvo ásamt gómsætri leikhúsmáltíð fyrir sýningu eða í hléi

12.950 kr.



Úti að aka

Gjafakort fyrir tvo á gamanleik eins og þeir gerast bestir

9.950 kr.



Blái hnötturinn

Miði fyrir tvo á þessa vinsælu fjölskyldusýningu og geisladiskur með tónlistinni

10.600 kr.



TOYOTA

ALWAYS A
BETTER WAY

AURIS

Skapaður fyrir þig

LÁTTU HJARTAÐ
RÁÐA FÖR



Auris – verð frá: 3.090.000 kr.
Auris Hybrid – verð frá: 3.430.000 kr.

FÁGAÐUR AURIS Á FRÁBÆRU VERÐI

Finndu gleðina í hljóðlátum og liprum akstri, hvort heldur með bensín- eða dísilvél eða í Hybrid-útfærslu. Auris er með ríkulegum staðalbúnaði og glæsilegur að innan sem utan.

Fáðu nánari upplýsingar á www.toyota.is

Kynntu þér **Toyota FLEX**, nýja leið til að eignast Toyota bifreið, á www.toyota.is

VILDARPUNKTAR ICELANDAIR MEÐ ÖLLUM NÝJUM TOYOTUM



Toyota Kaupúni
Kaupúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
Reykjanesbæ
Sími: 420-6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
Selfossi
Sími: 480-8000

Sjá nánar um Vildarpunktasöfnun á www.toyota.is
Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er.
Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur. Nánari upplýsingar hjá söluráðgjöfum.

Opnunin frestast til vors

REYKJAVÍK Stefnt er að opnun Hlemms Mathallar í maí á næsta ári, samkvæmt nýrri endurskoðaðri framkvæmda-áætlun, en áður hafði verið ráðgert að opna hana í desember.

„Framkvæmdirnar sem borgin er að sinna hafa tafist í kerfinu, í stuttu máli sagt. En að öðru leyti erum við sem erum að taka húsið á leigu búnir að raða inn þarna nýjum kaupmönnum,“ segir Haukur Már Gestsson. Hann og Bjarki Vigfússon hjá Sjávarklasnum eru framkvæmdastjórnar mathallarinnar. Mathöllin á að vera heimili úrvals sælkeraverslana og smárra veitinga-

» Nú þegar hefur verið tilkynnt um fjóra kaupmenn sem verða með aðsetur í Mathöllinni.

staða en Hlemmur verður þó eftir sem áður mikilvægur áfangastaður í leiðakerfi Strætó. Nú þegar hefur verið tilkynnt um fjóra kaupmenn sem verða með aðsetur í höllinni, meðal þeirra eru Ísleifur heppni, óhefðbundin ísbúð, SKÁL!, tilraunakenndur smárétta-, kokteila- og bjórabær, og Micro-Roast Tes & Kaffis. – sg

Frá kr. **69.995** m/morgunmat

Frábært að versla **Síðustu sætin!**

1. des. í 3 nætur

Nýr áfangastaður

PORTO

Stökktu Netverð á mann frá kr. 69.995 m.v. 2 í herbergi með morgunmat.

Heimsferðir

Vísa eignarnámi vegna Kröflulínu til dómstóla

Landsnet hefur stefnt fjórum eigendum Reykjahlíðar til að geta framfylgt eignarnámsheimild Ragnheiðar Elínar Árnadóttur. Eigandi telur sammingsvilja Landsnets af skornum skammti. Talsmaður Landsnets segir eignarnám neyðarúrræði.


STÓRIDJA Landsnet hefur fengið úrskurð iðnaðarráðherra um heimild til eignarnáms í Reykjahlíð og matsnefnd eignarnámsbóta hefur úrskurðað um umráðatöku. Landeigendur hafa ekki fallist á að veita Landsneti yfirráð, þrátt fyrir heimildina og umráðatökuréttinn, og verður mál á hendur eigendum þingfest í Héraðsdómi Norðurlands eystra undir lok mánaðarins.

Landsnet hefur lagt fram tryggingu og óskað eftir dómsúrskurði um að landsréttindi vegna Kröflulínu 4 verði tekin með beinni aðfarargerð.

„Ég hef ekkert séð um þetta. Staðreyndin er sú að þeir unnu ekki heimavinnuna sína og við óskuðum eftir að þetta færi í nýtt umhverfismat því orkuþörfin væri allt önnur en áður,“ segir Finnur Sigfús Illugason, einn eigenda Reykjahlíðar. Hann segir Landsnet ekki hafa sýnt mikinn vilja til samninga og ákveðið offors og frekju hafa einkennt vinnu Landsnets.

„Landsnet hefur nú farið fram með nokkrum yfirgangi. Þeir fóru inn á landið án þess að búið sé að dæma okkur bætur og ljúka eignarnáminu. Þeim var veitt heimild til umráðatöku yfir landinu,“ bætir Finnur Sigfús við.

„Eignarnám er ávallt lokaúrræði sem ekki er beitt nema samningavið-



Landsnet áformar línulögn um Reykjahlíðarlandið í Mývatns-sveit til að koma rafmagni til Bakka á Húsavík.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

ræður séu fullreyndar. Í samningaviðræðum náðust samningar við um 88 prósent landeigenda í óskiptu landi Reykjahlíðar en tæplega 12 prósent vildu ekki semja. Öllum landeigendum var boðin sama fjárhæð og gildir það reyndar um alla landeigendur á línuleiðinni í heild sinni,“ segir Steinunn Þorsteinsdóttir, upplýsingafulltrúi Landsnets. „Gerð var lokatilraun til að ná samningum við þá sem eftir voru en það gekk ekki.“

„Þeir hafa haft dyggan stuðning hér, sveitarstjórnarmanna, sem hafa eggjað ríkisstjórn til að setja sérstök

lög til að brjóta á bak aftur það sem á að heita lýðræði og vinnureglur í lýðræðisþjóðfélagi,“ segir Finnur Sigfús.

Steinunn segir Landsnet vinna eftir lögum en ákveðinn hluti landeigenda vilji ekki una úrskurði matsnefndar. Í kjölfar heimildar til eignarnáms var því hafin lögbundin málsmeðferð til mats á eignarnámsbótum. Matsnefnd eignarnámsbóta heimilaði Landsneti umráðatöku til að hefja framkvæmdir en umræddir landeigendur vilja ekki hlíta þeim úrskurði,“ segir Steinunn. sveinn@frettabladid.is



**STARTUP
TOURISM**

Kynningarfundur

24. nóvember
kl 08:30-10:00
Iðnó, Vonarstræti 3

Startup Tourism er tíu vikna viðskiptahraðall þar sem allt að tíu sérvalin sprotafyrirtæki fá tækifæri til að þróa áfram viðskiptahugmyndir sínar undir leiðsögn reyndra frumkvöðla, fjárfesta og annarra sérfræðinga þeim að kostnaðarlausu.

Við leitum að verkefnum sem stuðla að dreifingu ferðamanna víðs vegar um landið, allan ársins hring og nýjum lausnum sem styðja innviði ferðaþjónustunnar.

Hraðallinn hefst **16. febrúar 2017** og fer fram í Reykjavík.

Opið er fyrir umsóknir á startuptourism.is.
Umsóknarfrestur er til 16. janúar 2017.

ICELANDIC
STARTUPS

vodafone


Íslandsbanki

ISAVIA


BLUE LAGOON
ICELAND

Íslenski
ferðaklasinn

BÓK OG NORÐANÁTT!




Skrímlið kemur
VILDARVERÐ: 3.699.-
Verð: 4.799.-



Kompa
VILDARVERÐ: 3.699.-
Verð: 4.999.-



Prjónaskáld
VILDARVERÐ: 3.799.-
Verð: 4.999.-



Ævintýri gæsamömmu
VILDARVERÐ: 3.299.-
Verð: 4.199.-



Heklað skref fyrir skref
VILDARVERÐ: 4.999.-
Verð: 6.999.-



Bjargræði
VILDARVERÐ: 4.299.-
Verð: 5.999.-



Ljúflingar - prjónað á smáa og stóra
VILDARVERÐ: 3.999.-
Verð: 5.499.-



Allt eða ekkert
VILDARVERÐ: 3.699.-
Verð: 4.799.-




Saumað skref fyrir skref
VILDARVERÐ: 4.999.-
Verð: 6.999.-



Leynlíf gæludýra - skemmtibók
VILDARVERÐ: 2.499.-
Verð: 3.299.-



Havana heklbók
VILDARVERÐ: 3.999.-
Verð: 5.499.-



Að heiman
VILDARVERÐ: 4.499.-
Verð: 5.999.-

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 16, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9

PENNINN

Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verzlunum. Gildistími tilboða og vildarverða er 19. nóvember, til og með 23. nóvember, eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

Áfram rætt um sameiningu eystra

SVEITARSTJÓRNIR Viðræður um mögulega sameiningu Djúpavogshrepps, Sveitarfélagsins Hornafjarðar og Skaftárhrepps halda áfram.

Sveitarstjóri Djúpavogshrepps greindi hreppsnefndinni í gær frá framvindu málsins. Kom þar fram

að Jöfnunarsjóður sveitarfélaga hefur gefið vilyrði fyrir því að veita fjárhagslega aðstoð vegna verkefnisins. Þá hafi verið gengið frá samningi við KPMG um verkefnisstjórn. Ef af sameiningunni yrði myndi nýja sveitarfélagið verða það landmesta á Íslandi. – gar

Hafna gististaðareglum

Drög að reglugerð um gististaði fá afar dræmar undirtektir hjá sveitarfélögum. Leiðir til flóknari reglna en ekki til einföldunar, segir byggðarráð Skagafjarðar.

FERÐAÞJÓNUSTA Samband íslenskra sveitarfélaga og mörg sveitarfélög leggja gegn drögum að nýrri reglugerð um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald sem atvinnu- og nýsköpunarráðuneytið hefur gert.

Byggðarráð Skagafjarðar minnir á að lagt hafi verið upp með einföldun á kerfinu. „Vandséð er að þau drög sem gerð eru hér athugasemdir við leiði til einföldunar. Leiðin sem boðuð er, er um margt flóknari og óskýrari en núgildandi reglur og á það sérstaklega við um minnstu gististaðina, heimgistingu,“ segir byggðarráðið.

Þá segir byggðarráð Skagafjarðar vandséð að það sé árangursríkt eða hvað þá hagkvæmt að Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu verði eini eftirlitsaðilinn með allri heimgistingu vítt og breitt um landið. Í reglugerðinni sé upptalning á búnaði gististaða, meðal annars stærð rúma, lampa, sápu og vatnsglasa.

„Varla er það skynsamleg verkskipting að vera með lögreglu og sýslumenn í að fylgja eftir framangreindum þáttum,“ segja Skagfirðingar.

Bæjarstjórn Fljótshálsá leggur til að reglugerðin verði ekki samþykkt óbreytt.

„Í drögum er ekki tekið á þeim þáttum sem sveitarfélögin hafa verið að kalla eftir breytingum á, svo sem að rými sem sótt er um fyrir sé metið samkvæmt gildandi byggingarreglugerð hverju sinni, kröfur um bíla-



Bæjarráð Fljótshálsá sendir neikvæða umsögn frá Egilsstöðum um drög að breyttri reglugerð vegna gististaða. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Leiðin sem boðuð er, er um margt flóknari og óskýrari en núgildandi reglur og á það sérstaklega við um minnstu gististaðina, heimgistingu.

Byggðarráð Skagafjarðar

stæðafjölda, aðgengi fólksflutningabíla og grenndarkynning til eigenda í fjöleignahúsum,“ segir í bókun bæjarstjórnarinnar.

„Ljóst er að nái breyting á reglugerð óbreytt fram að ganga muni það hafa víðtæk neikvæð

áhrif á sveitarfélögin og íbúa þeirra, meðal annars með auknum álogum vegna umsagna á sama tíma og sveitarfélögin verða fyrir tekjumissu vegna breytingar á skráningum heimgistingar,“ segir bæjarráð Hornafjarðar.

Þá kveður bæjarráðið reglugerðina að auki mundu skerða möguleika íbúa til reksturs heimgistingar.

„Á þriðja tug heimila hafa tekjur af slíkum rekstri í sveitarfélaginu,“ segir bæjarráð Hornafjarðar sem einnig harmar skertar öryggiskröfur vegna gistingar og niðurfellingu á kröfum um bílastæði gesta og leggst harðlega gegn því að reglugerðin verði að veruleika. gar@frettabladid.is

VETUR! Verum viðbúin!

MÚRBÚÐARVERÐ



-18°C
frosiból

S805-2Y ál
snjóskófla L:110cm
2.190

Rúðuvökvi -18°C
4 lítrar

740



Hálkusalt 5 kg
585



MÚRBÚÐIN

Kletthálsi Reykjavík
Reykjanesbæ

Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

KRAFTUR - TRAUST FYRIRTÆKI Í 50 ÁR

MAN vörubílasýning í dag



Í tilefni af 50 ára afmæli Krafts er opið hús að Vagnhöfða 1 frá kl. 12-16 laugardaginn 19. nóvember

Allir velkomnir



KRAFTUR – ÖRYGGI – ENDING



VAGNHÖFÐI 1 • KRAFTUR.IS

Allar
jólaseríur
20%
afsláttur

Gildir til 20.11.2016

JÓLATILBOÐ!
ALLA HELGINA!

Öll
sængurver
20%
afsláttur

Gildir til 20.11.2016

Öll eldhús- og
borðstofuborð
20%
afsláttur

Gildir til 23.11.2016

Öll skrifborð
20%
afsláttur

Gildir til 23.11.2016

Allir plastkassar
20%
afsláttur

Gildir til 20.11.2016

 **RÚMFATA
LAGERINN**
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

www.rfl.is



CLEVELAND

Hornsófi með tungu. Hægri eða vinstri tunga. Dökk- eða ljósgrátt slitsterkt áklæði. Stærð: 308 x 140/203 x 81 cm

153.218 kr.

~~189.990 kr.~~



CLEVELAND

Tungusófi. Hægri eða vinstri tunga. Dökk- eða ljósgrátt slitsterkt áklæði. Stærð: 231 x 140 x 81 cm

96.766 kr.

~~119.990 kr.~~



KIRUNA

U-sófi. Hægri eða vinstri tunga. Dökkgrátt slitsterkt áklæði. Stærð: 301 x 200 x 78 cm

193.540 kr.

~~239.990 kr.~~



TANGO

Tveggja sæta sófi. Slitsterkt dökkgrátt áklæði. Stærð: 150 x 90 x 96 cm

96.766 kr.

~~119.990 kr.~~



KENNEDY

Klassískt sófasett frá La-Z-Boy. Grátt og ljósgrátt slitsterkt áklæði.

2ja sæta, stærð: 177 x 100 x 97 cm

153.218 kr. ~~189.990 kr.~~

3ja sæta, stærð: 196 x 100 x 97 cm

161.282 kr. ~~199.990 kr.~~



KAMMA

Þriggja sæta sófi með viðarfótum. Ljósgrátt slitsterkt áklæði. Stærð: 201 x 84 x 105 cm

112.895 kr.

~~139.990 kr.~~

ÖLL KERTI

30%

AFSLÁTTUR UM HELGINA

TÖFRAR JÓLANNA

Í HÚSGAGNAHÖLLINNI



Töfrar jólanna í Höllinni

Þú finnur Jólblaðið á husgagnahollin.is



Reykjavík 10 – 18 virka daga
Bíldshöfði 20 11 – 17 laugardaga
13 – 17 sunnudaga

Akureyri 10 – 18 virka daga
Dalsbraut 1 11 – 16 laugardaga

Ísafjörður
Skeiði 1

www.husgagnahollin.is
558 1100

Verð og vöruupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur. Yfirstrikað verð sýnir fullt verð vöru.

SÓFAR

TAXFREE

HELOKKA

Allir sófar á taxfree tilboði*



LARAMIE

Tveggja og þriggja sæta sófar. Mjög endingargott brúnt microfiber áklæði.

2ja sæta, stærð: 170 x 95 x 95 cm

161.282 kr. ~~199.990 kr.~~

3ja sæta, stærð: 220 x 95 x 95 cm

169.347 kr. ~~209.990 kr.~~



258.056 kr. ~~319.990 kr.~~

PINNACLE

Þægilegur 3ja sæta La-Z-Boy sjónvarpssófi með niðurfellanlegu borði. Fæst í dökkgráu og brúnu slitsterku áklæði. Stærð: 210 x 95 x 105 cm

RIALTO

Nettur og skemmtilegur La-Z-Boy sjónvarpssófi. Svart leður. Stærð: 205 x 90 x 105 cm



370.960 kr. ~~459.990 kr.~~



Þú finnur SÓFA-TAXFREE-
blaðið á husgagnahollin.is

MILANO

Tveggja og þriggja sæta leður-sófar. Litir: Svart eða hvítt. Einnig fáanlegur stóll.



3ja sæta: Stærð: 194 x 90 x 90 cm

233.863 kr. ~~289.990 kr.~~



2ja sæta: Stærð: 168 x 90 x 90 cm

201.605 kr. ~~249.990 kr.~~

* Taxfree tilboðið gildir bara á sófum og jafngildir 19,35% afslætti.

Að sjálfsgöðu fær ríkissjóður virðisaukaskatt af söluverði. Afslátturinn er alfarið á kostnað Húsgagnahallarinnar og gildir til 29. apríl 2016



HÚSGAGNA
HÖLLIN

Notkun barna á svefnlyfjum hefur aukist síðustu ár

HEILBRIGÐISMÁL Ávisun svefnlyfja á börn hefur aukist mikið undanfarin ár og samkvæmt tölum Landlæknis má segja að frá 2008 til 2015 hafi orðið sprenging í ávisun svefnlyfja í aldursflokknum 10-14 ára. Svefnlyfið sem er ávísað er svo til eingöngu hormónið melatónín (Circadin).

Á árinu 2015 fengu 19 af hverjum 1.000 íslenskum stúlkum á aldrinum 10-14 ára ávísað svefnlyf að

minnsta kosti einu sinni, í Noregi var fjöldinn rúmlega 10 af 1.000 og í Svíþjóð 13 af 1.000. Stúlkur 10-14 ára sem nota svefnlyf eru því 83% fleiri hér á landi en í Noregi og 47% fleiri en í Svíþjóð.

Á árinu 2015 fékk 31 af hverjum 1.000 íslenskum drengjum á aldrinum 10-14 ára ávísað svefnlyf að minnsta kosti einu sinni, í Noregi var fjöldinn tæplega 17 af 1.000 og í

Svíþjóð 22 af 1.000. Notendur svefnlyfja meðal drengja 10-14 ára eru því 84% fleiri hér á landi en í Noregi og 37% fleiri en í Svíþjóð.

Ef ávisun svefnlyfja hjá þessum aldurshópi hér á landi er borin saman við Svíþjóð kemur í ljós að ávisun í dagskömmtum er þrisvar sinnum algengari fyrir drengi hér en í Svíþjóð. Hjá stúlkunum er munurinn á dagskömmtum um helmingur.

83%

fleiri stúlkur á aldrinum 10-14 ára nota svefnlyf hér en í Noregi.

Það eru því ekki einungis mun fleiri drengir sem fá lyfin ávísað heldur eru skammtar á hvert barn, og þá sér í lagi drengi, stærri hér á landi en í Svíþjóð.

Landlæknir segir þessa þróun hafa verið til skoðunar undanfarin ár hjá lyfjateymi embættisins en mörg þeirra barna sem taka svefnlyf eru jafnframt að taka örvandilýf við athyglisbresti með ofvirkni. – jhh

Karolina Fund hagnast um þrjár milljónir

VIÐSKIPTI Hagnaður hópþjármögnunarfyrirtækisins Karolina Fund nam 2,93 milljónum á síðasta ári. Um viðsnúning var að ræða en félagið tapaði 2 milljónum króna árið 2014. Heildareignir í árslok námu 2,2 milljónum, samanborið við 615.500 krónur árið áður. Eigið fé í árslok 2015 nam 309.544 krónum, en það var neikvætt um 2,6 milljónir í árslok 2014.

Skammtmaskuldir námu 1,9 milljónum króna í árslok 2015 og drógust saman milli ára.

Hlutfé í árslok 2015 var milljón. Stjórn félagsins leggur til að hagnaður verði færður til hækkunar á eigin fé. Innlendir hluthafar í árslok voru sjö og átti Ingi Rafn Sigurðsson framkvæmdastjóri stærstan hlut eða 44 prósent. – sg



Ingi Rafn Sigurðsson var framkvæmdastjóri Karolina Fund í árslok 2015.

Sjúklingar fá kannabis í lækningaskyni

DANMÖRK Dönsk stjórnvöld hafa samþykkt að 1.500 sjúklingar geti frá árinu 2018 fengið kannabis í lækningaskyni. En í stað þess að flytja kannabis inn frá til dæmis Hollandi eða Kanada vill nú meirihluti dönsku þingflokkanna að jurttin verði ræktuð í Danmörku.

Samtök lítilla eyja í Danmörku hafa sýnt áhuga á að fá að leggja til land fyrir ræktunina þar sem hún geti skapað atvinnu og bætt efna-hag á eyjunum. – ibs

Vilja stefna á að hætta notkun kolefniseldsneytis árið 2020

Loftslagsráðstefnunni í Marrakesh er lokið með skuldbindingum um frekari aðgerðir. Samtök þeirra ríkja sem berskjölduðust eru gagnvart hlýnun andrúmsloftsins ætla að vera í fararbroddi. Vinir jarðar telja að of skammt hafi verið gengið á ráðstefnunni. Útfærsla aðgerða í kjölfar Parísarsamkomulags sé ófullnægjandi.

MAROKKÓ Nærri fimmtíu ríki hafa sent frá sér yfirlýsingu í tengslum við loftslagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Marrakesh, um að þau ætli sér að hætta alfarið notkun kolefniseldsneytis.

Flest þessi ríki eru í hópi þeirra sem standa einna berskjölduðust gagnvart hlýnun jarðar. Þar á meðal eru litlar eyjar í Kyrrahafi og lönd á þurkasvæðum í Afríku.

Jafnframt hafa nærri 200 ríki, sem tóku þátt í loftslagsráðstefnunni í Marrakesh, sent frá sér yfirlýsingu þar sem segir að aðgerðir til að sporna gegn hlýnun jarðar séu komnar það langt á veg að ekki verði aftur snúið.

Loftslagsráðstefnunni í Marokkó, sem er sú 22. í röðinni, lauk í gær eftir tveggja vikna fundarhöld. Meginvinnan fór í að útfæra nánar samkomulagið frá Parísarráðstefnunni á síðasta ári, sem lauk með tímamótasamkomulagi þar sem aðildarríkin skuldbundu sig til aðgerða sem eiga helst að tryggja að hitastig hækkandi ekki um meira en tvær gráður.

„Andrúmsloftið okkar er að hlýna með ógnvekjandi hraða sem engin dæmi eru til um og okkur ber skylda til að bregðast hratt við,“ segir í yfirlýsingu ráðstefnunnar í Marrakesh. „Þegar við nú snúum okkur að framkvæmd og aðgerðum þá ítrekum við ásetning okkar um að hvetja til samstöðu, vonar og tækifæra fyrir kynslóðir samtímans og framtíðarinnar.“

Samtök ríkja, sem þykja einna



Salaheddine Mezouar, forseti loftslagsráðstefnunnar í Marrakesh, fagnar á blaðamannafundi ásamt framkvæmdastjóra og ritara ráðstefnunnar. NORDICPHOTOS/AFP

berskjölduðust gagnvart áhrifum hlýunar andrúmsloftsins, segjast síðan í yfirlýsingu sinni ætla að ganga í fararbroddi. Þau segjast strax árið 2020 verði þau búin að samþykka aðgerðaáætlun um að losa sig alveg við kolefniseldsneyti. Það markmið muni verða að veruleika sem allra fyrst, og ekki síðar en á árabílinu frá 2030 til 2050.

Ráðstefnan í Marrakesh hefur verið gagnrýnd fyrir að gengið sé of skammt. Útfærsla aðgerða sem ráðast á í eftir samþykkt Parísar-

samkomulagsins sé ekki nægjanlega góð.

„Það er enginn alvöru kraftur í þessu hjá samningafólkinu,“ segir Rita Uwaka frá samtökunum Vinir jarðar í frétt franska sjónvarpsins France24. „Þeir eru að gera sitt besta en við teljum að það dugi ekki.“

Undanfarið hefur Donald Trump, hinn nýkjörni forseti Bandaríkjanna, vakið ugg um að Bandaríkin muni ekki standa við skuldbindingar sínar samkvæmt Parísarsamkomulaginu. Hann hefur ítrekað

talað um að virða það samkomulag að vettugi.

Meðal þeirra sem hafa brugðist við þessum áformum Trumps er Nicolas Sarkozy, sem vonast til þess að verða forseti Frakklands á ný með vorinu.

Sarkozy sagðist um síðustu helgi ætla að leggja það til að Evrópuríki leggi sérstakan umhverfisskatt á bandarískar vörur, geri Trump alvöru úr því að draga Bandaríkin út úr Parísarsamkomulaginu. gudsteinn@frettabladid.is

Það er enginn alvöru kraftur í þessu hjá samningafólkinu. Þeir eru að gera sitt besta en við teljum að það dugi ekki.

Rita Uwaka, frá samtökunum Vinir jarðar

Andrúmsloftið okkar er að hlýna með ógnvekjandi hraða sem engin dæmi eru til um og okkur ber skylda til að bregðast hratt við.

Úr lokayfirlýsingu loftslagsráðstefnunnar í Marrakesh

Fleiri sveitarfélög hafna hækkunum

SVEITARSTJÓRNIR Enn bætist í hóp sveitarfélaga sem miða að einhverju leyti við þingfararkaup en ýmist ætla ekki að hækka greiðslur í samræmi við ákvörðun kjararáðs frá í lok október eða biða þess að Alþingi gripi í taumana.

Eins og kunnugt er ákvað kjararáð að hækka laun alþingismanna um nærri 45 prósent í lok síðasta mánaðar og hefur sú hækkun mælst illa fyrir í samfélaginu.

„Það hefur verið skipaður vinnuhópur til að fara yfir þessi mál og mun hann skila vinnu sinni fyrir næsta fund sveitarstjórnar þann 1. desember,“ segir Valtýr Valtýsson, sveitarstjóri Bláskógabyggðar. Þar er helmingur grunnlauna sveitarstjórnanna bundinn þingfararkaupi og er 3 prósent af þeirri upphæð. Hinn helmingur launanna er bundinn launavísitölu.

„Bygðarráð Sveitarfélagsins Skagafjarðar vísar því til sveitarstjórnar að hafna hækkun á launakjörum fulltrúa í stjórnun, ráðum og nefndum sveitarfélagsins, sem leiðir af 44 prósent hækkun þingfararkaups sem kjararáð úrskurðaði um þann 29. október,“ segir í bókun í Skagafirði.

Þær stjórn Sandgerðisbæjar hefur ekki tekið afstöðu til hækkunar á þingfararkaupi en væntanlega mun það gert innan skamms.

Sigríður Árnadóttir, bærarstjóri Sandgerðisbæjar



Það hefur verið skipaður vinnuhópur til að fara yfir þessi mál.

Valtýr Valtýsson, sveitarstjóri Bláskógabyggðar



„Ákveðið hefur verið að biða afgreiðslu Alþingis,“ segir Svanhildur Eiríksdóttir, verkefnastjóri upplýsinga- og kynningarmála hjá Reykjanesbæ, þar sem þókn-

anir kjörinna fulltrúa taka mið af þingfararkaupi eins og það var 1. nóvember í fyrra. Það þýðir að hvorki 7,5 prósent almenn hækkun sem kjararáð ákvað í júní á þessu ári né 44 prósent sérhækkun á þingfararkaupi frá því fyrir tveimur vikum hefur verið reiknuð inn í launin.

„Bærarstjórn Sandgerðisbæjar hefur ekki tekið afstöðu til hækkunar á þingfararkaupi en væntanlega mun það gert innan skamms,“ segir Sigríður Árnadóttir, bærarstjóri Sandgerðisbæjar, þar sem laun kjörinna fulltrúa í bærarstjórn og laun fulltrúa í nefndum sveitarfélagsins taka mið af þingfararkaupi.

Aðilar vinnumarkaðarins hafa gagnrýnt ákvörðun kjararáðs harðlega. Í sameiginlegri ályktun Samtaka atvinnulífsins og Viðskiptaráðs segir að ákvörðunin sé í engu samhengi við almenna þróun á vinnumarkaði, hvort sem horft sé til skemmi eða lengri tíma. „Standi ákvörðunin er vinnumarkaðurinn settur í fullkomið uppnám með tilheyrandi tjóni,“ segir í ályktuninni. – gar

Hitablásarar

MÚRBÚÐARVERÐ



Rafmagnshitablásari 2Kw 1 fasa

6.890



Rafmagnshitablásari 5Kw 3 fasa

12.830



Rafmagnshitablásari 2Kw

1.990



Rafmagnshitablásari 9Kw 3 fasa

17.990



25 metra rafmagnssnúra

5.490



Rafmagnshitablásari 15Kw 3 fasa

29.990

Kletthálsi Reykjavík
Reykjanesbæ



MÚRBÚÐIN

Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is



mazda

LANGUR VEGUR FRAMUNDAN. HÚRRA!



MAZDA CX-3

FJÓRHJÓLADRIFINN FRÁ 3.740.000 KR.
FRAMDRIFINN FRÁ 3.090.000 KR.

Fádæma veggrip, há sætisstaða ásamt glæsilegri innréttingu gera hverja ferð í Mazda CX-3 að upplifun fyrir skynfærin. i-ACTIV AWD fjórhjóladrifið límir bílinn við veginn og akstursgleðina er erfitt að útskýra en auðvelt að upplifa í reynsluakstri.

SkyActiv spartæknin og lág bilanatfðni Mazda tryggir sparneytni og lágan rekstrarkostnað. Margvíslegur i-ACTIVSENSE öryggisbúnaðurinn tryggir öryggi allra farþega og hjálpar ökumanni að greina og forðast aðsteðjandi hættur.

KOMDU, REYNSLUAKTU OG UPPLIFÐU MAZDA CX-3
mazda.is

Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga frá kl. 9-17 og laugardaga frá kl. 12-16
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7040 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050

Búnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.



Öruggur staður til að vera á

MARKAÐURINN

Þess vegna kaus millistéttin Trump

Margar efnahagslegar ástæður eru fyrir því að ómenntaðir hvítir meðlimir millistéttar Bandaríkjanna kusu Donald Trump. Hins vegar var meðalkjósandi hans ekki með lægri laun en meðal Bandaríkjamanna og hafði notið góðs af efnahagsstefnu Obama. Óvíst er að kjósendur úr millistéttinni muni njóta góðs af forsetatíð Trumps að mati hagfræðings. Verkamannastörfin koma líklega ekki til baka.

Sæunn
Gísladóttir
saeunn@frettabladid.is



EFNAHAGSMÁL Kjör Donalds Trump sem forseta Bandaríkjanna í síðustu viku veldur miklum usla og kom flestum töluvert á óvart. Margir hafa bent á að kjósendur Trumps hafi verið hvítir meðlimir millistéttarinnar, ósáttir og án háskólamenntunar, sem kusu Repúblíkana frekar en Demókrata. Rót þess vanda á rætur sínar að rekja til fjórutíu ára þróunar í Bandaríkjunum sem hér verður farið yfir. Vert er þó að nefna að Trump hefði ekki sigrað ef hvítir háskólamenntaðir meðlimir millistéttarinnar, sem hafa notið góðs af efnahagsþróun síðustu ára, hefðu ekki líka kosið hann.

Meðallaun lækka um 20%

Frá árunum 1975 til 2014 drógust meðallaun hvíttra karlmannna án háskólamenntunar saman um 20 prósent (sé tekið tillit til verðbólgu) samkvæmt tölum frá Center on Budget and Policy Priorities. Launin drógust saman um fjórtán prósent milli 2007 og 2014. Washington Post greinir frá því að í ljósi bættra efnahagskilyrða hafi launin hækkað um sex prósent á síðasta ári, hins vegar hafi það alls ekki dugað til til að endurvinnna launamissi frá því fyrir efnahagskreppuna. Könnun frá 2014 sýndi að þrátt fyrir að störfum hefði fjölgað á ný eftir kreppuna voru meðallaun þeirra 23 prósentum lægri en vegna fyrri starfa sem töpuðust.

Auðurinn færast til þeirra ríku

Auk launalækkunar hefur hópur í dreifbýli Bandaríkjanna upplifað að verksmiðjum, kolanámum og verslunum hafi verið lokað í hverfum þeirra. Nýjar atvinnugreinar spruttu upp á síðustu 40 árum í borgum þar sem þessi hópur bjó ekki og þeim störfum var haldið uppi af fólki með háskólagráður. Könnun frá 2014 sem gerð var fyrir US Conference of Mayors and the Council on Metro Economics and the New American City sýndi að á síðustu fjórutíu árum hefði auður færst enn frekar til þeirra ríku í samfélaginu.

Amerísk störf til Kína

Dreifbýlisbúar í Bandaríkjunum hrifust mjög af talanda Trumps þar



Oft hefur verið talað um að aðalstuðningshópur Trumps sé verkamannastétt Bandaríkjanna. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

2 milljónir starfa hafa flust frá Bandaríkjunum til Kína frá aldamótum.

» Könnun frá 2014 sýnir að á síðustu 40 árum hefur auður færst enn meir til ríkra Bandaríkjamanna.

sem hann sýndi andúð á NAFTA, fríverslunarsamningi Bandaríkjanna við Mexíkó og Kanada, sem og við aukin viðskipti við Kína frá aldamótum. En efnahagsrannsóknir benda til þess að sú aukning hafi kostað Bandaríkjamenn tvær milljónir starfa.

Sköðanakannanir CNN sýna að þessi hópur er ekki sá fátækasti í Bandaríkjunum en þetta sé sá hópur sem hafi hvað neikvæðustu sýn á framtíðarvelmegun sína.

Hópurinn er á móti fríverslun, treystir illa bönkum og stofnunum, en er á móti niðurskurði í velferðarmálum.

Háskólamenntaðir kusu Trump

Það er í raun merkilegra að Trump hafi náð til hvíttra menntaðra meðlima millistéttarinnar, frekar en til þeirra ómenntuðu sem hafa séð störf sín hverfa og launin lækka. Washington Post bendir á að sá hópur hafi hagnast af „nýja hagkerf-

inu“. Hann naut góðs af ódýrari innfluttum vörum og hærri launum en flestir aðrir hópar.

New Republic greinir frá því að Gallup-könnun frá því í ágúst sýndi að meðalstuðningsmaður Trumps hefði hvorki orðið fyrir skaða vegna erlendra viðskipta né vegna innflytjenda. Könnunin sýndi jafnframt að stærsti hluti fylgjenda hans væri hvorki með lægri meðallaun en aðrir Bandaríkjamenn né líklegri til að vera atvinnulaus.



Friðrik Már Baldursson, hagfræðingur.

Popúlísk efnahagsstefna hittir þá verst sem kjósa hana

„Ég leyfi mér að efast um það að millistéttarhópurinn sem kaus Trump muni uppskera mikið úr því. Það er þó enginn vafi á því að þeir sem eru í efri tekjuhópum munu uppskera því þeir fá skattalækkun sem verður þeim beint til góða.“ Þetta segir Friðrik Már Baldursson, prófessor í hagfræði við Háskólann í Reykjavík.

Lítið til lengri tíma bendir Friðrik Már á að sagan sýni að popúlísk efnahagsstefna hitti þá verst fyrir sem kjósa hana yfir sig, yfirleitt þá sem lakar standa í samfélaginu.

„Þetta er auðvitað nokkuð óljóst enn þá, hvernig efnahagsstefnan verður. En eitt af því sem verður örugglega gert fyrst er að lækka skatta. Trump er fyrst og fremst að tala um niðurfellingu á efstu skattþrepunum. Þeir sem eru í efsta eina prósentinu, þeir fá langsamlegast mest af þessu. Áætlað er að þeirra tekjur hækki um allt að fimmtán prósent, á meðan þeir sem eru í lægri tekjubílum fá nánast ekkert út úr þessu, þeir sem eru í miðri tekjudreifingunni fá mun minna en þeir í efstu,“ segir Friðrik Már.


Mikið hefur verið gert úr hag þeirra sem eru staðsettir á gömlu iðnaðarsvæðum Bandaríkjanna, í ryðbeltinu svokallaða, og hafa tapað störfum á síðustu árum. „Þetta fólk vonast til að fá störf sín til baka og að tekjur þess hækki. Iðnaðarframleiðsla í Bandaríkjunum hefur að einhverju leyti færst til Kína og Mexíkó og annarra landa, en hún er engu að síður í sögulegu hámarki núna.“

Það sem hefur gerst samhliða er gríðarleg framleiðni út af tækniþróun. Margur iðnaðurinn, eins og kolanám, er orðinn meira eða minna sjálfvirkur. Þannig að störfin koma ekki til baka nema að litlu leyti, meira að segja ef settur verður á verndartollur og verulega dregið úr innflutningi,“ segir Friðrik Már. „Það má frekar ætla að svona verndarstefna muni hafa neikvæð áhrif á lífskjör yfir heildina lítið.“

Hann segir að aldrei hafi verið brugðist við neikvæðri upplifun verkafólks í Bandaríkjunum af alþjóðavæðingunni. Önnur lönd eins og Danmörk hafi stutt fólk til endurmenntunar og þjálfunar til nýrra starfa. „Það er mjög erfitt að sjá að þessi stefna Trumps muni snúa þessari þróun við, þessari þróun sem hefur átt sér stað í tengslum við alþjóðavæðinguna ekki síst. Megnið af breytingunum hefur orðið vegna tæknivæðingar en ekki alþjóðavæðingar og því verður ekki snúið við.“

Raunárslaun hvíttra óháskólamenntaðra karla í dollurum frá 1975 til 2015

Heimild: CBPP



Trump lofaði endurreisn námu- og verksmiðjustarfa. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Afmælistilboð

Ótrúlegt en satt. Nú eru 40 ár liðin frá því að fyrirtækið flutti starfsemi sína í Austurveg og 60 ár frá stofnun þess.

Hjá okkur færð þú 50 tegundir af innleggjum og púðum inn í skó, 16 tegundir af mannbroddum ásamt einu mesta úrvali landsins af skóáburði, skóreimum og öllum mögulegum fylgihlutum fyrir skóna.



Fram að helgi gefum við **25% afmælisafslátt** af allri söluvöru í versluninni



Kíktu á heimasíðuna okkar
www.skovinnustofa.is og
www.facebook.com
/SkovinnustofaSigurbjorn

Háaleitisbraut 68, 103 Reykjavík s. 553 3980



RENAULT
Passion for life

NÝR RENAULT MEGANE SPORT TOURER

SPARNEYTINN FJÖLSKYLDUBÍLL



ENNEEM / SIA / NM78219

RENAULT MEGANE SPORT TOURER

DÍSIL, SJÁLFSKIPTUR/DUAL CLUTCH,
ELDSNEYTISNOTKUN FRÁ 3,7 L/100 KM*

Allir nýir Megane Sport Tourer eru búnir 16" álfelgum, regnskynjara fyrir rúðuburrkur og akreina vara auk þess sem í öllum bílunum er R-Link búnaður með íslenskum leiðsögubúnaði, 7" snertiskjá og Bluetooth handfrjálsum símabúnaði.

VERÐ: 3.790.000 KR.



„ÞÚ TANKAR SJALDNAR
Á RENAULT“

OPIÐ Í DAG FRÁ 12–16

GE bílar
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bilaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is



*Málaváttun er gefin til staðar í samhengi við kaup á bíl. Þessi gæði eru til staðar í öllum bílunum.

Kvótinn steytti á skeri



Kristín Þorsteinsdóttir
kristin@frettabladid.is

Saðan í pólitíkinni er flókin. Bjarna Benediktssyni tókst ekki að mynda ríkisstjórn með nýstofnuðu bandalagi Viðreisnar og Bjartrar framtíðar. Katrín Jakobsdóttir hefur því stjórnarmyndunarumboðið, og virðist hún ætla að reyna að mynda fimm flokka ríkisstjórn frá vinstri að miðju.

Formönnum Sjálfstæðisflokks, Bjartrar framtíðar og Viðreisnar ber saman um að sjávarútvegsmálin hafi verið meginástæða þess að upp úr slitnaði. Þeir eru sammála um að sneiða hefði mátt hjá stóra ásteytingarsteininum – Evrópumálunum.

Sjálfstæðisflokkurinn lagði áherslu á að varðveita fiskveiðistjórnunarkerfið í núverandi mynd. Viðreisn og Björt framtíð vildu breytingar, þótt ekki liggi nákvæmlega fyrir hvað í því felst. Við vitum því ekki hvort átti hreinlega að umturna kerfinu með svokölluðum „markaðslausnum“ eða hvort um var að ræða hófsamar breytingar. Allavega birtist þarna hnútur vegna kvótans.

Hvað sem því líður virðist Sjálfstæðisflokkurinn tilbúinn að hætta á að dæma sig til áhrifaleysis næstu árin frekar en að gera breytingar á kvótakerfinu. Vafalaust lesa þeir stöðuna þannig að jafnvel þótt Katrín Jakobsdóttir takist að mynda fimm flokka stjórn sé ólíklegt að hún nái að hreyfa við stórum málum. Allt eins líklegt sé að hún verði skammlíf og að skemmra gæti því verið til kosninga en menn grunar á þessari stundu.

Sjálfstæðisflokknum gæti orðið hált á þessu stöðumati. Síðast þegar fimm flokka stjórn var við völd undir forystu Steingríms Hermannssonar lauk hún kjörtímabilinu. Stóru flokkarnir þeir, Framsókn, Alþýðuflokkur og Alþýðubandalag, sem í henni sátu komu þrýðilega út úr kosningum. Stjórnin þótti koma miklu í verk, og hefur fengið þrýðileg eftirmæli.

En gefum okkur að stöðugreining Sjálfstæðisflokksins sé rétt. Það styrkir hana að fulltrúar rötgrónu flokkanna virðast vantrestasta Pírötum. Gæti því verið að áður en langt um líður standi Katrín og Bjarni frammi fyrir einföldu vali? Annaðhvort taki þau höndum saman og myndi ríkisstjórn, þá sennilega með stuðningi Framsóknar, eða að boðað verði aftur til kosninga?

Miðað við það sem á undan er gengið, og þá staðreynd að sjávarútvegsmálin hafa komið í veg fyrir að hægt sé að mynda starfhæfa ríkisstjórn, er þá óvarlegt að gera þá kröfu að framtíðarskipan sjávarútvegsmála yrði aðalkosningamálið í slíkum kosningum? Þá yrði að gera þá kröfu til flokkanna að þeir kæmu undirbúnir til leiks og skýrðu fyrir kjósendum hvernig þeir sæju framtíðarskipan þessarar stærstu auðlindar þjóðarinnar.

Kannski væri það ekki svo slæm útkoma – gæti verið til þess fallin að skapa einhvers konar sátt til frambúðar um þessa dýrmætu atvinnugrein.



Þá yrði að gera þá kröfu til flokkanna að þeir kæmu undirbúnir til leiks og skýrðu fyrir kjósendum hvernig þeir sæju framtíðarskipan þessarar stærstu auðlindar þjóðarinnar.

Gunnar



Mín skoðun Sif Sigmarsdóttir



Mannleg samkennd er ofmetin

Föstudagurinn 14. desember 2012. Morgunn. Hinn tvtugti Adam Lanza stendur yfir rúmi móður sinnar. Hann mundar rifill og skýtur hana fjórum sinnum í höfuðið. Adam ekur að nærliggjandi barnaskóla. Klukkan er 9:35. Hann brýst inn í skólann og hefur skothrið. Tuttugu börn á aldrinum sex til sjö ára látast ásamt sex starfsmönnum. Adam sviptir sig lífi.

Grimmileg mismunur

Fjöldi fræðimanna á sviði taugavísinda og sálfræði rannsakar nú mannlega samkennd. Virðast flestir þeirrar skoðunar að hæfni okkar til að finna til með öðrum liggi til grundvallar getu okkar til að vera góð og hjálpa þeim sem eiga um sárt að binda. Því meiri samkennd, því betri heimur. En er það endilega svo?

Paul Bloom, prófessor við Yale háskóla, færir rök fyrir því í nýrri bók að málum sé öfugt farið. Samkennd sé ekki undirstaða manngæsku heldur uppspretta grimmilegrar mismununar.

Bloom segir viðbrögðin við fjöldamórðinu í Sandy Hook grunnskólanum í smábænum Newtown í Connecticut árið 2012 lýsandi dæmi. Gjöfum rigndi yfir íbúana í kjölfar harmleiksins. Átta hundruð sjálfbóðaliðar unnu að því baki brotnu að taka á móti leikföngum og peningagjöfum sem héldu áfram að berast bænum þrátt fyrir að yfirvöld bæðu fólk um að beina örlæti sínu annað.

Án þess að eftir sé tekið

Um sextíu fjöldaskotarársir í anda þeirrar í Sandy Hook grunnskólanum hafa orðið í Bandaríkjunum síðustu þrjátíu ár. Förmálmörðin eru rúmlega fimm hundruð. Af öllum mórðum sem framin eru í Bandaríkjunum verður 0,1 prósent rakið til fjöldaskotarása. Árið 2005 gekk fellibylurinn Katrín yfir suðausturströnd Bandaríkjanna með miklu mannfalli. Fólk um víða veröld lagði sitt af mörkum, gaf af tíma sínum, fé og jafnvel blóð. En á hverjum einasta degi ársins – án þess að eftir sé tekið – látast tíu sinnum fleiri af völdum fyrirbyggjanlegra sjúkdóma í heiminum en af völdum Katrínar; þrettán sinnum fleiri látast úr vannæringu.

Rétt eins og mannseyrað hættir að heyrja stöðugan dyn bilaumferðar hættum við smám saman að skynja þjáningar sem eru linnulausar. Eins og 99,9 prósent morða í Bandaríkjunum, hungursneyð í Afríku.

Tár og mannlíf

Nærri hálf milljón barna í fjórum ríkjum í Vestur- og Mið-Afríku er í lífshættu vegna vannæringar. Í norðausturhluta Nígeríu er talið að 75.000 börn muni deyja ef ekkert er að gert.

Nýjustu rannsóknir sýna að mannleg samkennd er alvarlegum takmörkunum háð. Við eigum auðvelt með að finna til með þeim sem líkjast okkur, síður þeim sem eru ólíkir. Við eigum auðvelt með að finna til með ákveðnum einstaklingi, síður stórum hópum.


Hagfræðingurinn Thomas Schelling fangaði kjarna vandans fyrir hálfri öld: „Vanti sex ára stúlku með dökkt hár þúsundir dollara fyrir aðgerð sem lengir líf hennar fram að júlum færa peningagjafir pósthúsið í kaf. En fréttist að með brottfalli söluskatts muni aðbúnaður á spítölum í Massachussetts-ríki versna og dauðsföllum fjölga lítilla mun enginn svo mikið sem fella tár, hvað þá taka fram ávísanaheftið.“

UNICEF á Íslandi stendur nú fyrir neyðarsöfnun til styrktar vannærdum börnum í Afríku. Kynning á áttinu er nokkuð óvenjuleg. Í stað þess að höfða til samkenndar okkar með klassískum ljósmyndum af veikburða börnum er slagorð áttaksins „ekki horfa“. Samkennd okkar er hlutdræg. Engin leið er að finna jafnstærkt til með þúsundum ókunnugra og sínum nánustu. Paul Bloom leggur því til að við látum rökhyggju en ekki tilfinningar ráða för er við reynum að breyta rétt gagnvart náunganum.


Við þurfum ekki að horfa, klökkna yfir mynd eftir mynd á samfélagsmiðlum af hörmungum veraldarinnar uns við höfum ekki lengur kraft til að standa upp og kaupa í kvöldmatinn. Tár okkar munu ekki bjarga einu einasta sveltandi barni. En upplýst afstaða um að hjálpar sé þörf getur hins vegar gert kraftaverk. Hægt er að styrkja neyðarhjálp UNICEF um 1.000 krónur með því að senda sms-ið BARN í númerið 1900.

Við sérhæfum okkur í Háræðaslitsmeðferðum

Góður árangur – Gott verð





Þjóðum einnig árangursríka húðslípimeðferð



Hraunbæ 102 • Reykjavík • S. 893 0098 • snyrtistofanhafblik@gmail.com

AFLAUSN EFTIR YRSU SIGURÐARDÓTTUR

FÖGNUM MEÐ YRSU!



Aflausn eftir Yrsu Sigurðardóttur er mögnuð glæpasaga úr Reykjavík nútímans. Skuggaleg atburðarás, átakanleg örlög og frábær flétta.

ÚTGÁFUFAGNAÐUR!

YRSA ÁRITAR OG KYNNIR AFLAUSN Á SVÆÐI VERALDAR Á BÓKAMESSUNNI Í HÖRPU Í DAG KL. 14.00.

ALLIR VELKOMNIR!

VERÖLD



Þær eru að selja póstkort af hengingunni

Um réttinn til þess að lifa áfram, þegar því verði við komið og takmarkanir á réttinum til þess að vita ekki.



Kári Stefánsson
forstjóri
Íslenskrar erfða-
greiningar

Það er erfitt að fela flest í heimi nútíma tölvutækni nema ef vera skyldi illan vilja og saurugar hugsanir, þótt það reynist líka á stundum breyskum manningum um megn. Ef upplýsingar eru til einhvers staðar á tölvu er fátt sem getur komið í veg fyrir að tæknisnjallir þrjútar komist yfir þær. Þess vegna höfum við lög sem setja skorður við skráningu persónuupplýsinga. Við viljum verja friðhelgi um einkalíf fólks.

Lögin byggja að miklu leyti á tilskipun Evrópusambandsins og framkvæmd þeirra er í höndum stofnunar sem heitir Persónuvernd. Ákvörðunum Persónuverndar verður ekki áfrýjað innan kerfisins og stofnunin er óháð pólitísku valdi. Hlutverk Persónuverndar er flókið og vald stofnunarinnar er mikið, vegna þess að flest af því sem við aðhöfumst í daglegu lífi er skráð í tölvu og hefur tilhneigingu til þess að geymast einhvers staðar. Þessi tölvuskráning atferlis er forsenda ýmislegs sem við litum á sem sjálf-sögd þægindi í dag, en rúllugaldið sem við borgum er sá möguleiki að upplýsingar um okkur séu nýttar bara einhvern veginn, til dæmis í annarlegum tilgangi. Það er því ljóst að ákvarðanir Persónuverndar hafa mikil áhrif og víða og sýnist sitt hverjum um það hversu vel stofnunin hafi höndlað valdið mikla sem henni er fengið að lögum. Eitt er víst að mikið og óskorað vald í höndum búrókratea hefur tilhneigingu til þess að vera erfitt viðureignar og handhafar þess lenda gjarnan í því að vera hvort tveggja í senn, ógnvekjandi og hlægilegir.

Nýleg birtingarmynd þessa er í grein eftir forstjóra og stjórnarformann Persónuverndar í Fréttablaðinu á þriðjudaginn í síðustu viku, sem fjallar um réttinn til að vita og vita ekki um stökkbreytingu í BRCA2 erfðavísunum sem eykur mjög líkur á krabbameinum. Þar stíga lögfræðingarnir lærdu út fyrir sérsvið sitt og láta eins og utan þess nægi brjóstvitid eitt saman, þeir þurfi ekki einu sinni að afla sér gagna um málið. Ég finn mig knúinn til þess að gera eftirfarandi athugasemdir við málflytningu þeirra:

1. Í upphafi greinarinnar staðhæfa þær að Íslensk erfðagreining telji að það sé brynt að afletta dulkóðun á upplýsingum um stökkbreytingu sem aukli líkur á krabbameinum. Það má meira að segja lesa það milli línanna að Íslensk erfðagreining eigi hagsmuna að gæta í því að þetta sé gert. Þetta er alrangt. Íslensk erfðagreining hefur aldrei mynd- að sér skoðun á þessu máli og aldrei tjáð sig um það. Það stríðir beinlínis gegn hagsmunum fyrir-tækisins að upplýsingar sem það býr að yrðu notaðar til þess að finna arfberana.

Íslensk erfðagreining er fyrirtæki sem vinnur að rannsóknum á tengslum milli fjölbreytileika í röðum niturbasa í erfðamengi mannsins og mannlegs fjölbreytileika og á töluvert undir því að það ríki friður um þá vinnu. Að þeim friði gæti stöðjað hætta af því að upplýsingar sem fyrirtækið aflaði til rannsókna yrðu notaðar í allt öðrum tilgangi. Það er því óheppilegt að forstjóri og stjórnarformaður Persónuverndar skuli herma þessa skoðun og þennan vilja upp á aðila sem sækir jafnmikið til Persónuverndar og Íslensk erfðagreining hefur gert í tuttugu ár.

Ég, Kári Stefánsson, forstjóri Íslenskrar erfðagreiningar, hef hins vegar oft tjáð mig um mikilvægi þess að upplýsingar sem aflað var af Íslenskrar erfðagreiningu í rannsóknarskyni yrðu afköðaðar og notaðar til þess að finna arfberana, í þeim tilgangi að bjarga lífi þeirra. Það sem meira er, ég hef haldið því fram að það sé ómannúðlegt að gera þetta ekki. Með þessu hef ég klárlega gengið gegn hagsmunum fyrirtækis, sem ég stofnaði fyrir 20 árum og þykir býsna vænt um. Það er í sjálfu sér ekkert óeðlilegt eða óvanalegt við það. Ég held að við séum flest sammála um að þegar verkefnið er að bjarga fólki úr bráðri lífshættu séu hagsmunir fyrirtækja hjóm eitt, sem er auðvelt að kasta fyrir róða.

2. Lögfræðingarnir segja að staðhæfingarnar sem þær herma upp á Íslenska erfðagreiningu en eru mínar „feli í sér nokkra einföldun“. Nú skulum við skoða hvað það er sem þeim finnst einföldun: Konur sem bera íslensku stökkbreytinguna í BRCA2 eru með 72% líkur á því að fá brjóstakrabbamein og 86% líkur á því að fá eitthvert krabbamein, illvígt. Þær lifa að meðaltali 12 árum skemur en konur sem bera ekki stökkbreytinguna og eru

þrisvar sinnum líklegri til þess að deyja fyrir sjötugt. Þar sem stökkbreytingin verður ekki gegn öðrum sjúkdómum er líklegt að nokkur hluti þeirra 14% arfbera sem fá ekki krabbamein hefðu fengið það ef þær hefðu ekki dáið af öðrum sökum. Það er því varla djúpt í árinna tekið að segja að lífi arfberanna stafi bráð hætta af stökkbreytingunni. Það er hægt að minnka þá hættu á ýmsan máta og koma með því í veg fyrir að arfberarnir deyi af hennar sökum fyrir aldur fram. Það er til dæmis hægt að minnka hættuna á brjóstakrabbameini úr 72% í 5% með fyrirbyggjandi brjóstnámi. Þess vegna hef ég haldið því fram að það sé svo mikilvægt að finna arfberana að okkur beri að nota til þess öll tiltæk ráð, meðal annars afköðun upplýsinga sem var aflað til vísindarannsókna, sem er ætlað að varpa ljósi á eðli hópsins en ekki áhættu einstakra þátttakenda. Þeim finnst þetta vera einföldun vegna þess að arfberarnir hafi rétt á því að vita ekki um stökkbreytinguna og hann beri að virða.

Skoðun mín á þessu máli byggir ekki á skorti á virðingu fyrir réttinum til þess að vita ekki, sem ég held að sé mikilvægur á köflum, heldur einfaldlega á þeirri staðreynd að þegar hann stangast á við réttinn til lífs hljóti hann að vika. Það ber að hafa í huga að sú ákvörðun arfbera að vilja ekki vita um stökkbreytinguna væri nokkurs konar jafngildi sjálfsvígs, sem er athöfn sem samfélag okkar leggur ekki blessun sína yfir. Það má því segja að þegar sjálf-ákvörðunarréttur einstaklingsins og réttur hans til lífs rekast á sé það vilji samfélagsins að sjálfsvíðunarrétturinn víki, í það minnsta þegar einstaklingurinn vill binda enda á líf sitt.

3. Þær benda á að rétturinn til friðhelgi um einkalíf sé bundinn í stjórnarskrá og gefa í skyn að þess vegna væri vafasamt að bjarga lífi arfberanna án þess að þeir bæðu um það. Þessi afstaða stangast á við hefð í íslensku samfélagi þar sem við erum sífellt að reyna að bjarga lífi fólks án þess að það biðji sérstaklega um það: við reynum að bjarga ósyndum sem dettur í höfnina, við leitum að rjúpnaskyttum sem villast upp á heidi og við upplýsum fólk sem býr við snjóflóðahættu og flytjum það jafnvel nauðungarflutningi. Allt gerum við þetta án þess að láta okkur detta í hug að við þurfum upplýst samþykki



Þá vitum við það. Það er akkúrat þarna sem þær hætta að vera ógnvekjandi í greininni sinni og verða hlægilegar. Við eigum að hemja stökkbreyttan erfðavísi með orðum. En kannski er þetta alls ekki fyndið vegna þess að þetta er ákall um að við höldum áfram að blaðra á meðan fleiri og fleiri konur fá krabbamein sem þær enda á að deyja af frá börnum og buru.

fólks fyrir tilraunum okkar til þess að bjarga lífi þess. Það er nefnilega hefð fyrir því í íslensku samfélagi að líta svo á að þótt friðhelgi um einkalíf fólks sé mikilvæg sé hún ekki eins mikilvæg og lífið sjálft. Þess vegna fórnum við stundum því fyrra til þess að bjarga því seinna.

4. Lögfræðingarnir tveir telja sig umkomna þess að segja lesendum sínum hverjar skyldur heilbrigðiskerfisins séu þegar kemur að erfðasjúkdómum: „að veita þeim bestu mögulegu þjónustu sem kjósa að leita upplýsinga...“ Það letur þær greinilega ekki til verksins að hvorug þeirra hefur sérþekkingu á sviði heilbrigðisþjónustu eða erfðasjúkdóma. Þær geta hins vegar í krafti þess valds sem Persónuvernd hefur lögum samkvæmt reynt að takmarka getu heilbrigðiskerfisins til þess að bjarga mannlífum. Hlutverk heilbrigðiskerfisins er hins vegar að líkna, lækna og fyrirbyggja, hvort sem um er að ræða erfðasjúkdóma eða aðrar meinsemdir og það er hefð fyrir því að það seilist töluvert inn í líf fólks til þess að ná þeim markmiðum.

5. Lögfræðingarnir tveir enda grein sína á því að segja okkur hvað þurfi til þess að vernda líf arfberanna: „Því markmiði að vernda líf og heilsu arfbera alvarlegra sjúkdóma verður best náð með opinskárrum umræðu um valkosti sem eru til staðar.“ Þá vitum við

það. Það er akkúrat þarna sem þær hætta að vera ógnvekjandi í greininni sinni og verða hlægilegar. Við eigum að hemja stökkbreyttan erfðavísi með orðum. En kannski er þetta alls ekki fyndið vegna þess að þetta er ákall um að við höldum áfram að blaðra á meðan fleiri og fleiri konur fá krabbamein sem þær enda á að deyja af frá börnum og buru.

Það hafa verið miklar og opinskáar umræður um þetta mál í mörg ár af hálfu Krabbameinsfélagsins, Siðfræðistofnunar, Læknadeildar, sjúklingasamtaka, heilbrigðismálaráðuneytisins og fleiri aðila. Þessar umræður hafa ekki bjargað einu einasta lífi vegna þess að þótt allt verði af orðum fyrst þarf meira til. Það er kominn tími til þess að blása til herferðar og það verður ekki gert með því að gefa þeim sem vilja tækifæri til þess að komast að því hvort þeir séu með stökkbreytinguna. Reynslan sýnir að þannig næst ekki nema í lítinn hluta þeirra sem eru í hættu. Við verðum að leggja land undir fót og finna arfberana og bjarga þeim. Þetta eru mæður okkar og systur, konurnar okkar og dætur. Þær eiga það skilið að við förðum þeim undan því banvæna snjóflóði sem stökkbreytingin í BRCA2 er, þótt í einstaka tilfalli krefjist það nauðungarflutnings. Ég er hins vegar nokkuð viss um að það hefur ekki verið ein einasta kona á Íslandi með krabbamein að biða dauða síns af völdum stökkbreytingar í BRCA2 sem hefði ekki viljað vita af henni fyrir og bregðast við til þess að bjarga sér og sinum.

Hlutverk Persónuverndar er að framfylgja lögum sem voru sett til þess að hlúa að friðhelgi um einkalíf fólks og á þann hátt gera líf þessa sama fólks almennt betra. Friðhelgi um einkalíf fólks er ekki markmið í sjálfu sér heldur eitt af fjölmörgum tækjum sem við notum til þess að gera líf fólks betra. Það er því hámark búrókratísku hroka þegar þeir hirðar sem við höfum fengið til þess að gæta friðhelginnar leggjast í viking til þess að reyna að sannfæra þjóðina um að það sé rétt að fórn þeim lífum sem friðhelgi um einkalíf átti að bæta, fyrir friðhelgi um einkalíf.

Ég hef það einhvern veginn á tilfinningunni að lögfræðingarnir tveir, forstjóri og stjórnarformaður Persónuverndar, hafi villst inn í söng nokkurn um fánaleikann eftir Bob Dylan sem heitir Hverfi einmanaleikans (Desolation Row) og næst fréttum við að þær séu farnar að mála vegabréfin okkar brún.

Kjarni máls



Erling Freyr Guðmundsson
framkvæmdastjóri Gagnaveitu Reykjavíkur

Eftir talsvert tilhlaup, þar sem hann endurnýtti eldgamlar rangfærslur um fjárhag Gagnaveitu Reykjavíkur, tókst forstjóra Simans að komast að kjarna málsins í grein hér í blaðinu 17. nóvember. Gagnaveita Reykjavíkur fagnar allri samkeppni og ánægjulegt að sjá Simann gangast að því að ljósleiðari alla leið sé loksins þeirra framtíðarkerfi.

Áður en lengra er haldið, skal því haldið til haga að Gagnaveita Reykjavíkur er dótturfélag OR. Það er að fullu fjármagnað á eigin vegum og skilar góðri framlegð sem

endar í fjárfestingum í innviðum Ljósleiðarans og því til hagsbóta fyrir neytendur.

Eftir tilhlaupið beindi forstjóri Simans sjónum að tveimur ágreiningsefnum sem nú eru í deiglu. Annars vegar um það hvort Siminn eigi að geta keypt sér drýgri aðgang að Ljósleiðaranum en önnur fjarskiptafyrirtæki, en við höfum metið áform Simans sem svo að þau ögni þeirri samkeppni, sem hefur byggst upp á því opna og öflugra gagnaflutningsneti sem Ljósleiðarinn er og það teljum við ekki í almannahag.

Hitt álitamálið er hvort fjarskiptafyrirtæki sem eru í samkeppni við Simann megi dreifa sjónvarpsefni frá Símanum með sama hætti og Síminn gerir sjálfur. Í því sambandi getum við imyndað okkur hvort nokkur væri sáttur við það ef Netflix, svo dæmi sé tekið um nýlega sjónvarpsþjónustu,



Internetið er í eðli sínu opinn vettvangur og við Ljósleiðarafólk leggjum okkar af mörkum að svo verði áfram. Það gerum með því að auðvelda sem flestum fjarskiptafyrirtækjum að keppa um hylli viðskiptavina á jafnréttisgrunni. Út á það gengur Ljósleiðarinn.

væri eingöngu dreift í tölvu með IP-tölur sem eitt tiltekið fjarskiptafyrirtæki hefði ráðstafað til sinna viðskiptavina. Svoleiðis viðskiptahættir stríða gegn svo mörgu í okkar gildum og viðhorfum.

Stundar útilokun á þjónustu

Síminn stundar útilokun á þjónustu, sem hefur hingað til á flestum stöðum í heiminum verið öllum opin. Þetta er eins og ef einhver bílasali myndi kaupa sér útvarpsrás og svo takmarka hana við notkun í ákveðinni bílategund. Þú fengir bara K100 útvarpsstöðina í þá bílategund sem hann selur sjálfur.

Þrátt fyrir að við eigum ekki eftir að tengja nema eftir 12% heimila í þeim sveitarfélögum sem við höfum skuldbundið okkur til að tengja, þá erum við að fá fjölda fyrirspurna daglega þar sem fólk óskar þess að fá sin heimili tengd gæðasambandi Ljósleiðarans alla leið.

Internetið er í eðli sínu opinn vettvangur og við Ljósleiðarafólk leggjum okkar af mörkum að svo verði áfram. Það gerum með því að auðvelda sem flestum fjarskiptafyrirtækjum að keppa um hylli við-

skiptavina á jafnréttisgrunni. Út á það gengur Ljósleiðarinn.


Forveri Símans hafði um áratugaskeið einokunarstöðu í fjarskiptarekstri og byggði í skjóli þeirrar stöðu upp víðfeðmt og öflugt fjarskiptakerfi. Hefði Síminn ekki fengið samkeppni í uppbyggingu innviða, gæti Míla verið í einokunarstöðu og skelfilegt væri að hugsa til stöðu hraðra netsambanda og samkeppnisumhverfis fjarskipta á Íslandi.

Þau heimili sem tengjast okkar neti eiga að geta valið internet frá hverjum sem er, notað grunninnviði frá hverjum sem er og geta horft á það sjónvarpsefni sem er í boði hverju sinni. Það er ekki eðlileg þróun að fjarskipta- og fjölmiðlaveita geti stjórnað hvar þú kaupir innviðþjónustu með því að kaupa t.d. ólínulegt sjónvarpsefni sem aðeins er í boði ef þú kaupir innviði frá viðkomandi fyrirtæki.



LÁTTU MILLJÓNIRNAR LÝSA UPP SKAMMDEGIÐ

FYRSTI VINNINGUR STEFNIR Í ÞRJÁTÍU OG ÞRJÁR MILLJÓNIR




ÍSLENSK GETSPÁ
Engjavegi 6, 104 Reykjavík
Sími 580 2500 | www.lotto.is



Íslensk getspá er í eigu Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands, Öryrkjabandalagsins og Ungmennafélags Íslands.

Íþróttamaður ársins byrjaði Íslandsmótið með stæl



Af stað Eygló Ósk Gústafsdóttir leggur hér af stað í 200 metra baksundinu í gær þar sem hún vann öruggan sigur. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Nýjast

Domino's-deild karla í körfu

Stjarnan - Tindastóll 83-91

Stjarnan: Justin Shouse 29, Tómas Heiðar Tómasson 18, Hlynur Elias Bæringsson 13/14 fráköst/5 stoðsendingar, Devon Austin 10, Marvin Valdimarsson 6, Arnþór Freyr Guðmundsson 5, Ágúst Angantýsson 2/8 fráköst.

Tindastóll: Antonio Hester 28/13 fráköst, Christopher Caird 22, Pétur Rúnar Birgisson 20/11 stoðsendingar/5 stolnir, Björgvin Hafþór Ríkharrósson 8, Pálmi Geir Jónsson 5, Helgi Rafn Viggósson 3, Helgi Freyr Margeirsson 3.

Þór Ak. - Þór Þ. 80-69

Þór Ak.: George Beamon 22/10 fráköst, Darrel Keith Lewis 18/12 fráköst, Danero Thomas 14/9 fráköst, Tryggvi Snær Hlinason 9, Ingvi Rafn Ingvarsson 7, Ragnar Helgi Friðriksson 6.

Þór Þ.: Tobin Carberry 23, Maciej Stanislaw Baginski 11, Emil Karel Einarsson 10, Ólafur Helgi Jónsson 8, Grétar Ingi Erlendsson 7.

Keflavík - Grindavík 96-102

Keflavík: Amin Khalil Stevens 41/13 fráköst, Guðmundur Jónsson 15, Reggie Dupree 12, Magnús Már Traustason 8, Daði Lár Jónsson 7, Andrés Kristleifsson 5, Davíð Páll Hermannsson 4, Arnór Ingi Ingvarsson 2, Ágúst Orrason 2.

Grindavík: Ólafur Ólafsson 25, Þorleifur Ólafsson 18, Þorsteinn Finnbogason 15, Lewis Clinch Jr. 13/9 fráköst/8 stoðsendingar, Dagur Kár Jónsson 13, Ómar Örn Sævarsson 8.

Efri	Neðri	
Stjarnan	12	Keflavík 6
KR	12	Njarðvík 6
Tindastóll	10	Þór Ak. 6
Grindavík	10	Haukar 4
Þór Þ.	8	ÍR 4
Skallagrímur	6	Snæfell 0

HÓLMFRÍÐUR SNÝR HEIM

Kvennalið KR heldur áfram að safna liði fyrir næsta sumar og nú hefur landsliðskonan Hólmfríður Magnúsdóttir samið við sitt uppeldisfélag.

Á heimasíðu KR er sagt að Hólmfríður muni skrifa undir tveggja ára samning við KR.

Hún er þriðji atvinnumaðurinn sem semur við KR í vikunni en í upphafi vikunnar sömdu þær Katrín Ómarsdóttir og Þórunn Helga Jónsdóttir við KR. Það er því ljóst að KR ætlar sér stóra hluti í kvemboltanum á nýjan leik.

Hólmfríður spilaði 129 leiki fyrir meistara-flokk KR frá 2000-2008 og skoraði í þeim 109 mörk.

Hún varð Íslandsmeistari með félaginu 2002 og 2003.



Sjónvarpið um helgina

Laugardagur:		
08.00 DP World Tour	Golfstöðin	
12.00 Man. Utd - Arsenal	Sport	
14.25 Augsburg - Hertha	Sport 3	
14.50 Southampton - Liverpool	Sport	
15.10 Barcelona - Malaga	Sport 2	
17.15 Palace - Man. City	Sport 3	
17.20 Tottenham - West Ham	Sport	
17.30 Dortmund - Bayern	Sport 2	
18.30 RSM Classic	Golfstöðin	
18.55 Everton - Swansea	Sport 3	
19.00 CME Group Tour	Sport 4	
19.30 Watford - Leicester	Sport	
19.40 Atletico - Real	Sport 2	
20.35 Stoke - Bournem.	Sport 3	
21.45 Sunderland - Hull	Sport 2	
02.00 Kovalev - Ward	Sport	

Sunnudagur		
07.30 DP World Tour	Golfstöðin	
13.10 Leeds - Newcastle	Sport	
15.50 Boro - Chelsea	Sport	
18.00 CME Group Tour	Sport 4	
18.30 RSM Classic	Golfstöðin	
21.20 Seattle - Philadelph.	Sport	

Þrjú aðalréttir á boðstólum

Stórleikir fara fram í sterkustu deildum Evrópu í dag. Í ensku úrvalsdeildinni mætast Man. United og Arsenal, í þeirri þýsku Dortmund og Bayern München og þeirri spænsku Atlético og Real Madrid.

FÓTBOLTI Arsene Wenger mætir með Skyttarnar sínar á Old Trafford í dag. Arsenal hefur ekki sótt gull í greipar United-manna á Old Trafford undanfarin ár en síðasti sigur liðsins á þessum velli kom 17. september 2006. Emmanuel Adebayor skoraði þá eina mark leiksins.

Arsenal er með 24 stig í 4. sæti deildarinnar en með sigri fara Skyttarnar á toppinn, a.m.k. tímabundið. Leikur Arsenal og Man Utd fer fram í hádeginu en klukkan þrjú hefst leikur Southampton og toppliðs Liverpool. Man. Utd er í 6. sæti deildarinnar með 18 stig og þarf nauðsynlega á sigri að halda til að halda í við toppliðin.

Dortmund í eltingarleik

Ólíkt síðustu árum eru það ekki Bayern München og Dortmund sem hafa verið í aðalhlutverki í þýsku deildinni það sem af er tímabili. Nýliðar Red Bull Leipzig og Hoffenheim, undir stjórn hins 29 ára Julians Nagelsmann, hafa stolið senunni í vetur.

Þrátt fyrir það hefur Bayern farið vel af stað undir stjórn Carlos Ancelotti og er ósigrað eftir fyrstu tíu umferðirnar í þýsku deildinni. Meistararnir hafa þó aðeins hikað að undanfögnu og gert þrjú jafntefli í síðustu fimm leikjum sínum.

Gengi Dortmund er hins vegar langt undir væntingum. Hið skemmtilega lið Thomas Tuchel hefur aðeins náð í 18 stig í fyrstu tíu umferðunum og má ekki við því að tapa fleiri stigum í toppbaráttunni. Sigur á Bayern á heimavelli yrði kærkominn og myndi senda sterk skilaboð.

»» **Arsene Wenger, stjóri Arsenal, hefur ekki náð að vinna leik í deild og bikar gegn liðum José Mourinho, stjóra Man Utd. Mourinho hefur unnið sjö leiki og sex hafa endað með jafntefli.**

Aftur eitt núll?

Fyrstu mánuðir Zinedine Zidane í starfi knattspyrnustjóra Real Madrid hafa gengið eins og í sögu. Liðið hefur unnið 25 af 31 deildarleik undir stjórn Zidane, gert fimm jafntefli og aðeins tapað einum leik. Það tap kom gegn nágrönnunum í Atlético Madrid.

Eins og svo margir leikir Atlético Madrid endaði hann með 1-0 sigri strákanna hans Diegos Simeone. Það sem meira er, þá er þetta eini deildarleikurinn undir stjórn Zidane þar sem Real Madrid hefur mistekist að skora. Í hinum 30 leikjunum hefur Real Madrid skorað 94 mörk, eða rúm þrjú mörk að meðaltali í leik.

Stóra spurningin er hvort Atlético Madrid takist að endurtaka leikinn og gera lærisveinum Zidane grikk. Og Atlético Madrid þarf á sigri að halda til að missa Real Madrid og Barcelona ekki of langt fram úr sér. ingvithor@365.is

KÖRFUKNATTLEIKSSAMBAND ÍSLANDS
LANDSLIÐ KVENNA Í KÖRFUBOLTA

ÍSLAND



PORTÚGAL

23. NÓV · LAUGARDALSHÖLL KL. 19:30

Miðasala á leikinn fer fram á tix.is

Ævisaga Ladda

Þróunarsaga mannsins sem kom okkur til að hlæja

Í hálföld hefur íslenska þjóðin talið sig þekkja út í hörgul fyrirbærið sem um 70 ára skeið hefur gengið undir regnhlífarheitinu Laddi.

En hver er Laddi?

Í þessari spennandi, einlægu og á köflum drepfyndnu bók, er sett fram „þróunarkenning“ um manninn, sem kom okkur til að hlæja, rituð af Gísla Rúnari Jónssyni.

„Þessa einlægu, skemmtilegu og fyndnu bók er varla hægt að leggja frá sér fyrr en maður er búinn með hana. Einlægasta og fallegasta ævisaga sem ég hef lesið. Elski maður leikarann og skemmtikraftinn Ladda fyrir lesturinn, elskar maður manneskjuna Ladda eftir lesturinn.“

- Gunnar Helgason leikari & rithöfundur

„Allt í senn fróðleg, dramatísk, hjartnæm og bráðfyndin lesning. Ég hló og grét á víxl.“

- Edda Björgvinsdóttir leikkona



„Við erum nálægt öllu sem gerist. Þannig þarf mikið til að við trúum því að við getum gert gagn, það þarf að endurvekjá von fólks um að gera gagn,“ segir Una Torfadóttir. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Að hjálpa án þess að horfa

Una Torfadóttir nemi og Páll Óskar Hjálmtýsson söngvari eru á meðal þeirra sem leggja neyðarsöfnun UNICEF til barna í fjórum ríkjum Afríku lið án þess að taka allt inn á sig. En samt sé það skylda fólks að hjálpa.

Una Torfadóttir og Páll Óskar Hjálmtýsson eru sammála um að það þurfi ekki nauðsynlega að taka inn neyð fólks til að hjálpa því. Það geti orðið til þess að fólk verði vanmáttugt, hafi ekki trú á að það geti veitt lið, gefist upp og geri ekki neitt.

Þau taka þátt í neyðarsöfnun UNICEF sem ber heitið Ekki horfa... hjálpaðu. Söfnunin er fyrir nærri hálfá milljón barna í fjórum ríkjum í Vestur- og Mið-Afríku sem eru í bráðri hættu vegna vannæringar. Verst er ástandið í norðausturhluta Nígeríu þar sem talið er að nærri

75.000 vannærð börn muni láta lífið fái þau ekki meðferð.

Páll Óskar skilur þá upplifun sjálfur að finna til vanmáttar.

„Ég fékk að fara með starfsfólki UNICEF til Sierra Leóne árið 2011. Það er eitt fátækasta ríki Afríku. Ég fékk að sjá hluti sem venjulegt fólk sér aldrei. Ég fór í heimsókn á vinnunæringarspítala, þar voru börn sem höfðu ekki orku til að gráta. Ég stóð við sjúkrahús barnanna og trúði því ekki að það væri hægt að bæta heilsu þeirra. En það var hægt. Það var meira að segja tiltölulega einfalt að hjálpa þeim og ég fékk að sjá ljósmyndir af þeim við bættu heilsu,“



ÞÚ FINNUR EKKI FYRIR ÞESSUM ÞÚSUND KRÓNUM EN ÞAU ÞARNA ÚTI, ÞAU GERA ÞAÐ SVO SANNARLEGA.

Páll Óskar

segir Páll frá um reynslu sína.

Una segir aðeins mannlegt að leiða hjá sér hörmungar. „Þetta er of hræðilegt og við lærum öll að verja okkur og leyfum ekki hörmungum að hafa of mikil áhrif á okkur. Við sem erum af yngstu kynslóð erum alin á tækniöld. Heimur okkar er minni, við erum nálægt öllu sem gerist. Þannig þarf mikið til að við trúum því að við getum gert gagn, það þarf að endurvekjá von fólks um að gera gagn,“ segir hún.

Páll Óskar segir enda alla hafa sterka mynd í huga sér. „Við þurfum ekki annað en að heyra af ástandinu og þá fáum við sjálf mynd í huga

okkar. Við þurfum ekki að neyða okkur til að horfa. Það þarf svo lítið til að hjálpa. Í heimi þar sem við höfum mestar áhyggjur af því hvað lattébolli kostar, hvort salatið sé lifrænt ræktað eða hárið flott þá eru þúsund krónur lítill peningur að færa í málstaðinn. Þú finnur ekki fyrir þessum þúsund krónum en þau þarna úti, þau gera það svo sannarlega.“

„Ég held að fólk vilji hjálpa en einhverjir upplifa sig ef til vill vanmáttuga. Góðgerðarstarf snýst bæði um að hjálpa öðrum og að láta sér líða betur. Og það er bara allt í lagi,“ segir Una. – kbg

Opinská umræða um kynlíf og geðheilbrigði

Í dag er fræðsludagur um geðheilbrigði fyrir ungt fólk í Hinu húsinu. „Með fræðsludeginum teljum við okkur vera að mæta þörfum ungs fólks sem vill opna á umræðu sem snýr að geðheilbrigði og það má segja að netherferðin #égerekkitaþú hafi verið innblástur fyrir þetta verkefni,“ segir Eva Sigrún Guðjónsdóttir hjá Hinu húsinu.

Meðal þess sem er á dagskrá er umfjöllun Hugrúnar geðfræðslufélags um átröskun, kvíðaröskun og sjónarhorn aðstandenda. Atli Jasonarson verður með erindi um þunglyndi ungra karlmannna. Indiana Rós

Ægisdóttir mun fjalla opinskátt um sjálfsfróun og kynheilbrigði ungra kvenna, síðan mun hópurinn Málgláðar fjalla um mikilvægi þess að elska og virða sjálfan sig.

Yfirskrift dagsins er „Hvað er edlilegt og hvað er óedlilegt?“ og munu erindin hafa þetta að leiðarljósi.

„Ég mun einblína á þunglyndi ungra karla og taka dæmi úr minni persónulegu sögu,“ segir Atli Jasonarson. „Ég segi frá glímu minni við þunglyndi, ég er auðvitað enginn sérfræðingur en það er ótrúlegt hvað ég finn fyrir miklum létti í hvert skipti sem ég tala um þetta.

Á sama tíma getur verið að einhver sem hlustar finni til léttis líka,“ segir hann.

Indiana Rós, sem ætlar að tala um sjálfsfróun og kynlíf, segir mikilvægt að brjóta isinn. „Það eru svo margar mýtur um sjálfsfróun og kynlíf og það er mikilvægt að tala um þetta. Ég ætla að svara spurningum og ræða málin á opinskáan hátt,“ segir hún. – kbg

Atli Jasonarson og Indiana Rós ætla að ræða um mikilvæg málefni.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA





10% afsláttur
af öllum úlpum
í dag

Jólagjöf herrans fæst hjá okkur

Vandaður fatnaður í miklu úrvali
Opð í dag kl. 10–16

Verið velkomin í Verslun Guðsteins, Laugavegi 34



Síðan 1918

VELKOMIN Á BÓKAMESSU Í HÖRPU UM HELGINA



Barnadagskrá

11:00 BÓKASMAKK FYRIR KRAKKA Á ÖLLUM ALDRI
Krakka-horn í Flóa Hér er hægt að skoða og lesa úrval nýrra barna- og ungmennabóka sem komið hafa út á árinu.

11:30 UPPLUSTUR ÚR NÝJUM BÓKUM FYRIR BÖRN
í Rímu Allie Doersch og Hulda Jónsdóttir Tölgjes: **Hekla skilur hundamál**
Sigrún Eldjárn: **Sigurfljóð hjálpar öllum**
Jóna Valborg og Elsa Nielsen: **Hetjubókin**
Birgitta Haukdal: **Lára fer á skíði / Kósýkvöld með Láru**
Íris Baldursdóttir: **Sirkusráðgátan eftir Martin Widmark**
Bjarki Karlsson: **Enginn sá hundinn**

12:00 GEIMSMÍÐJA MEÐ STJÖRNU-SÆVARI
Krakka-horn í Flóa Hvað eru stjörnurnar margar? Í hvaða stjörnumerki er ég í raun og veru? Þessum spurningum og stjarnfræðilega mörgum öðrum verður svarað. Að auki fá gestir að handleika steina úr geimnum og kynna nýja bókinni hans Sævars, **Stjörnuskoðun fyrir alla fjölskylduna.**

13:00 LEDURBLÖKUGERÐ
Krakka-horn í Flóa Í barnabókinni **Úlfur og Edda: Dýrgripurinn** koma leðurblökur við sögu. Kristín Ragna Gunnarsdóttir, höfundur bókarinnar, verður með leðurblökulistasmíðju í barnahorninu.

14:00 SIGURFLJÓÐ HJÁLPAR ÖLLUM
í Flóa Sigrún Eldjárn kynnir nýja bók sína um ofurstelpuna Sigurfljóð um leið og hún malar af henni nýja mynd.

14:00 DODDI
í Flóa Hildur Knútsdóttir og Þórdís Gísladóttir kynna bók sína **Doddi: Bók sannleikans!** Límmiðar, bókamerki og slímugt göðgæti.

14:00 PÚKATEIKNISMÍÐJA SIGURLAUGAR PÚKAMÖMMU
Krakka-horn í Flóa Sigurlaug, höfundur bókana **Letipúki** og **Feimnisþúki**, leiðbeinir krökkum á öllum aldri við að þekka og teikna sína eigin púka.

14:00 RATLEIKUR MEÐ SNUÐRU OG TUÐRU
Krakka-horn í Flóa Tvær nýjar bækur um Snúðru og Tuðru, eftir lðunni Steinsdóttur, koma út í ár. Komdu og hittu þessar skemmtilegu systur og fylgdu þeim í spennandi ratleik um Hörpu. Safnast verður saman við krakkahornið í Flóa. Bókaverðlaun fyrir fundvísa þátttakendur.

15:00 BÓKAGERÐ MEÐ EVU OG LOGA
Krakka-horn í Flóa Eva Rún Þorgeirsdóttir og Logi Jes Kristjánsson, höfundar bókarinnar **Lukka og hugmyndavélin**, leiðbeina börnum í einfaldri ritsmíðju.

LAUGARDAGUR

13:00 FIMM STJÖRNUR GLÆPABÓKMENNTANNA
í Rímu Sara Blædel, Ann Cleaves, Leena Lehtolainen, Val McDermid og Viveca Sten ræða um bækur sínar undir stjórn Katrínar Jakobsdóttur. Pallborðið er á vegum glæpasagnahátíðarinnar Iceland Noir.

13:00 MÁTTUR MATARINS
í Flóa Unnur Guðrún Pálsdóttir (Lukka) og Þórunn Steinsdóttir kynna **Mátt matarins** og gefa gestum að smakka rétti úr bókinni.

13:00 ORMHILDARSAGA
í Flóa Þórey Mjallhvít kynnir myndasöguna **Ormhildarsögu** og ræðir við gesti og gangandi um sköpunarferli myndasögunnar. Myndir Þóreyjar verða til sýnis.

14:00 KÖKUGLEÐI EVU
í Flóa Eva Laufey Kjaran Hermannsdóttir kynnir **Kökugleði Evu** og kemur með gómsæt sýnishorn sem gestir geta gætt sér á.

14:00 SKAPANDI LOPAPEYSUPRJÓN
í Flóa Auður Björt Skúladóttir kynnir bókina **Lopapeysuprjón: fyrir byrjendur og lengra komna** og gefur gestum góð ráð.

15:00 ÍSLAND OG EVRÓPA
í Rímu A Þrjár höfundar nýrra sagnfræðilegra bóka kynna verk sín og spjalla við gesti.
Sverrir Jakobsson: **Auðnaróðal. Baráttan um Ísland 1096-1281.**
Þorleifur Friðriksson: **Huldurþjóðir Evrópu.**
Guðmundur G. Þórarinnsson: **Árdagar Íslendinga**

15:00 HÖFUNDASPJALL - SMÁSÖGUR
í Rímu B Andri Snær Magnason (**Sofðu ást mín**), Friðgeir Einarsson (**Takk fyrir að láta mig vita**), Sigurbjörg Þrastardóttir (**Óttaslegni trompetleikarinn**) og Þórarinn Eldjárn (**Þættir af séra Þórarinum og fleirum**) ræða við Jórinni Sigurðardóttur um nýútkomin smásöguöfn sín.

15:00 HAVANA HEKLBÓK
í Flóa Tinna Þórudóttir Þorvaldar kynnir **Havana heklbók**, gefur góð ráð og kemur með sýnidæmi.

15:00 BLINDANDI KÖKUSKREYTINGAR
í Flóa Eva Laufey Kjaran Hermannsdóttir, höfundur **Kökugleði Evu**, stýrir skemmtilegri kökuskreytingakeppni þar sem þátttakendur eru með bundið fyrir augun.

16:00 HÖFUNDASPJALL - SKÁLDSÖGUR
í Rímu A Sigríður Hagalín Björnsdóttir (**Eyland**), Einar Káason (**Passíusálmarnir**), Hermann Stefánsson (**Bjargræði**) og Auður Ava Ólafsdóttir (**Ör**) spjalla um nýútkomnar bækur sínar við Höllu Oddnýju Magnúsdóttur.

16:00 LJÓÐASTUND – UPPLUSTUR ÚR NÝÚTKOMNUM LJÓÐABÓKUM
í Rímu B Steinunn Sigurðardóttir: **Af ljóði ertu komin**
Kristín Svava Tómasdóttir: **Þungi eyjunnar** eftir Virgilio Pinera
Jóna Kristjana Hólmgeirsdóttir: **Skýjafar**
Hallgrímur Helgason: **Lukka**
Elín Edda: **Hamingjan leit við og beit mig**
Þorvaldur S. Helgason: **Draumar á þvottasúru**
Sigurður Pálsson: **Ljóð muna rödd**

Opið frá kl.
11:00 – 17:00
báða dagana.


Aðgangur
ókeypis.



HARPA

BÓKATÍÐINDI
VERÐA Á
BÓKAMESSUNNI





Upplestrar,
spjall um bækur,
leikir og getraunir,
ljúffengt smakk
og óvæntar
uppákomur.

SUNNUDAGUR

- 12:00 HEIMUR FRÆÐANNA**
í Rímu B Steinunn Knútsdóttir: **Ódauðleg verk atvinnuleikhúss áhugamanna 2005 – 2015**
Guðrún Ingólfsdóttir: **Á hverju liggja ekki vorar göfugu kellingar**
Trausti Ólafsson og Þórhildur Þorleifsdóttir: **Stef ástar og valds**
Ársæll Már Arnarsson: **Síðustu ár sálarinnar**
Ólafur Páll Jónsson: **Sannfæring og rök**
- 13:00 EITTHVAÐ OFAN Á BRAUÐ**
í Flóa Nanna Rögnvaldardóttir kynnis bók sína, **Eitthvað ofan á brauð**, og býður gestum að smakka rétti úr bókinni.
- 13:00 EIGA FORRITUN OG SKÁLDSKAPARSKRIF EITTHVAÐ**
í Rímu B **SAMEIGINLEGT?**
Hildur Sif Thorarensen, hugbúnaðarverkfræðingur og læknanemi, er höfundur spennusögunnar **Einfari**. Hér ræðir hún skyldleika forritunar og skáldskaparskrifa.
- 14:30 VIGDÍS GRÍMSDÓTTIR OG SIGRÍÐUR HALLDÓRSDÓTTIR**
í Rímu B Egill Helgason ræðir við Sigríði Halldórsdóttur og Vigdís Grímsdóttur um nýútkomna ævisögu Sigríðar, **Elsku Drauma mín**. Búast má við notalegum en fjögurum umræðum.
- 14:00 ALLT UM VILLIBRÁÐ**
í Flóa Úlfar Finnbjörnsson, höfundur bókarinnar **Stóra bókin um villibráð**, kynnis bókina, spjallar við gesti og býður upp á villta bita.
- 14:00 GOTT HUGARFAR**
í Rímu A Gunnar Hersveinn og Friðbjörg Ingimarsdóttir: **Hugskot: Skamm-, fram og viðsýni**
Jón Thoroddsen: **Gagnrýni og gaman**
Aðalbjörg Stefánía Helgadóttir: **Samskiptaboðorðin**
Dögg Hjaltalín: **Þriðja miðid**
- 14:00 HÖFUNDASPJALL – NÝGRÆÐINGAR**
í Rímu B Arngunnur Árnadóttir (**Að heiman**), Ása Marin Hafsteinsdóttir (**Og aftur deyr hún**), Guðmundur Óskarsson (**Villissumar**) og Kött Grá Þje (**Perurnar í íbúðinni minni**) spjalla við Sunnu Dís Másdóttur um nýútkomnar bækur sínar.
- 15:00 HÖFUNDASPJALL – SKÁLDSÖGUR**
í Rímu A Gerður Kristný (**Hestvík**), Ásdís Thoroddsen (**Utan þjónustusvæðis**), Orri Harðarson (**Endurfundir**) og Steinunn G. Helgadóttir (**Raddir úr húsi loftskammtamansins**) ræða við Þorgeir Tryggvason um nýútkomnar bækur sínar.
- 15:00 EF ÞÚ ÞORIR ...**
í Rímu B Hrollvekjandi klukkutími með höfundum fjögurra bóka fyrir ungt fólk. Hildur Knútsdóttir: **Vetrarhörkur**
Ragnheiður Eyjólfsdóttir: **Skuggasaga**
Ævar Þór Benediktsson: **Þín eigin hrollvekja**
Marta Hlín Magnadóttir og Birgitta Elín Hassel: **Endalokin**
- 15:00 GRÆNT OG VÆNT**
í Flóa Kynning á **Eldhúsi grænkerans** eftir Hönnu Hlíf Bjarnadóttur og Katrínu Rut Bessadóttur og **Bakað úr súrdeigi**. Smakkaðu ljúffenga grænmetisrétti og ilmandi súrdeigsbrauð frá Brauð & co.
- 15:00 KRYDDJURTARÆKT FYRIR BYRJENDUR**
í Flóa Auður Rafnsdóttir, höfundur bókarinnar **Kryddjurtarækt fyrir byrjendur**, gefur góð ráð og smakk.
- 16:00 ÁRNI HEIMIR INGÓLFSSON**
í Rímu B Einn helsti sérfræðingur Íslendinga um sígilda tónlist, Árni Heimir Ingólfsson, heldur erindi byggt á bók sinni **Saga tónlistarinnar – Tónlist á Vesturlöndum frá miðöldum til nútímans**.

- 16:00 LJÓÐASTUND – UPPLESTUR**
í Rímu A Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson: **Sumartungl**
Gyrðir Eliasson: **Síðasta vegabréfið**
Magnús Sigurðsson: **Veröld ný og góð**
Eyrún Ósk Jónsdóttir: **Góðfúslegt leyfi til sigarettukaupa**
Þórdís Gísladóttir: **Óvissustig**
Eva Rún Snorradóttir: **Tappi á himninum**
Guðrún Hannesdóttir: **Skin**
- 16:30 HÁSKI Í HAFI**
í Rímu B Davíð Logi Sigurðsson og Illugi Jökulsson spjalla um bækurnar **Ljósín á Dettifossi** og **Pourqoui-Pas? – Manndrápsveður á Mýrum**.

Barnadagskrá



- 12:00 UPPLESTUR ÚR NÝJUM BÓKUM FYRIR BÖRN**
í Rímu A J.K. Kolsöe: **Afi sterki og Amma óþekka**
Sigurlaug H.S. Traustadóttir: **Letipúkar og Feimnisþúkar**
Ósk Ólafsdóttir: **Búðarferðin**
- 13:00 VILHELM ANTON JÓNSSON – VÍSINDA-VILLI**
Krakka-horn í Flóa Í **Vísindabók Villa – Skynjun og skynvillur** er fjallað um heilann og hvernig hann getur látið okkur sjá hluti sem eru ekki til staðar eða sjá þá öðruvísi en þeir eru í raun. Vísinda-Villi gerir fræðandi og fyndnar tilraunir með krökkunum og dýpkar skilning þeirra á starfsemi heilans.
- 13:00 UPPLESTUR ÚR NÝJUM BÓKUM FYRIR BÖRN**
í Rímu A Gunnar Helgason: **Pabbi prófessor**
Kristín Ragna Gunnarsdóttir: **Úlfur og Edda**
Inga Mekkín Beck: **Skóladraugurinn**
Þórgímur Þráinsson: **Henri og hetjurnar**
- 13:00 RÚNAR GÓÐI OG DAGUR MANNRÉTTINDA BARNA**
Krakka-horn í Flóa Hanna Borg Jónsdóttir og Heiðís Helgadóttir kynna **Rúnar góða og Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna**. Krakkar spreya sig á að teikna og velta vöngum um réttindi allra barna. Bókamerki, plaköt og þátttökuverðlaun fyrir hressa krakka.
- 14:00 HEKLA SKILUR HUNDAMÁL**
í Flóa Höfundar bókarinnar, **Hulda og Allie**, eru báðar miklir hundavinir og áhugasamar um að gera samskipti hunda og barna örugg og ánægjuleg. Komdu í hundastund!
- 14:00 LITAGLEÐI**
Krakka-horn í Flóa **Litabókin hennar Rosie Flo og Tímaflakkarar** eru nýútkomnar lita- og teiknibækur. Börnum gefst kostur á að teikna höfuð, handleggi og fótleggi á persónur og forvitnast um riddara hringborðsins, loðfila, vélmenni og múmíur.
- 15:00 TEIKNAD MEÐ HEIÐDÍSI**
í Flóa Heiðís Helgadóttir, annar höfundur bókarinnar **Rúnar góði** kemur með útlínuteikningar og leyfir krökkum að spreya sig á að teikna.
- 15:00 HVAD VEISTU UM ÍSLAND?**
Krakka-horn í Flóa Íslandsbók barnanna er fræðandi bók um landið okkar. Margrét Tryggvadóttir kynnis efni bókarinnar og býður upp á skemmtilegan spurningaleik.
- 16:00 RATLEIKUR MEÐ SNUÐRU OG TUÐRU**
Krakka-horn í Flóa Komdu og hittu Snúðru og Tuðru og fylgdu þeim í spennandi ratleik um Hörpu. Safnast verður saman við krakkahornið í Flóa. Bókaverðlaun fyrir fundvísa þátttakendur.

BÓKAMESSA Í BÓKMENNTABORG

Kristjana Björg
Guðbrandsdóttir
kristjana@frettabladid.is



Vilborg Oddsdóttir félagsráðgjafi tekur á móti fólki sem þarf aðstoð í kjallara við Grensáskirkju. Þar er Hjálparstarf kirkjunnar til húsa.

Hún býður upp á kaffi og gengur röskegla til skrifstofu sinnar. Hún er af mörgum sem þekkja til kölluð „naglinn“ vegna þess að hún er stöðugt að brjóta sér nýjar leiðir til þess að aðstoða fólk við að losa sig úr fátæktargildrunni. Hún er bæði menntuð sem félagsráðgjafi og þroskaþjálfari. Hún er brautryðjandi og hugsjónamanneskja. Óþreytandi við að vekja athygli á aðstæðum fólks og barna sem dafna ekki í íslensku samfélagi vegna fátæktar.

Ekki bundin af kerfinu

„Hér er ég ekki bundin af kerfinu,“ segir Vilborg ákveðin. „Ég get hjálpað fólki með viðtækari úrræðum. Ég get gert meira.“

Það er einmitt ástæða viðtals við Vilborgu. Kerfið og vonleysi fólks um það að fá hjálp. Nýúttefin skýrsla Rauða krossins um fátækt kveikti á umræðu. Frásagnir skjólstaðinga Reykjavíkurborgar í kjölfarið vöktu einnig spurningar. Lára Guðrún Jóhannudóttir deildi reynslu sinni í pistli á Stundinni. „Þetta kerfi er stórhættulegt fólki sem lendir í áföllum. Kerfið átti stóran þátt í því að ég var tveimur árum lengur að koma mér upp úr þessari gryfju sem ég hafði fallið ofan í. Hið minnsta. Það eina sem ég þráði var að komast út á vinnumarkaðinn og verða fúnkerandi manneskja aftur. En fyrst þurfti ég að sleikja botninn,“ sagði Lára, sem sagði kerfið brjóta niður í stað þess að byggja upp.

Vilborg hlustar á stutta upprifjun af frásögn Láru Guðrúnar og efni skýrslu um fátækt. „Niðurrif er það versta sem fólk getur orðið fyrir í þessari stöðu. Það skiptir miklu máli að fólk sem tekur stóra skrefið að bera ábyrgð á sjálfu sér og fjölskyldu sinni með því að leita sér hjálpar finni fyrir því að einhver hafi trú á því,“ segir Vilborg. „Að finna fyrir því að á það sé hlustað. Að einhverjum sé ekki sama og vilji reyna að hjálpa með tiltækum ráðum.“

Að fá fólk til að elta drauma

Hún hefur frekar sterka skoðun á því að það að þekkja styrk sinn og getu sé forsenda fyrir því að komast úr vítahring fátæktar og félagslegrar einangrunar. „Í raun og veru er það lykillinn fyrir hvern sem er að komast úr erfiðum aðstæðum. Þess vegna er mikilvægt að vinna markvisst að því að efla trú fólks á eigið ágæti. Að fá það til að vilja láta drauma sína rætast. Fátækt deyr þegar draumar fá líf,“ segir Vilborg.

„Og hvað er hægt að gera? Jú, það er hægt að vera með einstaklingsmiðaða þjónustu, það er hægt að hlusta vel eftir draumum og óskum einstaklinganna og reyna að styrkja þá til þess að fara í þá átt sjálfir. Allir eiga sér drauma. Það er nauðsynlegt að endurvekja þá og gera fólk nógu sterkt til að elta þá.“

Hún starfar líka utan kerfis og í einkaframtaki vegna þess að henni finnst stundum horft fram hjá draumum fólks sem þó séu lausnir að betra lífi. „Styrkleikarnir eru ekki bara þannig að þú átt að uppfylla kröfur hins opinbera,“ segir hún og brosir út í annað. „Við erum með námskeið hér og reynum að fá fólk til að mæta. Það getur verið átak. En það er þvílíkur áfangi þegar fólk gerir það og tekur ábyrgð.“

Þarf sveigjanleika

Svo þarf ég ákveðinn sveigjanleika til að hjálpa fólki. Við hjálpuðum eitt sinn skjólstaðingi okkar sem missti foreldra sína og stóð uppi með brotið net og í fátækt. Við fundum íbúð fyrir hana, innréttuðum og hjálpuðum henni að flytja inn,“ segir hún en í kerfinu hefði slík aðstoð mögulega þýtt mikla fyrirferð í kerf-



„Í raun og veru er það lykillinn fyrir hvern sem er að komast úr erfiðum aðstæðum,“ segir Vilborg Oddsdóttir um sterkara sjálfsmat. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

inu, fjölda umsókna sem ekki er víst að hefðu verið samþykktar.

Sveigjanleikinn sé líka nauðsynlegur vegna þess hversu fátækt sé slungið fyrirbæri.

„Fátækt er slungið og margbrotið fyrirbæri. Hingað kemur fólk sem kemur kannski einu sinni eða tvisvar og svo aldrei aftur. Það þarf tímabundna aðstoð. Hingað kemur líka fólk sem þarf aðstoð til lengri tíma. Og það er ekki upphæðin sem skiptir endilega máli. Fólk getur verið í launaðri vinnu en með brotið

félagslegt net í kringum sig og lágt sjálfsmat,“ nefnir hún og segist hafa margoft séð sönnur þess að fólk geti brotist úr fátækt með góðri aðstoð og með því að byggja upp sterkara sjálfsmat.

Vítahringurinn rofinn

„Menntun getur verið fyrirstaða og við reynum að brjóta upp mynstur í fjölskyldum. Arfleifð kynslóðanna,“ segir Vilborg og vísar í Framtíðarsjóðinn sem er rekinn af Hjálparstarfi kirkjunnar sem styður ung-

menni 16-20 ára til stúdentsprófs, sveinsprófs eða annars sem leiðir til starfsréttinda eða opnar leið til háskólanáms.

„Læknir, starfsmaður í banka í London, tæknifræðingur, iðnmenntað fólk,“ telur Vilborg upp. Hún er að hugsa um ungt fólk sem hefur notið aðstoðar Framtíðarsjóðsins. „Við viljum rjúfa vítahringinn. Það eru stundum margar kynslóðir þar sem enginn hefur klárað nám. Það er mikilvægt að ungt fólk flosni ekki upp úr námi vegna fátæktar og hér

höfum við aðstoðað bæði foreldra og ungt fólk. Foreldra höfum við til dæmis aðstoðað við að greiða fyrir námsgögn, borga skólagjöld, kaupa tölvu. Ungt fólk í erfiðri stöðu leitar líka til okkar, það finnst mér virðingart. Menntun eykur líkur á farsælu lífi án fátæktar.“

Vilborg hikar. „Nú sárvantar mig tölvur til þessa að aðstoða ungt fólk í námi. Ég vil gjarnan koma því á framfæri,“ bætir hún við.

Hún segir einnig vítahringinn rofinn með því að styrkja fjölskyldur



STYRKLEIKARNIR ERU

EKKI BARA ÞANNIG AÐ ÞÚ

ÁTT AÐ UPPFYLLA KRÖFUR

HINS OPINBERA.

Sírius

HÁTÍÐAR-
ÚTGÁFA



Hátíð handa þér

Sírius súkkulaði hefur fylgt íslensku þjóðinni síðan 1933. Við Íslendingar höfum notið Sírius súkkulaðis hversdagslega en ekki síst þegar við viljum gera okkur glaðan dag og njóta þess besta. Með hátíðarútgáfu vinsælla tegunda tekur Sírius þátt í gleðinni með landsmönnum og færir þeim uppáhalds súkkulaðið sitt með hátíðarbrag.



S
NÓI SÍRÍUS



Vilborg segir vitahringinn einnig rofinn með því að styrkja fjölskyldur með minningum og með því að hjálpa þeim að upplifa eitthvað jákvætt saman. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Vilja afnema gjaldtöku fyrir námsgögn

Síðasta haust leituðu foreldrar hátt í 200 barna og unglinga til Hjálparstarfs kirkjunnar um stuðning vegna kostnaðar við upphaf skólagöngu. En auk þess að aðstoða fjölskyldur við kaup á ritföngum og skólavörum með gjafakortum í ritfangaverslanir styrkir Hjálparstarfið ungmenni sem orðin eru sjálfráða og vilja hefja eða ljúka framhaldsskólánámi sem gefur þeim réttindi til starfs eða inngöngu í háskóla. Styrkirnir eru til greiðslu skólagjalda og fyrir bóka- og efniskostnaði.

Börn tekjulágra foreldra njóta einnig stuðnings svo þau geti iðkað íþróttir með jafnöldrum sínum, stundað tónlistarnám og tekið þátt í tómstundastarfi. Markmiðið er að þau geti tekið virkan þátt í samfélaginu og að bágur efnahagur foreldranna takmarki ekki möguleika þeirra til þess.

Hjálparstarf kirkjunnar hefur skorað á stjórnvöld að afnema gjaldtöku fyrir námsgögn þannig að börn eigi að geta stundað nám án þess að finna fyrir mismunandi efnahag foreldra sinna.

Félagsráðgjöf

Félagsráðgjöf hefur það að markmiði að fara yfir stöðu mála, kanna möguleg úrræði og þann stuðning sem fólki stendur til boða í samfélaginu. Félagsgjafi leitast við að fá heildarmynd af stöðu hvers og eins þannig að hann fái réttan og viðeigandi stuðning. Allar umsóknir um stuðning þurfa að vera studdar gögnum og félagsráðgjafi vinnur með einstaklingum og fjölskyldum til lengri eða skemmri tíma eftir þörfum.

Vantar tölvur

Vilborg bendir á að nú vanti tölvur til að aðstoða börn fátækra foreldra í námi. Gjafir einstaklinga, fyrirtækja og samtaka bera uppi innanlandsstarf Hjálparstarfsins. Stuðningur við foreldra og ungt fólk vegna skólagöngu og tómstunda er einn mikilvægasti þáttur starfsins enda er menntun lykillinn að því að rjúfa vitahring fátækta auk þess sem Hjálparstarf kirkjunnar setur velferð barna í algjöran forgang. Foreldrar geta sótt um aðstoð svo sem vegna skólabyrjunar, tómstundaiðkunar, gleraugnakaupa, sumargjafa og góðra samverustunda með fjölskyldunni.

5 góð ráð frá Vilborgu

- 1 Finna styrkleika og vinna með þá.
- 2 Ekki hika við að leita til og þiggja aðstoð og stuðning frá tengslanetinu.
- 3 Skoða öll útgjöld, í hvað eru peningarnir að fara.
- 4 Nota reiðufé.
- 5 Deila niður á vikur því sem til er.

með minningum. „Heildaraðstoð við fjölskyldur skiptir miklu máli. Enn og aftur snýst þetta um að byggja upp sjálfsmatið. Við styrkjum tómstundir barna og svo leggjum við mikla áherslu á að styrkja fjölskylduna. Að hún upplifi eitthvað jákvætt. Fari út að borða, í bíó, leikhús eða álika. Það styrkir fólk að taka þátt í samfélaginu. Að hafa farið á Hamborgarafabrickuna, séð Mamma Mia eins og aðrir og þannig lagað. Við kaupum líka oft árskort fyrir fjölskyldur í Fjölskyldu- og húsdýragarðinn og styrkjum fólk til að fara í sumarþúfir með börnunum. Þar gefst fjölskyldunni tækifæri til að upplifa eitthvað saman, stíga út úr þessum heimi og hafa eitthvað gott og uppbyggjandi að tala um. Eitthvað annað en að það megi ekki taka meira en tvö bréf af klósett-rúllunni,“ segir hún og sýnir með orðalaginu blákaln fram á muninn á heimi þeirra sem búa við skort og þeirra sem gera það ekki. „Minningar eru mikilvægar. Þær eru hluti af sjálfsmyndinni,“ bendir hún á.

Engin dæmigerð fátæk manneskja
Talið berst aftur að skýrslu Rauða krossins um fátækt þar sem var dregin upp dökk mynd af stöðunni í Breiðholti. „Mig langar að nefna að ég hef mikið álit á þjónustumiðstöðinni í Breiðholti. Þar eru félagsráðgjafar á ferðinni og eru bæði öflugir og sveigjanlegir. Þeir sitja sko ekki pikkfástir á bak við skrifborðið og þar er margt spennandi að gerast í þjónustu við fólk sem er hægt að mæla með,“ segir Vilborg sem vill minna á að til Hjálparstarfsins leitar fólk viðsvegar að. Í röð af fólki sem býr við fátækt þá gætir þú ekki endilega séð það á neinum þeirra. Því þetta er alls ekki einseleitar hópur af fólki. Þetta er ekki fólk úr einu hverfi borgarinnar, ekki fólk sem er endilega í drykkju eða neyslu eða býr við örorku. Það er engin dæmigerð íslensk fátæk manneskja til. Hingað leita margir sem hafa ekki aðgang að fjölskyldu sinni. Einstæðir foreldrar til dæmis. Það sem fólk sem býr við fátækt á sameiginlegt er að það vill halda

andlitinu,“ segir Vilborg og segir frá samtökunum PEPP á Íslandi (People experiencing Poverty) sem hefur að markmiði að vinna gegn fátækt og félagslegri einangrun. Kjarni samtakanna er að fjalla sé um aðstæður fólks sem glímur við fátækt af virðingu og nærgætni. Með það að viðmiði að ráðast í lausnir. „Okkur hefur þótt það að rödd einstaklinganna heyrst ekki. Og oft ekki á þann hátt sem þau vilja sjálf. Oft eru fjölmörg um með umfjöllun um fátækt sem er neyðarkall. Oft fyrir jól. En það er ekki endilega gagnlegt, það þarf að ræða vandann á jafningjagrundvelli. Það gengur ekki að klóra í yfirborðið rétt fyrir jól. Það þarf að fara í rótina.“

Láta frá sér börnin

Ástandið á húsnæðismarkaði gerir fátæku fólki gríðarlega erfitt fyrir að sögn Vilborgar þótt hún eygi margar góðar lausnir. „Ég veit um konur sem leigja herbergislyf þar sem eru margir saman uppi

á Höfða. Þær geta ekki verið með börnin sín þar og þurfa að láta þau frá sér. Eru heldur ekki með bíl og komast ekki ferða sinna með þau í skóla og annað. Þannig brýtur húsnæðisvandinn upp fjölskyldur. Það er skelfilegt ástand á húsnæðismarkaði og margt fólk er að færast á það fátækta vegna þess hve leiguverð er hátt og framboð lítið af íbúðum.

En það er margt gott í pípunum. Þótt það gerist ekki strax. Mér list til dæmis vel á félagslegar íbúðir sem ríki og sveitarfélög geta verið í samstarfi um. Ég hrósa Eygló Harðardóttur fyrir fastheldni í þessum málum. Hún sýndi málaflokknum fádæma tryggð. Stundum fannst manni hún nefnilega standa svoltið ein þótt að stjórnarandstaðan hefði hjálpað henni með þetta verkefni. Svo er Íbúðalánasjóður með nýtt verkefni í burðarliðnum. Það er vakning í þessum efnum, en lausnir eru samt ekki alveg í sjónmáli fyrir fólk sem er í vondri stöðu og þarf barna sinna vegna að fá úrbót strax.“

Keðja af góðviljuðu fólki

Vilborg segir Hjálparstarf kirkjunnar eiga sér marga hauka í horni þótt þangað vanti ávallt sterka sjálfbodaliða og framlög. „Ég dáist að fólki sem kemur hingað. Það hefur marga kosti, bara það að kunna að lifa af, vera úrræðagóður og gefast ekki upp. Og íslenskt samfélag getur verið gott. Það býr í því orka sem er hægt að leysa úr læðingi.

Það eru örugglega einhverjir sem koma ekki til okkar af því við erum kirkjuleg stofnun. En við byggjum ekki á trú, hér eru allir trúarhópar og allar gerðir af fólki. Svo eru alltaf einhverjir sem ekki geta stigið það skref að mæta. Í því sambandi þá eigum við haka í horni. Lyfjafraeðingar í apóteki láta stundum vita ef fólk getur ekki leyst út nauðsynleg lyf, prestar eru milligöngumenn, geðhjúkrunarfræðingar eru það líka og leikskólakennarar. Það er keðja sem er að vísa fólki til okkar. Svo hringir fólk sem vill vita hvornig það getur hjálpað nágrönnum sínum. Það finnst mér fallegt og gott.“

Lækkað verð í nóvember – með kaupauka



FORD FIESTA ER VINSÆLASTI SMÁBÍLLINN

Fiesta er geysivinsæll á Íslandi, vinsælasti smábíllinn í Evrópu og býðst nú á lækkuðu vetrarverði með kaupauka. Fiesta er margverðlaunaður, sparneytinn og fánlegur með magnaðri vél sem valin hefur verið „International Engine Of The Year“ þrjú ár í röð. Enginn gerir betur.

Staðalbúnaður er ríkulegur, hann fékk fimm stjörnur í öryggisprófi EURO NCAP og auðvitað er Fiesta sí tengdur með Bluetooth. Þú færð framúrskarandi þjónustu hjá Brimborg og við tökum gamla bílinn upp í nýjan Fiesta.

KAUPAUKI

Ný vetrardekk frá Nokian komin undir og sumardekkinn í skottið.

Verðmæti kaupauka:
121.000 kr.

TILBOÐ

FULLT VERÐ: FORD FIESTA TREND
FRÁ 2.290.000 KR.

**VETRARVERÐ OG KAUPAUKI
TIL 26. NÓVEMBER**

FRÁ **2.190.000 KR.**



Upplifðu frábæra aksturseiginleika Ford Fiesta
- komdu núna og tryggðu þér Fiesta á vetrarverði með kaupauka

ford.is



Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar:
Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17
og laugardaga kl. 12-16

Dýrmætt að fá að þakka fyrir sig

Charlotta Rós Sigmundsdóttir bjó við fátækt sem barn og unglingur. Hún leitaði til Vilborgar Odds-dóttur hjá Hjálparstarfi kirkjunnar. Þar fékk hún stuðning til menntunar og fyrir nokkrum árum endurgalt hún greiðann og fannst dýrmætt að fá að þakka fyrir sig.

Charlotta Rós Sigmundsdóttir er tuttugu og sex ára gömul. Hún ólst upp í Breiðholti og naut aðstoðar Vilborgar Odds-dóttur við að mennta sig. „Þegar ég kom til Vilborgar mætti mér annað viðhorf en tíðkaðist annar staðar,“ segir Charlotta frá.

Vilborg aðstoðaði Charlottu við kaup á bókum og greiddi skólagjöldin fyrir hana. Hún lauk námi í framreiðslu við Menntaskólann í Kópavogi. „Menntun er sterkasta vopnið til að berjast út úr vitahring fátæktar. Börn læra það sem fyrir þeim er haft.

Þegar ég lít til baka man ég eftir rosa miklum mun á metnaði og viðhorfum krakkanna í skólanum og okkar sem þjuggum í „féló-blokkinni“. Sá munur ýtti enn frekar undir það að við einöngruðumst. En við höfðum þó alltaf hvert annað.“

Charlotta kláraði sveinsprófið og hefur starfað sem veitingastjóri síðastliðin ár. „Ég er mjög sátt í dag, er að bæta við mig háskólanámi í viðskiptafræði, á eigin íbúð, feril og gott líf.

Ég fór til Vilborgar nokkrum árum eftir útskrift. Mig langaði alltaf til að þakka henni fyrir hjálpinu og reyna að gefa eitthvað til baka. Á þeim tíma var ég að vinna sem vaktstjóri á veitingastað. Við vorum með umbunarkerfi sem gekk út á að verðlauna vel unnin störf. Ég ákvað að verðlaunin



Tuttugu og fjögur ungmenni skrifa um reynslu sína. MYND/PIL CHRISTOFFERSEN

yrðu þau að gefa gjöf og keypti gjafabréf hjá Hjálparstofnun kirkjunnar.

Vilborg var glöð að sjá mig og örugglega fegin að sjá að það hafði ræst eitthvað úr mér,“ segir hún og hlær.

„Út frá því hefur Vilborg samband við mig og ég fer til Svíþjóðar á vegum velferðarráðuneytis þar sem unnin var skýrsla um fátækt fyrir Nordic Welfare Center.

Verkefnið vatt upp á sig og Charlotta er núna stödd í Brussel á PEPP-ráðstefnu (People Experiencing Poverty) og flýgur þaðan yfir til Finnlands til að fylgja eftir útgáfu á bók.

Afrakstur verkefnisins kemur út á morgun, sunnudag. Charlotta er á meðal tuttugu og fjögurra ungra rithöfundu sem eiga efni í safnbókinni Á morgun er aldrei nýr dagur (Tomorrow is Never a New Day). Bókin er gefin út af Ordskaelví í tilefni af afmæli barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Allir textarnir í bókinni hverfast um sama þema: reynsluna af því að alast upp við fátækt á Norðurlöndum.

„Ég vona að krakkar fái að lesa það sem við skrifuðum og finni að



FÁTÆKT ER NEFNILEGA

SVO SKRÍTIÐ FYRIRBÆRI,

HÚN ER NOKKURS KONAR

ÁSTAND. HÚN ER EKKI

ÖRLÖG. FÓLK SEGIR

STUNDUM AÐ ÉG SÉ MEÐ

BEIN Í NEFINU, AÐ ÉG

SÉ MJÖG ÁKVEDIN. ÉG

EFAST UM AÐ ÉG HEFÐI

ORDIÐ ÞAD Í HEITUM POTTI

Í GARÐABÆNUM. ÉG ER

STOLT OG ÁNÆGD. ÉG

ÞURFTI AÐ RYÐJA MÉR LEIÐ.



„Það sem flestir óskuðu sér var að losna við skömmina,“ segir Charlotta.

þau eru ekki ein. Að það er í lagi með þau, að þau eru jafngöð. Að það er í lagi að alast upp í öðruvísi aðstæðum og þetta fyrirmyndarfrjölkyldulíf er ekki allt. Það þýðir ekki að þú verðir verr staddur í framtíðinni. Fátækt er nefnilega svo skrítíð fyrirbæri, hún er nokkurs konar ástand. Hún er ekki örlög. Fólk segir stundum að ég sé með bein í nefinu, að ég sé mjög ákvedin. Ég efast um að ég hefði orðið það í heitum potti í Garðabænum. Ég er stolt og ánægð. Ég þurfti að ryðja mér leið.“

Mikilvægast finnst Charlottu að

henni tókst að varpa frá sér skömminni. „Ég hitti þessa krakka sem höfðu búið við fátækt í tengslum við þetta verkefni. Ég heyrði aldrei neinn þeirra tala um að hann óskaði sér að vera öðruvísi, að hafa fengið annað hlutskipti. Ekki ég heldur. Ég væri ekki ef ég væri ekki með þessa litríku reynslu að baki, ég sá alls konar og upplifði margt sem ég hefði ekki upplifað í meira fyrirmyndarumhverfi. En það sem flestir óskuðu sér var að losna við skömmina og átökin sem fóru í að reyna að leyna aðstæðum. Þess óskaði ég mér líka.“

Brot úr frásögn Charlottu

Villingablokkinn

Í dag er fyrsti skóladagurinn minn. Kennarinn minn heitir Íðunn og er svo góð við mig. Í lok dagsins knúsa ég hana bless, henni finnst það pínku skrítíð og hlær. Ég labba ein heim og get ekki beðið eftir að segja mömmu frá öllu því skemmtilega sem gerðist í dag. Við vorum að flytja í nýja blokk sem ríkisstjórnin á og mamma segir að við megum búa hér eins lengi og við viljum. Á leiðinni heim hittir ég strák sem vill vera samfó. Um leið og ég segi honum hvar ég á heima verður hann skritinn og furduleg gretta kemur á hann.

„Áttu heima í villingablokkinni?“ spyr hann og labbar í burtu áður en ég nær að svara.

Hvað meinar hann með villingablokk? Eru bara villingar sem eiga heima hérna, eða er ég villingur af því ég bý í þessari blokk?

Við vorum ótrúlega heppin – við fengum garð! Við búum á neðstu hæð og þurfum ekki að labba upp stígana. Andri er strax búinn að eignast vin sem er í sama bekk og heitir Gústi. Hann býr á annarri hæð í stíganginum með fullt af fólki. Pabbi hans heitir líka Gústi og er fyllibytta og þegar hann drekkur fær hann ekki að komast inn til sín. Gústi gamli sefur stundum á ganginum og ég er stundum hrædd við að fara út á morgnana, því einu sinni

reyndi hann að elta mig. Heima hjá Gústa eru þrjú svefnherbergi en það eru sjö í fjölskyldunni, allavega núna, hin systir Gústa litla var að flytja heim með ameríska manninum sínum sem vinnur á Keflavíkurflugvelli, litlu barni og tveimur hundum. Það er kannski ekkert skrítíð að Gústi gamli sofi á ganginum, kannski er bara ekkert pláss fyrir hann.

[...]

Mamma situr inni í eldhúsi með bjór í glasi og starir ákvedin út í loftið. Ég heilsa henni en hún horfir strangt á mig og svarar mér eins og hún sé einhvers staðar annars staðar. Hún segist þurfa að drekka í sig kjark því það séu hlutir sem þurfi að gera.

„Enginn annar ætlar að gera þetta svo þú verð ég bara að gera það sjálf, það er ekki er hægt að treysta á þessa kalla sem tala um sig eins og stóra menn en eru svo bara aumingjar þegar á reynir, hvað þá yfirvöldin – hvern eru þau að vernda, allavega ekki fólk í landinu og hvað þá þá sem minna mega sín!“

Ég smeygi mér að herberginu mínu, hún er hvort sem er að spjalla við sjálfa sig en ekki mig.

Mamma hafði greinilega farið út því nú heyrir ég hana koma inn og setjast við eldhúsbordið, ég slekk á tónlistinni og hlusta eftir fleira fólki,

en hún er ein og að tala í símann. Ég heyrir að hún kynnir sig með nafni og heimilisfangi.

„Gott kvöld. Ég vildi bara láta ykkur vita að ég var að koma heim en ég var að enda við að brjóta allar rúður á íbúð hér í næsta stígangang. Svoleiðis er mál með vexti að það býr barnaniðingur í íbúðinni og það virðist vera að öllum sé sama. Ég sá ekkert annað í stöðunni en að taka málin í mínar hendur. Ég er heima og þið titið hvar mig er að finna ef þið hafið frekari spurningar. Nú jæja vinur, já ég geri það, takk og vertu bless.“

Ég get ekki hamið mig um að hlæja, það heyrðist greinilega gegnum símann að hún væri drukkin, en þetta var samt ótrúlega pent hjá henni. Ég fer fram og spyr hana hvað þeir hafi sagt.

„Charlotta, ég var að tala við lögregluna.“

„Já mamma, ég heyrði það, hvað sögðu þeir eiginlega?“

„Jaaa – þetta var indælis drengur. Hann spurði mig bara hvort það væri allt í lagi með mig og hvort ég vildi ekki bara fara að leggja mig!“

Kylfan sem ég smíðaði í áttunda bekk liggur við hliðina á henni. Hún brosir og ég hlær, gríp utan um hana og kyssi hana á ennið.



Myndskreyting við frásögn Charlottu, Villingablokkinn.

Brot úr sögu Söru Helenardóttur: Hneggið

Ég skelli mér í skó, burstu tennurnar, kasta bókum í töskuna og hleyp út. Stressið fyrir því að mæta í skólann gerir vart við sig. Það er nefnilega stelpa í skólanum sem hikar ekki við að gera grin að mér við minnsta tilefni. Skrefin sem ég tek verða sífellt minni og minni og ég velti því fyrir mér hvort ég nái ekki að mæta aðeins of seint ef ég labba svona hægt en það er sennilega ómögulegt því það er svo stutt leið í skólann. Um leið og ég sleppi þeirri hugsun rekt ég á eitthvað.

„Ái!“ Ég lít upp og sé hana standa innan um hjörðina aflitu lærisveinunum sem eru reyndar kvenkyns og apa allt upp eftir henni. „Passaðu hvert þú labbar!“ segir Sóley örg. „Og flott peysa by the way!“ hneggjá hún síðan háðslega og labbar hlæjandi í burtu.

Mig langar mest að hlaupa heim og koma ekki aftur en ég stend bara kyrr með tárin í augunum. Svo heyri ég fótatak fyrir aftan mig. Er hún ekki búin að fá nóg? Ég lít við. Þetta er enskukennarinn minn, hann Böðvar. Hann býr rétt hjá blokkinni minni og við erum stundum samferða í skólann. Böðvar brosir til mín og spyr hvort ég sé ekki að verða of sein í tíma. Ég brosi vandræðalega á móti og horfi svo niður. Hann lítur niður líka.

„Hvað er að sjá skóna þína?“ Ég held bara áfram að horfa niður á rauða, sundurrifna Converse-skóna mína sem eru orðnir eldgamlir. „Ehm...“ er eina hljóðið sem ég kem upp úr mér. Ég veit ekkert hverju ég á að svara.

„Jæja, flýttu þér nú inn,“ segir Böðvar og kýlir mig laust í öxlina. Ég lít á klukkuna á veggnum og sé að ég er fimm mínútum of sein. Þetta er hvort eð er bara bókasafnstími. Ég þarf nefnilega ekkert að flýta mér þá því kona á bókasafninu er alltaf svo róleg. Ég kem við á klósettinu og lít þar í spegilinn, laga úfið hárið á mér, tek nokkrar pösur og labba út og í átt að bókasafninu. Um leið og ég geng inn heyri ég þetta hnegg sem hefur stjórnað lífi mínu seinustu tvö árin.

Þetta er Sóley ... aftur ... Hún er væntanlega að skrópa í tíma og ákvað af öllum krókum og kimum skólans að hanga hér. Sóley er einu ári eldri en ég, miklu hærri og betur vaxin. Hún er líka fallegri en ég býst ég við. Þú sérð það á sólarlysstu húðinni hennar að hún fer oft á ári til útlanda því foreldrar hennar eru svo ríkir að þá munar ekki einu sinni um það. Hún hefur allt sem ég hef þráð, nema þennan skítlega persónuleika. Ótrúlegt að hún skuli vera svona vinsæl!

„Hvar fékkstu þessa peysu sem þú ert í?“ hrópar hún og hlær. „Fékkstu hana í Bónus? Nei, það getur ekki verið, þú ert of fátæk til þess. Þú fékkst hana örugglega gefins. Og hey, árið 1970 hringdi og vill fá buxurnar sínar aftur.“ Krakkarnir hlæja allir með henni.

Ég byrja að titra og finn hvað mér verður allt í einu heitt. Mig langar mest að kyla hana, mikið andskoti getur hún verið vond! Ég hlæ bara með þessu því ég þori ekki að mót-mæla henni en vildi óska þess að jörðin gæti gleypt mig núna strax.



„HVAR FÉKKSTU ÞESSA

PEYSU SEM ÞÚ ERT Í?“

HRÓPAR HÚN OG HLÆR.

„FÉKKSTU HANA Í BÓNUS?

NEI, ÞAÐ GETUR EKKI

VERIÐ, ÞÚ ERT OF FÁTÆK

TIL ÞESS.“

Sannar sögur af fátækt:

Á morgun er aldrei nýr dagur

Á morgun er aldrei nýr dagur er safnrit um að alast upp í fátækt á Norðurlöndum. Charlotta Rós er einn tuttugu og fjögurra höfunda frásagna í bókinni. Þrjár aðrar íslenskar stúlkur segja frá veruleika sínum í bókinni. Sara Dögg Helenardóttir, 21 árs móðir. Þórhildur Víg-dögg Kristinardóttir, 17 ára mennta-skólanemi, og Alexandra Melkorka Róbertsdóttir, 15 ára sem dreymir um að verða rithöfundur. Bókin er gefin út af forlaginu Ordskaelvi í tilefni af afmæli barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.

Dregnar eru upp persónulegar svipmyndir af heimi sem annars er mörgum dulinn. Bókin er afurð ritlistarverkefnis fyrir ungmenni frá Danmörku, Finnlandi, Færeyjum, Grænlandi, Íslandi, Noregi og Svíþjóð. Ordskaelvi er ritstjófa og forlag í Kaupmannahöfn sem ekki er rekið í hagnaðarskyni og þar fengu ungmennin stuðning.

Norræna barna- og ungmennanefndin (NORDBUK) og Norræna ráðherranefndin um menningarmál höfðu frumkvæði að verkefninu en

Norræna húsið hefur umsjón með framkvæmd verkefnisins á Íslandi. Á vordögum 2016 tóku rithöfundarnir ungu þátt í vinnusmiðjum þar sem þeir nutu aðstoðar leiðbeinenda á eigin móðurmáli. Í júní hittust ungmennin svo í lýðháskólanum á Biskops Arnö, þar sem þau hittu einnig aðra rithöfunda og ritstjóra. Afraksturinn eru frásagnir, sannar sögur af fátækt en höfundar voru allir sam-mála um að þeirra ósk væri nú og þá að fólk meðtæki veruleika þeirra og brygðist við.



Bókin Á morgun er aldrei nýr dagur.

16-3889 - HVITA HÚSIÐ / SJA



FARÞEGASPÁ KEFLAVÍKUR-FLUGVALLAR 2017

MORGUNFUNDUR ISAVIA

— FERÐAÞJÓNUSTAN ÁRIÐ UM KRING

Isavia boðar til morgunfundar þann 23. nóvember næstkomandi í Þingsölum á Hótel Reykjavík Natura kl. 8:30.

Á fundinum verður kynnt farþegaspá Isavia fyrir Keflavíkurflugvöll fyrir árið 2017, farið yfir framkvæmdir á flugvöllinum og þróun ferðaþjónustunnar í nánustu framtíð. Í spánni kemur m.a. að aukning ferðamanna yfir vetrartímann verður mun meiri en áður hefur verið sem staðfestir að ferðaþjónustan á Íslandi er orðin að heilsársatvinnugrein.

Dagskrá

— Björn Óli Hauksson, forstjóri Isavia ávarpar fundinn

FARÞEGASPÁ 2017

— Hlynur Sigurðsson, framkvæmdastjóri Viðskiptasviðs Keflavíkurflugvallar

FJÁRFESTINGAR OG FRAMKVÆMDIR Á KEFLAVÍKURFLUGVELLI 2017

— Guðmundur Daði Rúnarsson, framkvæmdastjóri Tækni og eignasviðs Keflavíkurflugvallar

FYRIRSPURNIR ÚR SAL

Í MIKLUM MEÐBYR GETUR VERIÐ ÓKYRRÐ

— Helga Árnadóttir, framkvæmdastjóri Samtaka ferðaþjónustunnar

LOKAORÐ

— Björn Óli Hauksson

Boðið verður upp á kaffi og léttu morgunhressingu.

SKRÁNING Á FUNDINN FER FRAM Á:
ISAVIA.IS/MORGUNFUNDUR



ISAVIA

Innblásturinn er sögur af fólki

Fyrirtækið As We Grow er í dyragættinni á stórum mörkuðum í Asíu og hlaut fyrir skömmu Hönnunarverðlaun Íslands. Sterk siðvitund og nýtni eru hugtök sem skipta eigendur fyrirtækisins miklu. Kveikjan að fyrirtækinu er ein peysa sem gekk barna á milli í mörg ár. „Ég hlusta á sögur,“ segir **Guðrún Ragna Sigurðardóttir** hönnuður um innblástur að flikum fyrirtækisins.

Kristjana Björg
Guðbrandsdóttir
kristjana@frettabladid.is



PETTA ER ÁSKORUN FYRIR OKKUR Á ÍSLANDI. VIÐ ÞURFUM AÐ HVETJA FÓLK TIL AÐ KAUPA SJALDNAR, STUÐLA AÐ BETRA SAM-FÉLAGI OG GÓÐU LÍFI.

Gréta Hlöðversdóttir

Í fallegu húsi nálægt Hlemmi starfa þær Gréta Hlöðversdóttir framkvæmdastjóri og Guðrún Ragna Sigurðardóttir hönnuður ásamt fleirum að vexti íslenska barnafatamerkisins As We Grow.

Það er huggulegur andi í litla húsinu. Út um gluggann sjá þær torgið taka breytingum en til stendur að opna matarmarkað á Hlemmi. Andinn á torginu mun án efa breytast mikið en allt í kring um torgið, við Hlemm og á Hverfisgötu hafa nýsköpunarfyrirtæki aðsetur. Þetta er gróskufull miðja borgarinnar.

Fyrirtækið stendur á ákveðnum tímamótum, merkið As We Grow er orðið þekkt á alþjóðamarkaði og fæst í fimmtíu verslunum í tíu löndum. Hér á landi eru sölustaðirnir fimmtán talsins, þeir helstu, Mýrin og Epal.

Þær eru að vaxa og þurfa að ákveða hvernig þær ætla að gera það. Verður stökkið stórt eða halda þær áfram að vaxa hægt og örugglega? Þær eru að meta stöðuna.

„Við erum komnar í dyragættina í Asíu, nánar tiltekið í Japan,“ segir Gréta sem útskýrir að sá markaður sé töluvert ólíkur þeim íslenska. „Það er dýrt að keppa á auglýsingamarkaði en Japanar geta hins vegar tekið tryggð við góða vöru. Maður vex ekki hratt nema það komi mikið af fjármagni inn. Við erum að móta okkar stefnu. Við gerum það reglulega, leggjum línurnar, kjörnum okkur,“ segir Gréta.

Kveikjan ein peysa

Fyrirtækið var stofnað fyrir aðeins fjórum árum og kveikjan var ein peysa.

„Peysa sem reykvisk módir sem við þekkjum þrjónaði. Peysan fór á flakk á milli margra barna í um tíu ár. Entist og skapaði ákveðið samband á milli barnanna og fólksins og er enn í notkun.“

Okkur langaði að búa til eitthvað sem myndi endast svona lengi og með tilvísun í íslensku arfleifðina, nýtnina og notagildið. Hanna eitthvað sem er tímalaut fyrir börn og



Guðrún Ragna og Gréta hjá As We Grow standa í dyragættinni á stórum mörkuðum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



Peysa og skyrtu úr nýrri línu.




Skemmtileg smáatriði gefa svip.



Flikur úr nýrri línu fyrirtækisins.



Litrik og skemmtileg hugmyndafla á vinnustofu As we grow. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



Hágæða bómull er notuð í framleiðsluna. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



Innblástur að flikum kemur úr sögum og frá fólki. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



Fallegar þrjónahúfur.



Flikur úr alpaca-ull.

**ALLT HRÁEFNI Í PEYSUR****SEM VIÐ FRAMLEIÐUM Í****PERÚ ER FRAMLEITT ÞAR.****ÞAÐ ER EKKERT VERIÐ****AÐ FLYTJA HRÁEFNI ÚR****EINUM STAÐ Í ANNAN TIL****FRAMLEIÐSLUNNAR.**

Guðrún Ragna Sigurðardóttir

Líka það mikil gæði að þér líði vel af því að hafa barnið þitt í þessu," segir Gréta frá.

Sterk siðvitund

Guðrún Ragna útskýrir að að baki flikunum liggja mikil þróunarvinna því sérstada fatnaðarins felist í sniðum sem leyfa hverri flik að vaxa með barninu og nýtist svo öðrum börnum. „As We Grow peysa getur dugað fyrir sex mánaða barn og 18 mánaða barn. Í staðinn fyrir að kaupa fjórar stærðir, þá kaupir þú eina peysu. Okkur finnst mikilvægt að flikin endist vel. Það sé hluti af umhverfis- og siðvitund fyrirtækisins," segir hún og segir að efnið sé ekki síður mikilvægt, en í flestar flikanna er notuð alpaca-ull frá Perú.

„Alpaca-ullin veldur ekki ofnæmi og hún er afar sterk," segir Guðrún Ragna. „Við notum líka pima-bómull í nokkrar flikur, hún er lífræn og hentar einstaklega vel í barnaföt. En mest notum við alpaca-ullina. Allt hráefni í peysur sem við framleiðum í Perú er framleitt þar. Það er ekkert verið að flytja hráefni úr einum stað í annan til framleiðslunnar," segir Guðrún Ragna.

Gréta segir þær hafa heillast af framleiðendum í Perú sem huga vel að aðbúnaði verkafólks. „Okkur var boðið til Perú og þá fannst okkur mjög jákvætt að þar eru ákveðin lög í landinu um aðbúnað og kjör fólks sem starfar í verksmiðjum. Og það er fyrir utan vottanir og stimpla sem framleiðslufyrirtækin eru með líka," segir hún og segir stóru merkin nú fara til Perú í auknum mæli. „Nú eru stóru merkin að fara þangað, Marc Jacobs og Ralph Lauren til að mynda. Fleiri og fleiri hátiskufyrirtæki eru að koma til Perú sem veldur því að alpaca-ullin hækkar í verði," útskýrir hún og segir slíka verðhækkun krefjast þess að þær útskýri vel fyrir neytendum hvað

sé falið í verði fatnaðarins sem þær selja. Að framleiðslan sé úr náttúrulegum hráefnum og allir birgjar og framleiðendur séu með viðurkenndar vottanir er varða samninga við starfsfólk og vinnuumhverfi.

Hvetja og fræða viðskiptavinum

Fyrirtækið keppir við ódýra merkjavöru á íslenskum markaði. „Flikurnar okkar eru dýrari en munurinn er ekki ýkja mikill þegar tekið er tillit til þess að ódýru flikurnar eru fjöldaframleiddar. Við þurfum að útskýra fyrir neytandanum og hvetja hann til nýtni. Við erum ekki að fjöldaframleiða í Kína og viljum ekki gera það. Þetta er áskorun fyrir okkur á Íslandi. Við þurfum að hvetja fólk

til að kaupa sjaldnar, stuðla að betra samfélagi og góðu lífi. Það er ábyrgð falin í því að kaupa vöru," segir Gréta og Guðrún Ragna tekur undir.

„Það er rosalega mikilvægt að vera meðvitaður neytandi. Þegar þú borgar aðeins meira fyrir vöru þá ferðu betur með hana. Ef það kemur eitthvað fyrir hana þá lagar þú hana en hendir henni ekki. Þværd og hengir upp en hendir ekki á gólfid. Það er ákveðin virðing," segir hún.

Sjálfr er Gréta í peysu úr alpaca-ull frá Perú. „Ég hef ekki þvegið þessa peysu í tvö ár. Þess þarf ekki, það þarf bara rétt að þurrka af henni og viðra. Þetta eru ótrúleg gæði," bendir hún á. Víða á vinnustofunni má sjá vinnutöflur þar sem Guðrún

Ragna hefur fest á hluti sem veita henni innblástur. „Ég set upp hluti sem mér finnst heillandi. En innblásturinn er samt sem áður miklu meira í fólki og samskiptum við það. Ég hlusta á sögur og það er einhvern veginn það sem mér finnst skemmtilegast. Svo eru það líka auðvitað börnin mín og börn systkina minna. Þau hafa oft ótrúlega mikið að segja sjálf um fötin. Það skiptir rosalega miklu máli að hlusta. Líka að hlusta á viðskiptavininn. Maður tekur það inn og vinnur með það, reynir að koma til móts við skilaboðin sem maður fær," segir hún og segir að flikurnar þeirra séu í stöðugri framþróun. „Við erum með fullt af fötum áfram

ár eftir ár, en samt hafa verið gerðar á þeim smávægilegar breytingar. Þau eru í stöðugri þróun," segir Guðrún Ragna.

Talið berst að fullorðnu fólki sem þrýsti á um framleiðslu á fatnaði fyrir það sjálft. „Fyrirtækið hóf á árinu 2015 sölu á fullorðinsvörum sem slegið hafa í gegn á Íslandi. Fullorðinslína As We Grow samanstendur af flikum úr alpaca-ull sem einkennist fyrst og fremst af því hversu mjúk hún er og nær að halda mjúku hitastigi á líkamanum. Byrjað verður að kynna fullorðinslína í Japan á þessu ári og um er að ræða peysur, slár sem er hægt að nota sem trefla líka, húfur og lambhúshettu," segir Gréta.

Kynningarfundur vegna hlutafjárútboðs í Skeljungu

Arion banki býður til kynningarfundar vegna útboðs á hlutabréfum í Skeljungu þriðjudaginn 22. nóvember í höfuðstöðvum Arion banka, Borgartúni 19.

Dagskrá

8.15 Morgunkaffi

8.30 Iðna Brá Benediktsdóttir, framkvæmdastjóri fjárfestingarsviðs Arion banka, opnar fundinn

Valgeir M. Baldursson, forstjóri Skeljungs, kynnir fyrirtækið

Pétur Richter frá fyrirtækjaráðgjöf Arion banka fjallar um útboðið

9.30 Fundarlok

Skráning á arionbanki.is

 Arion banki
– fyrir framtíðina





„Ég er að reyna að finna út úr því hvað ég geri mér til lífbrauds. Ég vil bara að mér liði þannig að ég sé að gera eitthvað sem skiptir máli,“ segir Helgi Hrafn. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Kristjana Björg
Guðbrandsdóttir
kristjana@frettabladid.is



Eineltishegðun á Alþingi

Helgi Hrafn Gunnarsson hætti á Alþingi en getur hugsað sér að halda áfram í stjórn máli. Hann lærði af grófu einelti í æsku og setti sér mörk á Alþingi og segir hegðun þar óboðlega.

Helgi Hrafn Gunnarsson, fyrrverandi þingmaður Pírata, ákvað í sumar að bjóða sig ekki fram í afstöðnum alþingiskosningum. Þess í stað tilkynnti hann að hann ætlaði að leggja krafta sína í grasrót flokksins. „Ég get hugsað mér að halda áfram í stjórn máli, en kem ekki á Alþingi í þetta sinn. Ég kem kannski aftur seinna,“ segir hann og útskýrir að það geri hann sérstaklega ef stjórnarskrármálið krefjist þess.

Hann drekkur kaffi á kaffihúsi í Borgartúni með fartölvuna fyrir framan sig á borðinu. Aðspurður um næstu verkefni segist hann vilja gera gagn. „Ég er að reyna að finna út úr því hvað ég geri mér til lífbrauds. Ég vil bara að mér liði þannig að ég sé að gera eitthvað sem skiptir máli. Vinna að úrbótum, ná mikilvægu markmiði. Það er ansi margt sem er mikilvægt,“ segir Helgi Hrafn og hlær. Hann vill skoða framtíðina með opnum huga.

Af hverju bauðstu þig ekki fram? „Tja af hverju býður þú þig ekki fram? Það eru svo margar ástæður fyrir því að ég hætti. Það að vera á þingi tekur yfir líf manns. Maður starfar ekki á þingi, maður er þingmaður. Þegar maður tekur þessa ákvörðun þá þarf maður að velja á milli tveggja gjörólíkra lífsstíla, og ég valdi að vera óbreytt borgari þetta kjörtímabil. Mér finnst ekki gaman að vera stjórn mála maður. Mér finnst það glatað eins og staðan er núna. Samt finnst mér

ég góður stjórn mála maður og ég býð mig sennilega aftur fram en þá verður það ekki til gamans.“

Þetta er töff klemma? „Já,“ segir Helgi Hrafn og brosir. „En svona er þetta bara.“ En myndir þú þiggja ráðherrastarf? Ef þér yrði boðið það?

„Ég myndi ihuga það eftir atvikum. En ég geri það ekki valdanna vegna. Mér finnst sjúkt að þrá völd. Ég vorkenni fólki sem gerir það. Vald er viðbjóður og fer illa með sumt fólk.“

Hvernig list þér á stjórnarmyndunarviðræðurnar svona hingað til? „Ég hef ekki miklar skoðanir á því sem fer fram núna. Við útnefndum þrjá aðila til þess að fara með umboðið fyrir okkar hönd og við treystum þeim til verksins.“

Leið þér illa í starfi á Alþingi? „Ég hef oft heyrt þá kenningu að ég hafi brunnid út og ekki meikað þetta lengur. Það er ekki rétt, en ef svo væri, hvað með það? En stundum leið mér illa, stundum leið mér vel.

Þetta er svo mikið brjálæði, þetta starf.“

Áttu erfið samskipti innan Pírata þátt í að þú hættir? „Nei, alls ekki. Margir halda að vinnustaðasálfræðingur komi inn til að lýsa því yfir að samskipti séu varanlega ónýtt. Og líta á notkun slíkrar þjónustu sem endanlega viðurkenningu á því að eitthvað sé í steik. En þetta eru fagmenn í mannlegum samskiptum til að finna lausnir. Það er nákvæmlega það sem hann gerði. Það fannst fin lausn.“

Hver var hún? „Ég vil ekki fara út í það. Þetta eru trúnaðarsamtöl um hegðun fólks sem er ekki hérna. Mér finnst það ekki sanngjarnt gagnvart öllum þeim sem unnu að lausn í málinu. Manneskjur eru þannig að þær tjá sig á mismunandi hátt og hafa misjafnar hugmyndir um mörk. Leiðin áfram er að finna leið til þess að vinna áfram saman. Vinnustaðasálfræðingur gefur verkfæri til að vinna að góðum samskiptum. Mér finnst alveg nægja

að segja: Eina sem mér finnst hafa erindi til almennings er það að þegar maður er að vinna með fólki sem er með aðra sýn á lífið og tilveruna þá er það á ábyrgð hvers og eins að finna leið til að láta þetta virka.

Við erum líka ekki bara stjórn málamenn, við erum líka manneskjur,“ segir Helgi Hrafn og segir samskiptaörðugleika oft koma upp í stjórn máli.

„Samskiptaörðugleikar eru oft vegna þess að fólk er með sterka og ólíka sýn. Það er auðvitað algengt í stjórn máli. Stjórn máli eru fáránlega óhollt umhverfi.“

Helgi Hrafn segir að hegðun sem þykir eðlileg á Alþingi myndi aldrei líðast annars staðar. „Tölum aðeins um ofbeldi og einelti. Hegðunin sem þykir fullkomlega eðlileg í stjórn máli myndi aldrei líðast á vinnustað. Þú ferð í pontuna og rökstyður þitt mál. Þá kemur einhver annar í pontuna, tekur það sem þú sagðir, snýr því á hvolf, niðurlægir þig, reynir að gera það sem mest. Þetta er rugl og það eru sjálfsagt einhverjir sem geta ekki sofidi. Ég er heppinn því ég get það. Ég hef þraukað í gegnum svo margt í mínu lífi að ég á auðvelt með að glíma við þetta og setja mér mörk,“ segir Helgi Hrafn og vísar í gróft einelti sem hann varð fyrir í æsku.

„Ég gekk í gegnum mjög



ÞÁ KEMUR EINHVER

ANNAR Í PONTUNA, TEKUR

ÞAD SEM ÞÚ SAGÐIR, SNÝR

ÞVÍ Á HVOLF, NIÐURLÆGIR

ÞIG, REYNIR AÐ GERA ÞAD

SEM MEST.



Glæsilegur

Hyundai Tucson.

Fjór hjóladrifinn sjálfskiptur eða beinskiptur, bensín eða dísil.



Nýr Hyundai Tucson er einstaklega fallegur, með sjálfskiptingu, fullkomið fjór hjóladrif og sparneytna bensín- eða dísilvél. Komdu og upplifðu gæði Hyundai í reynsluakstri á nýjum Hyundai TUCSON með fimm ára ábyrgð. **Hyundai Tucson - verð frá 4.490.000 kr.**

Hyundai | Kaupúni 1 | Sími 575 1200 | www.hyundai.is

GE bílar Reykjanesbæ www.gebilar.is 420 0400	Bílasalan Bílás Akranesi www.bilas.is 431 2622	Bílasala Akureyrar Akureyri www.bilak.is 461 2533	Bílaverkstæði Austurlands Egilsstöðum www.bva.is 470 5070	IB ehf. Selfossi www.ib.is 480 8080	BL söluumboð Vestmannaeyjum 481 1313 862 2516
---	---	--	--	---	--

Hyundai Tucson / Dísilvél 2,0 lítrar, 136 hestöfl, eldsneytisnotkun 6,1 l/100 km* / Bensínvél 1,6 lítrar, 175 hestöfl, eldsneytisnotkun 7,6 l/100 km*. Öllum Hyundai bílum fylgir 5 ára verksmiðjuábyrgð og ótakmarkaður akstur.

 **HYUNDAI**

OPIÐ Í DAG FRÁ 12-16

heftarlegt einelti í æsku. Það styrkti mig. Vegna þess að ég komst út úr því. Svona meðferð á manneskju breytir hins vegar upplifun hennar á heiminum. Það tekur langan tíma að vinna úr þessu. Að læra að takast á við þetta fyrirbæri, það getur orðið helvíti grímt. En það getur hjálpað í starfinu á Alþingi að bera kennsl á ákveðna hegðun og setja sér mörk.

Þegar ég er að rökræða um ákveðin málefni þá fer fólk stundum í persónuna og í árásir. Það sem ég geri stundum er að endurvarpa þessu og segja: Allt í lagi, þá er ég ömurleg manneskja, erum við þá búin að ræða það og getum við haldið áfram að ræða málefni? Ég hef engan áhuga á því hvað öðru fólki finnst um mig og nenni ekki svona rugli.“

Hann segir eineltið hafa mótað sig. „Þetta var bæði líkamlegt og andlegt ofbeldi. Einelti útskúfar manni úr samfélaginu. Maður fer að upplifa sig sem viðrini í samfélagi sem maður er ekki hluti af og maður venst því. Maður lærir bara að lifa með þessu.“

Hefur fólk beðið þig afsökunar? „Sumir hafa beðist afsökunar. Einn og einn. Og sögðu þá að þeim þætti fyrir því hvernig þeir höguðu sér. Fólk skilur ekkert hvað það er að gera. Svo það mig einn afsökunar sem tók ekki þátt í þessu. Mér fannst það töff. Hann var bara ekki alveg viss en með sterka samvisku.“

Ef þetta væri bara einn og einn, þá væri þetta ekki flókið. En einelti virkar þannig að það er allt samfélagið sem tekur þátt í því óbeint. Það þorir enginn sem er ekki að beita mann ofbeldi að vera með manni. Maður verður félagslega eittraður. Einhver, sem líkar ágætlega við mann, þorir ekki að nálgast mann af ótta. Þess vegna gerist þetta að þeir sterku ráða og restin fylgir.“

Að hans mati ættu vinnustaðasálfræðingar að starfa á Alþingi. Einn fyrir hvern flokk. Það myndi bæta vinnubrögð og orðræðu. „Þetta er ein af mínum róttæku þælingum. Mér finnst að hver og einn flokkur ætti að vera með vinnustaðasálfræðing í vinnu fyrir sig. Því þetta er svo grímt og miskunnarlaust. Þetta eru allt góðar manneskjur en eðli starfsins vegna þarf fólk að fá aðstoð. Það er ekki við öðru að búast í þessu starfi en miklum samstarfsörðugleikum. Ég segi það við nýliðana sem eru á leið inn á þing: Ekki láta ykkur detta í hug að það verði einhver friður. Það væri líka gott að hafa viðmið, siðareglur um það hvernig ákveðinn hópur starfar. Þær væru enginn dómstóll heldur bara leiðbeiningar því að í þessu starfi eru ófgar, veikleikar verða áberandi og hæfileikar dýrmætari.“

Helgi Hrafn hefur verið ötull talsmaður þess að bæta vinnubrögð á þingi. „Það er ekki hægt að sinna starfinu jafn vel og fólk heldur. Þú sérð það að samkvæmt þingsköpum þá má þingmaður ekki vera í fleiri þingnefndum en tveimur. En tvö okkar voru í einni aðalnefnd og tveimur öðrum sem áheyrnarfulltrúar. Það er ekki hægt. Það er líkamlega ekki hægt. Ég var í atvinnuveganefnd og allsherjarnefnd á sama tíma. Svo var allt brjáláð ef maður mætti ekki í aðra nefndina. Það var bara ætlast til þess að við værum vel inni í starfi allra nefndina. Við höfðum ekki mannskap í þetta. En nú erum við tíu talsins og mætum öflugri til leiks.“

En það verður að laga þetta þannig að litlir flokkar geti starfað. Svo er hitt líka, að kjósendur þurfa að minnka væntingarnar.

Ég er hættur að skilja hvað almenningur er að miða við. Ég veit alveg hvernig ég hugsaði um þingmenn áður en ég fór á þing sjálfur. Það er einhver gullinn dýrðarljómi sem þingstórf eru metin eftir. Ég veit ekki alveg hvaðan þessi hugmynd kemur. Hvenær var fólki sagt það að þingmenn almennt læsu öll mál sem færu til þingsins? Hver gaf fólki þessa hugmynd? Hver gaf fólki þá hugmynd að það væri vandamál á þinginu að fólk væri



„Það er ekki þannig að menn gangi inn í Alþingishús og breytist í einhverja aumingja. Þetta er allt harðduglegt fólk,“ segir Helgi Hrafn viss um að það megi breyta til góds.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**MAÐUR VERÐUR FÉLAGS-
LEGA EITRAÐUR. EINHVER,
SEM LÍKAR ÁGÆTLEGA VIÐ
MANN, ÞORIR EKKI AÐ
NÁLGAST MANN AF ÓTTA.**

ekki að vinna vinnuna sína? Ég er með tilgátu, það er vegna þess að þingið virkar allt öðruvísi en fólk heldur. Þar ríkir minna skipulag en fólk getur imyndað sér. Þá hafa stjórnálamenn alltaf tilhneigingu til þess að láta eins og þeir ráði við þetta allt sjálfir. Þingmaður sem er í viðtalsþætti viðurkennir ekki vankunnáttu. Hann þykist vera vel inni í málum sem hann er ekki vel inni í. Hann býr til þessa falsmynd. Það kemur bara fullt af orðum sem þýða afskaplega lítið.

Maður lærir mjög fljótt að tala þannig. Ég gæti haldið langa ræðu um ekki neitt. Það er mjög einfalt. Margir gera þetta frekar en að segja, ég er að drukna í málum og ræð

ekki við þetta. Enda eru dómarnir sem koma mjög harðir.“

Hvernig fannst þér kosningabaráttan fara fram, var kveikt á ótta við Pírata?

„Já, það var gert. Í þessari kosningabaráttu var búin til vinstri grýla og svo brjálæðingagrýla. Eins og Bjarni Benediktsson orðaði það þá leist honum ekkert á að fá fólk til valda sem ætlaði að taka stjórnarskrána, rífa hana í tætlur og henda henni í ruslið. Mér fellur illa svona tal. Því auðvitað er þetta hugmynd sem enginn hefur stungið upp á. Frekar augljóst. Þetta finnst mér áhugavert við pólitík og það sem ég er mest að þæla í þessa dagana. Það er hvað óheiðarleiki er innbyggður í

stjórnarmál. Þá er ég ekki bara að tala um óheiðarleika stjórnálamanna sem birtist í orðum og gjörðum, líka almennings, kjósenda. Bjarni upplifði sig ekkert sem óheiðarlegan, en þetta er þvæla. Niðurlægjandi tal. Mér leiðist þetta,“ segir Helgi Hrafn og tekur fram að það sé umgjörðin og kúltúrinn sem skemmi fyrir. „Ég er ekkert að taka Bjarna sérstaklega fyrir, þetta á við um alla og þar á meðal mig sjálfan. Það er ekki þannig að menn gangi inn í Alþingishús og breytist í einhverja aumingja. Þetta er allt harðduglegt fólk sem leggur mikið á sig og uppsker lítið. En það má breyta hlutunum til góds, ég hef trú á því.“



Jóna Hjálmsdóttir fann fljótt mun á sér eftir að hún byrjaði að taka inn Active Liver. Margar ástæður geta verið fyrir því að fita safnast upp í lifrinni, til dæmis áfengisneysla.

ACTIVE LIVER VIRKAR FYRIR MIG

Fita er ekki bara bundin við maga, rass og læri. Hún getur einnig sest innan í líffærin, þar á meðal lifrina.

Jóna Hjálmsdóttir hefur notað Active Liver í nokkra mánuði með góðum árangri. „Ég ákvað að prófa Active Liver eftir að ég sá að það er úr náttúrulegum efnum og ég hef fulla trú á að náttúruvefnin í vörunni stuðli að eðlilegri lifrarstarfsemi. Ég er sjúkraliði að mennt og er meðvitað um líkamstarfsemina og veit að fita getur safnast á lifrina, þess vegna vildi ég prófa.“

Hún segist fljótt hafa fundið mun á sér. „Ég fékk fljótlega aukna orku og mér finnst auðveldara að halda mér í réttri þyngd, enda inniheldur Active Liver kólín sem stuðlar að eðlilegum fituefnaskiptum. Ég er í vinnu

þar sem ég þarf að vera mikið á ferðinni, ég er í góðu formi, og hef trú á að Active Liver virki fyrir mig. Einnig finn ég mikinn mun á húðinni, hún ljómar meira og er mýkri. Ég er mjög ánægð með árangurinn og mæli með Active Liver fyrir fólk sem hugsar um að halda meltingunni góðri,“ segir Jóna.

Starfsemi lifrarinnar hefur mikið að segja um líkamlegt heilbrigði og hefur lifrin mikla þýðingu fyrir efnaskiptin. Það geta verið margar ástæður fyrir því að fita safnast upp í lifrinni. Það getur verið vegna áfengisneyslu en það getur einnig verið vandamál hjá fólki í yfirþyngd. Þreyta

“Ég fékk fljótlega aukna orku og mér finnst auðveldara að halda mér í réttri þyngd, enda inniheldur Active Liver kólín sem stuðlar að eðlilegum fituefnaskiptum.

Jóna Hjálmsdóttir

og þróttleysi geta verið merki um að mikið álag sé á lifrinni.

NÝTUR ÞÚ LÍFSINS OF MIKIÐ?

Þegar lífinu er lifað til fulls er auðvelt að finna fyrir því og það sést á fólki. Dagsdaglega leiðir fólk almennt ekki hugann að lifrinni. Hún gegnir þó mikilvægu hlutverki varðandi efnaskipti og niðurbrot á fitu. Of mikið af kolvetnum, of mikið áfengi og feitur matur valda of miklu álagi á starfsemi lifrarinnar og gallsins.

Matur sem neytt er nú á dögum inniheldur meira af kolvetnum en matur sem forfeður okkar neyttu. „Við erum ekki vön þeim. Of stór skammtur af kolvetnum miðað við

prótein gerir lifrinni erfitt að viðhalda eðlilegum efnaskiptum og niðurbroti á fitu. Sem betur fer eru það ekki einungis prótein sem geta örvað lifrarstarfsemina,“ útskýrir Ólöf Rún Tryggvadóttir, framkvæmdastjóri hjá IceCare.

Active Liver inniheldur náttúrulegu jurtirnar túrmerik og svartan pipar. Einnig ætíðistil og mjólkurbistil sem eru þekktir fyrir að stuðla að eðlilegri starfsemi lifrarinnar og gallsins. Einnig inniheldur Active Liver kólín sem stuðlar að eðlilegum fituefnaskiptum, viðheldur eðlilegri starfsemi lifrarinnar og stuðlar að eðlilegum efnaskiptum að því er varðar amínósýruna hómósysteín.

SÖLUSTAÐIR OG UPPLÝSINGAR Vörurnar eru fáanlegar í öllum apótekum, heilsuverslunum og heilsuhillum stórmarkaðanna.

Hægt er að nálgast frekari upplýsingar á heimasíðu IceCare, www.icecare.is

IceCare
þín heilsa


Lifirðu krefjandi lífi?

Heilinn og líkaminn þurfa á fjölbreyttum næringarefnum að halda til að tryggja gott ástand og eðlilega frammistöðu. Þessi næringarefni eru enn mikilvægari ef líf okkar er annasamt og krefjandi, fullt af streituvaldandi aðstæðum og óvæntum uppkomum.

Hvernig virkar No Stress?

No Stress inniheldur Lavender sem á þátt í að auka slökun og stuðla að eðlilegum svefni. Pantothenic sýra og L-theanin í grænu tei ýtir undir eðlilega andlega starfsemi og hjálpar meðal annars með einbeitingu. C vítamín sem hjálpa til við að viðhalda eðlilegri hugrænni starfsemi ásamt því að slá á slen og þreytu. Joð leggur sitt af mörkum til að viðhalda eðlilegri hugrænni starfsemi sem er afar mikilvægur þáttur í andlegri hæfni.

No Stress fæst í apótekum, heilsuverslunum og heilsuhillum stórmarkaðanna. Nánari upplýsingar eru á www.icecare.is



Elin Albertsdóttir
elin@365.is



Víkingur er sonur Kristjáns Jóhannssonar óperusöngvara og Sigurjónu Sverrisdóttur. Þótt hann sé alinn upp í óperuheiminum langaði hann aldrei að feta þá braut. Hins vegar hefur hann mikla unun af klassískri tónlist og leikhúsi. „Pabbi var duglegur að taka okkur systkinin með sér í ferðalög, gjarnan eitt í einu, þannig að við fengum að njóta okkar í miklu dekri og kynnst leikhúsunum,“ segir Víkingur. Hann starfar núna á falinni perlu, privat gistiheimili í Fljótunum í Skagafirði sem er í eigu erlendra aðila. Þar dvelja stórstjórnur og efnafólk og nýtur íslenskrar náttúru í skjóli fjalla. Víkingur hefur starfað þar frá opnun í apríl sl. og er bundinn trúnaði um gesti.

ÍSLAND KOM Á ÓVART

Víkingur segir að hann hafi alltaf litið á sig sem Ítala þangað til hann fluttist til Íslands árið 2012. „Foreldrar mínir fluttu hingað til lands 2009. Ég hafði einungis komið hingað í stuttar heimsóknir að sumri eða um jól svo ég þekkti landið ekkert sérstaklega vel. Það hefur hins vegar komið mér stórkostlega á óvart og ég er búinn að finna Íslendinginn í mér. Listir, menning, tónlistarlíf og hönnun er á heimsælikvarða þrátt fyrir fámennið sem hér býr. Mér finnst það frábært. Auk þess eru verkalyðsmál miklu betri en á Ítalíu,“ segir hann.

„Ég heillaðist af mannlífinu við Gardavatnið þegar ég var að alast upp. Þar var mikill ferðamannastraumur. Það var svolítið skemmtilegt að þegar ég kom til Íslands upplifði ég líka þennan ferðamannastraum og að Ísland var ekki síður vinsælt en Gardavatnið. Ég hef mjög gaman af því að kynnst fólki frá ólíkum stöðum í heiminum. Ítalska er fyrsta tungumálið mitt og allir mínir vinir eru ítalskir,“ segir Víkingur en bætir við að foreldrar hans hafi alltaf talað íslensku heima. „Ég lærði líka íslensku af au pair



Víkingur Kristjánsson hefur helgað sig barþjónsstarfinu frá fimmtán ára aldri. Hann kann að búa til flotta kokteila. MYND/GVA

FRÁ ÍTÖLSKUM BÖRUM Í SKAGFIRSKA SVEIT


Víkingur Kristjánsson á langan feril að baki sem starfsmaður á börum og veitingastöðum á Ítalíu þótt hann sé enn ungur að árum. Frá unglingsaldri varð hann hugfanginn af veitingarekstri við Gardavatnið þar sem hann er alinn upp. Víkingur starfar núna í gistihúsi ætluðu efnafólki.

stúlkum sem aðstoðuðu á heimilinu en þær voru alltaf frá Íslandi. Mig langar samt að læra íslenskuna betur en hef ekki komið því í verk.“

FLOTTIR KOKTEILAR

Víkingur segist hafa mjög gaman af því að prófa nýja hluti. Eftir að hafa starfað sem barþjónn á Slippbarnum, Koli og Öldu hóteli í Reykjavík lagði hann land undir fót og hóf störf á vinsælasta ítalska veitingahúsinu í Haag í Hollandi sem nefnist La Passione. „Þar störfuðu bara Ítalir og það var gaman að tengjast þeim aftur,“ segir Víkingur. Hann var þar í eitt og hálf ár áður en hann flutti í skagfirsku sveit.

„Ég byrjaði fimmtán ára að vinna á bar við Gardavatnið en færði mig síðan yfir á pitsustað. Þar kynntist ég manni sem rak vinsælan kokteilar, Nautilus, en þar starfaði ég um tíma. Þaðan lá leiðin á kaffibar en þá var ég orðinn leiður á að vinna á nóttunni. Barstarfið dró mig aftur til sín þegar ég var beðinn um að reka vinsælan skemmtistað við ströndina. Staðurinn tók á milli 2-3.000 gesti. Þetta var sumar-skemmtistaður þar sem dansað var utanhúss,“ segir Víkingur þegar hann rekur feril sinn áður en hann flutti hingað til lands. Á



Víkingur í íslensku sveit.

Slippbarnum kynntist hann Ásgeiri Má Björnssyni yfirþjóni sem Víkingur segir að hafi komið kokteilum á kortið hjá Íslendingum. „Hann er mikill kokteilmestari,“ segir hann, „og kenndi mér margt.“

ÍSLENSK JÓL

Víkingur ætlar að vera á Íslandi áfram og segir að það sé ýmislegt sem hann langi til að gera. „Það kom mér á óvart hvað Reykjavík er alþjóðleg borg. Íslensk tónlist er til dæmis stórkostleg,“ segir hann. Öll fjölskyldan er nú á Íslandi nema bróðir hans, Sverrir, sem starfar við tölvuleikjagerð í San Francisco og er kvæntur hálfbandarískri konu. „Svo á ég yngri systur, Rannveigu, sem er nemandi í MR,“ segir Víkingur en þess má geta að amma hans, Rannveig Guðmundsdóttir, var lengi alþingismaður.

Víkingur segir að Ítalía eigi stóran stað í hjarta hans. „Ég á eftir að fara þangað í heimsóknir enda á ég marga vini þar. Ítalskur matur er líka í miklu upphaldi hjá mér. Á jólnum borðum við hins vegar hefðbundinn íslenskan mat,“ segir hann. „Mér finnst stemningin á Íslandi á aðventu og jólam æðisleg,“ segir þessi ungi en reynslumikli barþjónn.

HUMARSÚPA

Súpan er fullleidd og aðeins þarf að hita hana upp



Við notum ekki MSG í súpuna okkar. Hún fæst í öllum helstu matvöruverslunum og stórmörkuðum landsins.



FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

ÚTGEFANDI: 365 MIÐLAR | **ÁBYRGÐARMAÐUR:** Svanur Valgeirsson
UMSJÓNARMENN EFNIS: Elin Albertsdóttir, elin@365.is, s. 512 5349 | Lilja Björk Hauksdóttir, liljabjork@365.is, s. 512 5372 | Ragnheiður Tryggvadóttir, heida@365.is, s. 512 5367 | Sólveig Gísladóttir, solveig@365.is, s. 512 5351 | Starri Freyr Jónsson, starri@365.is, s. 512 5358 | Vera Einarsdóttir, vera@365.is, s. 512 5357
SÖLUMENN: Atli Bergmann, atlib@365.is, s. 512 5457 | Jóhann Waage, johannwaage@365.is, s. 512 5439 | Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@365.is, s. 512 5429 | Ólafur H. Hákonarson, olafurh@365.is, s. 512 5433

NÝ LAUSN VIÐ LIÐVERKJUM: GLUCOSAMIN LYFIS

LYFIS kynnir Glucosamin LYFIS sem ætlað er við vægri til meðalsvæsinni slitgigt í hné. Lyfið fæst án lyfseðils í öllum apótekum. Glucosamin LYFIS er í duftformi í skammtapokum og er leyst upp í vatni. Auðvelt er að taka lyfið inn og einungis þarf að taka það einu sinni á dag.



FJÖLDI RANNSÓKNA STAÐFESTIR VIRKNI GLUCOSAMIN SÚLFATS

„Margar rannsóknir hafa verið gerðar sem staðfesta virkni glucosamin súlfats við einkennum vægrar til meðalsvæsinnar slitgigtar í hné og hefur það lengi verið notað við liðverkjum. Síðan 2007 hefur verið gerð sú krafa að vörur sem innihalda glucosamin séu framleiddar og seldar sem lyf sem tryggir gæði, virkni og öryggi vörunnar,“ segir Hákon Steinsson, lyfjafræðingur hjá LYFIS.

HEILBRIGÐUR LIÐVÖKVI OG BRJÓSK ER MIKILVÆGT FYRIR HREYFANLEIKA LIÐA

Hnéliðurinn er stærsti liður mannslíkamans og á honum er mikið álag við dagsins amstur. Mikilvægur þáttur í hreyfanleika liða er brjósk sem hylur enda beinanna sem mætast og liðvökvinn sem auðveldar hreyfingar. Við slitgigt, í hné og öðrum liðum, koma fram skemmdir í liðnum, þar með talið þynning á liðbrjóskinu ásamt því að yfirborð þess verður grófara. Breyting verður einnig á beini og öðrum vefjum þannig að hreyfanleiki verður ekki eins og hann á að vera.



Liðverkir hrjá fjölda fólks og mikið mæðir á hnjáliðum sem eru stærstu liðir líkamans. Brjósk og liðvökvi eiga stóran þátt í hreyfanleika liða og þegar skemmdir verða minnkar hreyfanleiki og verkir geta komið fram.

GLUCOSAMIN SÚLFAT VIÐHELDUR GÆÐUM LIÐVÖKVA OG DREGUR ÚR NIÐURBROTI BRJÓSKS

Glucosamin LYFIS inniheldur glucosamin súlfat sem er eðlilegur efnisþáttur í liðbrjóski og liðvökva. Rannsóknir hafa sýnt að inntaka glucosamin súlfats örvar nýmyndun mikilvægra „smurfna“ í liðum, m.a. hýalúrónsýru. Auk þess hefur glucosamin

súlfat einnig reynst hindra virkni brjóskkeyðandi ensíma sem og myndun annarra vefjaskaðandi efna. Þessi áhrif geta stuðlað að vægri bólgueyðandi verkun. Vegna verkunarmáta glucosamins geta liðið nokkrar vikur þar til dregur úr einkennum slitgigtar (einkum verkjum). Glucosamin LYFIS fæst í 30 skammta pökkum í apótekum og er á góðu verði.



Glucosamin LYFIS inniheldur glucosamin súlfat í duftformi og inniheldur hver pakki 30 skammtapoka. Duftið er leyst upp í vatni og er því auðvelt til inntöku og einungis þarf að taka einn skammt á dag.

Glucosamin LYFIS hentar fyrir þá sem finna fyrir liðverkjum vegna slitgigtar

- Glucosamin er náttúrulegur efnisþáttur í liðbrjóski og liðvökva
- Fjöldi rannsókna á glucosamin súlfati staðfesta virkni þess
- Einn skammtur á dag
- Leyst upp í vatni - auðvelt að taka inn

- Nær bragðlaust
- Ódýrari valkostur



Notkunarvið: Glucosamin LYFIS er notað til að draga úr einkennum vægrar til meðalsvæsinnar slitgigtar í hné. **Ekki má nota lyfið** ef um er að ræða ofnæmi fyrir glucosamini, einhverju öðru innihaldsefni lyfsins eða fyrir skelfiski, þar sem glucosamin er unnið úr skelfiski og ef um er að ræða meðfæddan efnaskiptasjúkdóm (fenylketonmigu). **Gæta skal sérstakrar varúðar:** Einstaklingar með sykursýki, astma, alvarlegt lífrar- eða nýrnvandamál, óþol fyrir einhverjum tegundum sykurs eða eru á natriúmskerti fæði skulu leita ráða hjá lækni áður en lyfið er notað. Einnig þarf að útiloka að um sé að ræða annan liðsjúkdóm. **Meðganga og brjóstgjöf:** Ekki liggja fyrir nægilegar upplýsingar um notkun og því skal ekki nota Glucosamin LYFIS á meðgöngu eða samhliða brjóstgjöf. **Skömmun:** Fullorðnir, einnig aldráir. Innihald eins skammtapoka á dag, helst með mat. **Algengustu aukaverkanir:** Ógleði, kvíðverkur, meltingartruflanir, vindgangur, hægðatregða og niðurgangur. **Lesið vandlega fylgiseðil sem fylgir lyfinu.** SmPC: Febrúar 2014.

NAGLSVEPPIR - LAUSN ÁN LYFSEÐILS

LYFIS kynnir Amorolfín ratiopharm lyfjalakk á neglur við naglsveppum sem fæst án lyfseðils í næsta apóteki.

EINA LYFIÐ ÁN LYFSEÐILS VIÐ NAGLSVEPPUM


„Amorolfín ratiopharm er eina lyfið við naglsveppum sem fæst án lyfseðils á Íslandi,“ segir Hákon Steinsson, lyfjafræðingur hjá LYFIS. „Það var mjög ánægjulegt að bæta lyfinu við úrval lausasölu lyfja LYFIS, en við höfum markvisst unnið að því að auka framboð lyfja sem hægt er að kaupa án lyfseðils.“

STAÐBUNDIN VERKUN OG AUKAVERKANIR SJALDGÆFAR

Lyf sem innihalda amorolfín eru komin í lausasölu í nokkrum öðrum Evrópulöndum og hefur tilkoma lyfsins í lausasölu aukið aðgengi almennings að meðferðarkosti við naglsveppum. Amorolfín er breiðvirkt sveppalyf sem er mjög virkt gegn algengum tegundum af naglsveppum. Amorolfínið smýgur úr lyfjalakkinu inn í og í gegnum nöglina og getur þar af leiðandi útrýmt sveppum sem er illa aðgengilegur í naglbeðnum. Þar sem meðferðin er staðbundin eru aukaverkanir mjög sjaldgæfar og þá aðallega svæðisbundnar, sem er mikill kostur fyrir notandann. Algengustu einkennum naglsveppasýkingar eru þykkun naglarinnar og litabreyting. Nöglin getur t.d. orðið hvít, svört, gul eða



Amorolfín ratiopharm er notað einu sinni í viku eða samkvæmt ráðleggingu lækni. Með í pakkningunni eru einnig hreinsigrisjur, naglþjalir og fjölnota spaðar til að dreifa úr lakkinu.



Amorolfín ratiopharm er ætlað til notkunar á bæði tá- og fingurneglur

græn. Verkir og óþægindi geta einnig komið fram.


AMOROLFÍN RATIOPHARM EINUNGIS EINU SINNI Í VIKU

Bera skal lyfjalakkið á sýktar fingur- eða táneglur einu sinni í viku eða samkvæmt ráðleggingu lækni. Meðferð skal haldið áfram óslitið þar til nöglin hefur endurnýjað sig og viðkomandi svæði er læknað. Meðferð við naglsveppum tekur langan tíma þar sem nöglin þarf að vaxa fram og getur þurft að meðhöndla svæðið í 6-12 mánuði. Amorolfín ratiopharm má nota með öðrum

lyfjum en ekki má nota naglalakk eða gervineglur á meðan verið er að nota lyfið. Mikilvægt er að lesa fylgiseðil lyfsins fyrir notkun og kynna sér helstu varúðarreglur.



Notkunarvið: Amorolfín ratiopharm lyfjalakk inniheldur amorolfín og er notað til meðferðar við sveppasýkingum í nöglum sem áður hafa verið greindar af lækni eða til meðferðar á endurteknum sveppasýkingum. **Frábendingar:** Ofnæmi fyrir amorolfíni eða einhverju öðru innihaldsefni lyfsins. **Varúð:** Forðast skal að lyfjalakkið komist í snertingu við augu, eyru og slímhúðir. Sjúklingar með undirliggjandi sjúkdóma sem eru móttækilegir fyrir sveppasýkingum í nöglum ættu að ræða viðeigandi meðferð við lækni. Slíkir sjúkdómar eru útlægir blóðrásarkvillar, sykursýki og ónæmisbæling. Sjúklingar með visnaðar neglur og önytar neglur ættu að ræða viðeigandi meðferð við lækni. Eldfimt. **Meðganga og brjóstgjöf:** Notkun lyfsins skal ákveðin af lækni. **Skömmun:** Lyfjalakkið er borið á sýktar fingur- eða táneglur einu sinni í viku eða samkvæmt ráðleggingu lækni. Meðferð skal haldið áfram óslitið þar til nöglin hefur endurnýjað sig og viðkomandi svæði er læknað. Ekki ætlað börnum. **Aukaverkanir:** Aukaverkanir eru mjög sjaldgæfar, helst staðbundnar, s.s. neglur geta orðið mislitar eða losnað frá naglbeðnum. **Lesið vandlega fylgiseðilinn sem fylgir lyfinu.** SmPC: Apríl 2016.



Af Dýjahnjúk sér vel yfir Afvíkið og niður Hóls- og Bakkadal.



Á Bollafjalli.



Á Kaldbak var manna von.



Friskandi getur verið að viðra og væta tær þegar vaða þarf.



Næsta fjallaverkefni Hermanns er þegar hafið, um austurhluta Gjögorskaga. Kyrrð í Syðri-Brettingsstaðadal.

MAGNAÐ AÐ UPPLIFA FJÖLLIN EINN

Hermann Gunnar Jónsson setti sér það verkefni að ganga á alla fjallatinda í Grýtubakkahreppi. Verkefnið vatt upp á sig og í sumar kom út bók hans Fjöllin í Grýtubakkahreppi með ýtarlegum leiðarlýsingum og staðsetningarpunktum.

Ragnheiður Tryggvadóttir
heida@365.is



Fjallaverkefnið var í raun bara fyrir mig sjálfan, til að hafa markmið í hreyfingunni og ýta mér til fjalla en ég er á sjó mánuð í senn og mánuð í landi. Ég fór að ganga á fjöll og „track-aði“ ferðirnar, tók myndir og skrifaði aðeins niður eftir hverja ferð, bara fyrir mig. Það var þó ekki fyrr en pabbi gamli og einn skipsfélagi minn nefndu það við mig hvort ég ætlaði ekki að gera eitthvað við þessar heimildir sem ég safnaði á ferðum mínum, að úr varð þessi bókarhugmynd,“ segir Hermann Gunnar Jónsson, sjómaður og fjallgöngugarpur, en hann sendi frá sér bókina Fjöllin í Grýtubakkahreppi síðastliðið í sumar.

Auk Fjallaverkefnisins er í bókinni að finna lýsingar á þrettán fjallgönguleiðum á Gjögorskaga, sem er milli Eyjafjarðar og Skjálfanda og einnig hringnum um Fjörður og Látraströnd, myndir og landakort með örnefnum og gps-punkta. Þá skrifar Hermann dagbókarfærslur um hverja ferð.

„Í fyrri hluta bókarinnar segi ég frá fjallaverkefninu mínu og minni upplifun af gönguferðunum. Seinni hlutinn er svo klassískar gönguleiðalýsingar skýrðar með kortum, myndum og gps-hnitum. Á mörg þessara fjalla hef ég gengið margsinnis og við vinnslu bókarinnar gekk ég allar gönguleiðalýsingarnar gagnert m.a. til að taka gps-hnitin. Ég varð afar glaður þegar ég heyrði af göngufólki sem var á ferð um Skriðurnar í Bjarnarfjalli, varasamri leið milli Flateyjarðals og Hvalavatnsfjarðar. Þau lentu í svartapöku og rigningu en höfðu lesið bókina og gátu stuðst við



Kyrrð á Trölladal.



Hermann Gunnar Jónsson hefur gengið á alla fjallatinda Grýtubakkahrepps og gaf út ferðabók síðastliðið sumar, Fjöllin í Grýtubakkahreppi.
MYNDIR/HERMANN GUNNAR JÓNSSON

”Ég viðurkenni það líka að mér líður afar vel einum og upplifunin verður önnur og sterkari þegar maður er einn á fjöllunum. Ég er meðvitaður um hættur og tel mig nokkuð gætinn.“ Hermann Gunnar Jónsson

leiðarlýsinguna og gps-hnitin og allt fór á besta veg,“ segir Hermann. Sjálfur gekk hann þá leið í góðu veðri en hann er yfirleitt einn á ferð. „Ég veit að það er ekki til fyrirmyndar að vera einn til fjalla og

ekki uppskrift að góðri fjallamennsku en það kemur ýmislegt til. Oft eru aðrir uppteknir í vinnu þegar ég er í fríi í landi og þar fyrir utan eru ekki margir í kringum mig sem stunda svona fjallabrölt. En ég viðurkenni það líka að mér líður afar vel einum og upplifunin verður önnur og sterkari þegar maður er einn á fjöllunum. Ég er meðvitaður um hættur og tel mig nokkuð gætinn. Ég skil eftir ferðaáætlun og læt vita af mér reglulega og veit að konan mín skrifar alltaf hjá sér tíma og staðsetningu þegar ég hringi.“

Hermann segir fjallgöngurnar nánast ávanabindandi. Þó hann hafi nú lokið markmiði fjallaverkefnisins, er hann þegar búinn að marka sér næsta svæði og farinn að ganga fjöllin austan við Flateyjarðal og inn að Ljósavatns-skardi. „Ef ég lýk því hef ég gengið á alla toppa norðan við Ljósavatns- og Víkurskarð. Það stendur þó ekki endilega til að gefa út aðra bók þó ég haldi öllum upplýsingum til haga, eins og áður,“ segir Hermann.

En heilla ekki útlensk fjöll? „Jú, það kitlar mikið. Nú styttest í að ég verði fimmtugur og ég hef einmitt nefnt það við konuna mína svona að gamni hvort ekki sé komið að fjallgöngu erlendis. Nú er bara að sjá til.“



Bókamessa í Hörpu

Laugardagur 19. nóvember

- 13.00 Þórey kynnir myndasöguna Ormhildarsögu
- 14.00 Ratleikur og þrautir með Snúðru og Tuðru
- 14.00 Eva Laufey kynnir Kökugleði Evu og býður upp á kræsingar
- 15.00 Eva Laufey stýrir kökuskretingarkeppni
- 15.00 Eva Rún og Logi stýra ritmiðju fyrir börn



Sunnudagur 20. nóvember


- 13.00 Rúnar góði og dagur mannréttinda barna
- 14.00 Úlfar Finnbjörnsson, allt um villibráð og villtar krásir
- 14.00 Gott hugarfar – Þriðja miðið í málstofu um sjálfsrækt
- 15.00 Hanna Hlíf og Katrín kynna Eldhús grænkerans og bjóða upp á kræsingar
- 15.00 Bakað úr súrdeigi og Brauð&co
- 16.00 Ratleikur og þrautir með Snúðru og Tuðru

Allir velkomnir!






VELKOMIN Í BRUNCH UM HELGINA LAU-SUN 11.30 - 15.00 BRYGGJUBRUNCH VEGANBRUNCH SJÁVARBRUNCH BARNABRUNCH



BRYGGJAN BRUGGHÚS * GRANDAGARÐI 8 101 REYKJAVÍK
456 4040 * WWW.BRYGGJANBRUGGHUS.IS



Martin Hermannsson, fyrir miðju, ásamt yngri systkinum sínum, Arnóri og Önnu Margréti.

FRÁBÆR UPPHAFSREITUR

Atvinnumannsferill **Martins Hermannssonar** fer vel af stað í Frakklandi. Lífið snýst að mestu leyti um körfuboltann en utan vallar reynir hann að njóta lífsins og kynnast franskrri menningu ásamt unnustu sinni, Önnu Maríu Bjarnadóttur.

**Starri Freyr
Jónsson**

starri@365.is



Landliðsmaðurinn Martin Hermannsson fer vel af stað í frönsku ProB atvinnumannadeildinni í körfubolta og var m.a. valinn leikmaður októbermánaðar fyrir skömmu. Martin er búsettur í bænum Charleville Mezieres, ásamt unnustu sinni, Önnu Maríu Bjarnadóttur, en bærinn er í tveggja tíma fjarlægð frá París og Brussel.

Deildin er að sögn Martins með þeim sterkari í Evrópu og segir hann þann körfubolta sem sé spilaður þar henta sér mjög vel á þessu stigi á ferlinum. „Ég leit þannig á málin að deildin væri frábær staður til þess að byrja atvinnumannsferilinn. Hér fæ ég að spila nóg og get sannað mig, í stað þess að spila lítið og tynast á bekknum. Tímabilið hefur farið mjög vel af stað, líðið hefur unnið fjóra af fimm leikjum og við erum næstefstir í deildinni. Sjálfur er ég næststígahæstur í deildinni og sá fjórði hæsti í stöðsendingum.“

Hvernig er bæjarlífið?

Bæjarlífið er mjög rólegt, miðbærinn þokkalegur og nóg af veitingastöðum. Mestu viðbrigðin eru að hér talar nær enginn ensku. Ég og kærastan höfum reynt að læra frönskuna en með litlum framförum. Sjónvarpið er talsett og kvikmyndahúsið í bænum sýnir bara myndir á frönsku. Búðirnar eru opnar á skrítnum tímum og oft lokaðar milli kl. 12 og 14 á meðan veitingahús eru opin milli kl. 12 og 15 og svo aftur milli 19 og 22. Einnig hata Frakkarnir ekkert að fá sér rauðvín, hvítvín eða kampavín yfir daginn og skiptir þá litlu máli hvað klukkan er.



Martin Hermannsson hefur spilað vel með liði sínu í Frakklandi.

Hvernig er frönsk matarmenning?

Ég held að ég sé búinn að borða jafn mikið brauð síðustu tvo mánuði og ég hef borðað alla mína ævi. Reyndar læt ég rauðvínið og kampavínið alveg vera sem Frakkarnir eru ekkert hrfínir af. Svæðið hér er þekkt fyrir kampavínsframleiðslu og því er það í boði hvert sem maður fer. Hins vegar hef ég verið duglegur að kynna mér crêpes og Nutella.

Hvernig er dæmigerður dagur?

Hann samanstendur yfirleitt af skotæfingu, lyftingum og körfuboltaæfingu. Kvöldin fara yfirleitt í að horfa á íslenskt sjónvarp en þar kemur 365 appið sterkt inn ásamt Apple TV. Sem betur fer er yfirleitt fri frá æfingum og leikjum um helgar og þá reyni ég að gera eitthvað ótengt körfubolta og hlaða batteríin.

Hvað gerir þú utan körfuboltans?

Mér finnst mjög gaman að setjast bara upp í bíl og keyra eitthvert með kærustunni. Um daginn fórum við til Lúxemborgar og eyddum deginum þar. Það er gaman að skoða og prófa eitthvað nýtt.

Hvað borðar þú í kvöldmat?

Ég reyni að borða fjölbreytta fæðu en borða yfirleitt mest af kjúklingi yfir vikuna. Annars er ég mikið fyrir sushi og mér finnst pítsa ekkert sérstaklega vond. Upphaldsmaturinn minn er þó humar.

Ertu morgunhafi eða sefur þú út?

Ætli ég sé ekki svona mitt á milli. Mér finnst rosalega gott að sofa út en fæ samviskubít ef ég sef of lengi. Ég vakna yfirleitt ekki fyrir kl. 9 nema að ég þurfi þess.

Upphaldstónlist og kvikmyndir?

Ég er mikil alæta á tónlist og hlusta á allt frá harðasta rappi til rólegra íslenskra dægurlaga. Þar má nefna t.d. Drake, Villa Vill, R.E.M., Young Thug, Bubba Morthens og Emmsjé Gauta. Hins vegar er ég rosalega lélegur að horfa á kvikmyndir og fer alltof sjaldan í bíó. Þó finnst mér sannsögulegar myndir skemmtilegastar, hvort sem það eru hrollvekjur eða gamanmyndir.

Hvernig er dæmigerð helgi?

Ég reyni að nýta þær í eitthvað ótengt körfubolta, t.d. að fara niður í bæ, kíkja í búðir eða setjast á kaffihús og drekka í mig franska menningu. Einnig finnst mér gott að slaka bara á og gera ekki neitt. Þessi helgi verður með rólegra móti. Ætli við Anna María kíkjum ekki til Reims, sem er bær hér rétt hjá, og kíkjum í búðir. Sunnudagurinn fer svo í að gera allt klárt áður en mamma og systir hennar koma í heimsókn í næstu viku.





Raftákn er verkfræðistofa á rafmagnssviði stofnuð 1. júní 1976 á Akureyri. Hjá Raftákni eru nú 30 starfsmenn; verkfræðingar, tæknifræðingar, iðnfræðingar, tækniteiknarar og skrifstofumaður.

Raftákn vinnur eftir vottuðu gæðastjórnunarkefi sem byggt er á ÍST EN ISO 9001:2008. Fyrirtækið er rekið í þrem deildum eða sviðum, byggingasviði, iðnaðarsviði og fjarskiptasviði.

Starfsstöðvar Raftákns eru að Glerárgötu 34 á Akureyri og Þórunnartúni 2 í Reykjavík en þjónustusvæðið er allt landið og smávegis erlendis.

Nánari upplýsingar um fyrirtækið má finna á www.raftakn.is

Svæðisstjóri höfuðborgarsvæðis

Raftákn óskar eftir að ráða tæknimenntaðan og kraftmikinn einstakling til að veita forstöðu svæðisskrifstofu Raftákns á höfuðborgarsvæðinu sem í dag er með sex starfsmenn. Um er að ræða lykilstarfsmann sem heyrir beint undir framkvæmdastjóra.

Helstu viðfangsefni og ábyrgð:

- Leiðir starfsemi svæðisskrifstofunnar og ber ábyrgð á fjárhagslegri afkomu og starfsemi
- Aflar og viðheldur viðskiptasamböndum
- Skipuleggur sölu og þjónustu skrifstofunnar
- Mótar stefnu og setur skrifstofunni markmið
- Skipuleggur markaðs- og kynningarstarf í samráði við framkvæmdastjóra
- Þátttaka í myndun verkefnateyma
- Þátttaka í samningaviðræðum vegna verkefna

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun á sviði rafmagnstækni- eða rafmagnsverkfræði
- Reynsla af sölu- og markaðsmálum er kostur
- Reynsla af tilboðs- og samningagerð
- Reynsla af verklegum framkvæmdum
- Skipuleg vinnubrögð og ferlamiðuð hugsun
- Áhugi á þróun og uppbyggingu fyrirtækisins
- Góðir samskiptahæfileikar og lausnamiðuð viðhorf
- Góð kunnátta í íslensku og ensku er mikilvæg

Nánari upplýsingar um starfið veita Ari Eyberg (ari@intellecta.is) og Þórður S. Óskarsson (thordur@intellecta.is) í síma 511-1225. Umsóknarfrestur er til og með 28. nóvember 2016. Umsókn óskast fyllt út á www.intellecta.is og þarf henni að fylgja starfsferilskrá og kynningarbréf. Farið verður með allar fyrirspurnir og umsóknir sem trúnaðarmál.

Intellecta Síðumúli 5, 108 Reykjavík

intellecta
Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir

Reykjavíkurborg

Borgarritari

Borgarstjórinn í Reykjavík auglýsir stöðu borgarritara lausa til umsóknar.

Leitað er að kraftmiklum leiðtoga sem býr yfir frumkvæði og faglegum metnaði, er annt um umhverfi sitt, samfélag og velferð íbúa.

Borgarritari er æðsti embættismaður Reykjavíkurborgar að borgarstjóra undanskildum. Hann fer með forystu og samhæfingarhlutverk í stjórnsýslu og þjónustuveitingu borgarinnar og leiðir umbætur á þeim sviðum. Borgarritari er jafnframt staðgengill borgarstjóra.

Í undirbúningi er endurskipulagning á þjónustuveitingu borgarinnar með áherslu á rafræna þjónustu, markvissa nærþjónustu í hverfum og aukin gæði. Borgarritara er ætlað að leiða þá vinnu.

Undir borgarritara heyra fjármálaskrifstofa, mannréttindaskrifstofa, skrifstofa borgarstjóra og borgarritara, skrifstofa þjónustu og reksturs og skrifstofa eigna og atvinnuþróunar.

Umsóknarfrestur
5. desember

Hlutverk- og ábyrgðarsvið

Hlutverk borgarritara er að hafa forystu um að Reykjavíkurborg sé í fararbroddi í þróun þjónustu, stjórnsýslu og rekstri á landsvísi og standist samanburð við framsæknar borgir í alþjóðlegum samanburði. Borgarritari og miðlægar skrifstofur sem undir embættið heyra sjá til þess að stefnumörkun borgarráðs og borgarstjórnar sé fylgt eftir með upplýsingamiðlun og stoðþjónustu við fagsvið borgarinnar, auk þess að halda uppi virku eftirliti með því að framkvæmd sé í samræmi við markaða stefnu og fjárhagslegar heimildir. Þá er borgarritara ætlað að stuðla að lýðræðislegum stjórnarháttum með því að auka gagnsæi og styrkja upplýsingaflæði milli stjórnenda, sviða og stofnana borgarinnar, íbúa og annarra samráðsaðila.

Upplýsingar og umsókn
capacent.is/s/4115

Menntunar- og hæfniskröfur

- Framhaldsmenntun á háskólastigi sem nýtist í starfi.
- Farsæl reynsla af rekstri, stjórnun og mannaforráðum.
- Reynsla af stefnumótunarvinnu og innleiðingu breytinga.
- Reynsla af því að leiða þjónustu.
- Reynsla af áætlanagerð og eftirfylgni áætlana.
- Þekking og reynsla af opinberri stjórnsýslu.
- Leiðtogaþæfileikar, lipurð og hæfni í mannlegum samskiptum.
- Framsýni, metnaður, frumkvæði og skipulagshæfileikar.
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti á íslensku og ensku. Kunnátta í öðrum tungumálum er kostur.



Borgarráð ræður í starfið að fenginni tillögu borgarstjóra.

Um laun og starfskjör borgarritara fer samkvæmt reglum um réttindi og skyldur stjórnenda hjá Reykjavíkurborg og ákvörðun kjaranefndar Reykjavíkurborgar.

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er.

Skipurit borgarinnar má finna hérna <http://skipurit.reykjavik.is/>

Vilt þú vera?

Starfsmaður á verkstæði hjá EAK

Umsóknarfrestur
28. nóvember

EAK óskar eftir starfsmanni í fast starf til viðhalds eldsneytisafgreiðslutækja á Keflavíkflugvelli. Fjölbreytt starf við eftirlit og viðgerðir á bílum og búnaði.

EAK er fyrirtækið sem tekur á móti, geymir og afgreiðir flugvélaeldsneyti á Keflavíkflugvelli fyrir olúfélögin. Starfsstöð er á Keflavíkflugvelli en þar starfa á vegum fyrirtækisins 40 starfsmenn. Verklagsreglur á svæðinu eru alþjóðlegar og fylgja þær því alþjóðlegum verklagsreglum fyrir eldsneytisafgreiðslu á flugvélum.

Sæktu um starfið á **vinna.is/storf/starfsmadur-a-verkstaedi-2/**

Hæfniskröfur

- Meirapróf kostur en ekki skilyrði.
- Hreint sakavottorð og íslenskukunnátta er skilyrði.
- Viðkomandi þarf að hafa reynslu af viðgerðum og verkstæðisvinnu.

Athugið að áhugasamir eru hvattir til að sækja um sem fyrst þar sem umsóknir verða metnar jafnóðum.

vinna.is

capacent

ÍSLENSK VERKMIÐLUN ER SÉRHFÆÐ ATVINNUMIÐLUN SEM LIÐSINNIR ÍSLENSKUM FYRIRTÆKJUM VIÐ AÐ TRYGGJA SÉR MANNAFLA TIL LENGRI OG SKEMMRI TÍMA Í BÆÐI SÉRHFÆÐ OG ALMENN VERKEFNI.

Fyrirtækið óskar eftir að ráða viðskiptastjóra í fullt starf.

Verkefni:

- Afla nýrra viðskiptatengsla
- Samskipti við núverandi viðskiptavini
- Eftirfylgni á verkefnum
- Samskipti og þjónusta við starfsfólk fyrirtækisins
- Önnur tilfallandi verkefni

Hæfniskröfur:

- Reynsla af sölu og þjónustu
- Góð enskukunnátta
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti
- Góð tölvukunnátta
- Skipulag og frumkvæði
- Jákvæðni og góðir samskiptahæfileikar


Erum að leita af aðila sem hefur léttu lund og hefur gaman að því að mæta í vinnuna. Skemmtilegur vinnustaður hjá fyrirtæki sem er í miklum vexti og miklir möguleikar til staðar fyrir réttan aðila. Umsóknarfrestur til 26. nóvember. **Umsóknir sendist á atvinna@isverk.is.**

Hjá Íslenskri Verkmiðlun sérhæfum við okkur í að útvega fyrirtækjum landsins færa starfsmenn í flestar greinar atvinnulífsins, allt frá mjög sérhæfðum iðnaðarmönnum yfir í almennt verkafólk og allt þar á milli. Íslensk Verkmiðlun á í farsælu samstarfi við virtar vinnumiðlanir víða um Evrópu og getur útvegað fyrsta flokks vinnuafli með tiltölulega skömmum fyrirvara.



ÍSLENSK VERKMIÐLUN

Íslensk Verkmiðlun ehf. Borgartún 29 105 Reykjavík
info@isverk.is +354 571 5070



Rekstrarstjóri á Plastiðjunni Bjargi/Íðjulundi

Laus er til umsóknar 100% staða rekstrarstjóra Plastiðjunnar Bjargs/Íðjulundar (PBI). Um er að ræða vinnustað fyrir fólk með skerta starfsgetu. Æskilegur ráðningartími er frá 2. janúar 2017.


Helstu verkefni:

- Umsjón með rekstrarþætti vinnustaðarins
- Tekur þátt í gerð fjárhags- og starfsáætlunar PBI
- Vinnur að fjárhagslegu eftirliti
- Ber ábyrgð á gæðum vöru og vöruþróun
- Er staðgengill forstöðumanns


Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólapróf í viðskiptafræði
- Þriggja ára starfsreynsla sem viðskiptafræðingur
- Lö- og tæknimenntun er kostur
- Reynsla af framleiðslu er kostur
- Reynsla af vinnu með fötluðu fólk er æskileg
- Sjálfstæði og frumkvæði í starfi er nauðsynlegt
- Mjög góð samskiptahæfni er nauðsynleg svo og jákvætt viðhorf til fatlaðs fólks og réttinda þeirra
- Gerð er krafa um vammleysi, s.s. að vera með gott orðspor og að framkoma og athafnir á vinnustað og utan hans samrýmist starfinu

Nánari upplýsingar um starfið er að finna á heimasíðu Akureyrarbæjar, www.akureyri.is þar sem sótt er um rafrænt. **Umsóknarfrestur er til og með 1. desember 2016**



Akureyrarbær · Geislagata 9 · Sími 460 1000 · Bréfasími 460 1001



GOTT FÓLK ÓSKAST


**Við leitum að öflugum
bókara til starfa.**

Hæfniskröfur:

- Þekking og reynsla
- af bókhaldi skilyrði
- Reynsla af Navision æskileg
- Góð almenn tölvukunnátta
- Geta til að vinna sjálfstætt

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Umsóknir sendist á hg@velafl.is
Umsóknarfrestur er til **28. nóv. 2016.**



VÉLAFL
VÉLA- & TÆKJASALA

Rauðhelli 11 | 220 Hafnarfirði | S: 575 2400 | www.velafl.is

Stapi lífeyrissjóður

Skrifstofustjóri

Stapi lífeyrissjóður óskar eftir að ráða skrifstofustjóra til starfa. Næsti yfirmaður er framvæmdastjóri sjóðsins. Leitað er að metnaðarfullum einstaklingi til krefjandi verkefna.

Umsóknarfrestur

30. nóvember

Starfssvið

- Daglegur rekstur og stjórnun skrifstofu.
- Yfirumsjón og ábyrgð á bókhaldi og uppgjörum.
- Gerð rekstraráætlana og eftirfylgni.
- Greiðsla reikninga og uppgjör viðskipta.
- Umsjón með hugbúnaði og öryggiskerfum.

Upplýsingar og umsókn

capacent.is/s/4141

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólapróf í viðskiptafræði eða sambærilegri menntun sem nýtist í starfi.
- Reynsla af bókhaldi og uppgjörum sem og framsetningu á tölulegum gögnum.
- Reynsla af áætlanagerð.
- Sjálfstæði, skipulagshæfni og öguð vinnubrögð.
- Hæfni í mannlegum samskiptum og fagleg framkoma.
- Gott vald á íslensku og ensku í ræðu og riti.



Stapi lífeyrissjóður er almennur lífeyrissjóður með um 180 milljarða króna í eignum. Starfssvæði sjóðsins nær frá Hrítafirði í vestri að Skeiðarársandi í austri. Sjóðurinn nær þannig til allra byggðakjarna á Norður- og Austurlandi. Sjóðfélagar eru almennt launafólk á þessu svæði, sem kemur úr ýmsum atvinnugreinum, m.a. sjávarútvegi, verslun, þjónustu og iðnaði. Starfsmenn Stapa eru 15 talsins og skrifstofur sjóðsins eru á Akureyri og Neskaupstað.

Capacent — leiðir til árangurs

capacent

Verkefnastjórar

Framkvæmdsýsla ríkisins leitar að öflugum verkefnastjórum. FSR sækist eftir faglegu og metnaðarfullu starfsfólki sem vill takast á við krefjandi og skapandi verkefni á jákvæðan og faglegan hátt.

Verkefnastjóri Verk- eða tæknifræðingur

Upplýsingar og umsókn

capacent.is/s/4142

Helstu verkefni

- Umsjón með verklegum framkvæmdum.
- Almenn verkefnastjórnun við verklegar framkvæmdir.
- Ráðgjöf til ráðuneyta og stofnana um húsnaðismál og verklegar framkvæmdir.
- Gerð verksamninga og umsjón með þeim.
- Rýni útboðsgagna og gerð umsagna um áætlunargerð.
- Þróun og innleiðing á frumkvæðisverkefnum.
- Þátttaka í frumkvæðisverkefnum s.s. innleiðingu á notkun verkefnavefja, upplýsingalíkana mannvirkja og umhverfsvottunarkerfa í byggingariðnaði á Íslandi.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólapróf í verk- eða tæknifræði – Meistarapróf er kostur.
- Reynsla af verklegum framkvæmdum.
- Reynsla í hönnun og notkun hönnunarhugbúnaðar.
- Þekking og reynsla í gerð verkáætlana.
- Þekking á ÖHU málum (öryggis-, heilbrigðis-, og umhverfismálum).
- Þjónustulund, jákvætt viðmót og færni í samskiptum.
- Frumkvæði, sjálfstraust og ögun í vinnubrögðum.
- Góð íslenskukunnátta og hæfni í tjáningu í ræðu og riti.
- Þekking á gæðastjórnun æskileg.
- Reynsla og þekking á BIM og á hugmyndafræði vistvænnar hönnunar er kostur.
- Menntun á jarðtæknisviði og reynsla af jarðvinnuframkvæmdum er kostur.

Verkefnastjóri - Sérfræðingur í upplýsingalíkönnum mannvirkja (BIM)

Upplýsingar og umsókn

capacent.is/s/4143

Helstu verkefni

- Uppbygging á sérþekkingu hjá FSR á BIM aðferðafræðinni.
- Miðla þekkingu og reynslu FSR á BIM innan og utan stofnunarinnar.
- Vinna að staðlaðri framsetningu BIM handbóka og leiðbeininga.
- Rýna BIM gögn hönnuða og verktaka.
- Leiða kynningar á BIM fyrir hönnuði, verktaka og verkkaupa.
- Umsjón með vef FSR.
- Þátttaka í BIM Ísland.
- Kennsla á BIM-studdum hugbúnaðarlausnum fyrir verkefnastjóra, verktaka og hönnuði.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólapróf á sviði mannvirkjagerðar – nýlegt meistarapróf er kostur.
- Sérhæfing í BIM með prófi eða viðurkenndum námskeiðum.
- Reynsla í meðhöndlun BIM líkana.
- Góð þekking á BIM studdum hugbúnaði og reynsla í notkun þess hugbúnaðar.
- Reynsla í verklegum framkvæmdum er kostur.
- Þjónustulund, jákvætt viðmót og færni í samskiptum.
- Frumkvæði, sjálfstraust og ögun í vinnubrögðum.
- Mjög góð tölvukunnátta/færni.
- Reynsla af kennslu s.s. af námskeiðahaldi er kostur.



FSR er eftirsóknarverður vinnustaður sem hentar báðum kynjum og eru áhugasamir einstaklingar, án tillits til kyns, hvattir til að sækja um.

Hlutverk Framkvæmdasýslu ríkisins, FSR, er að vera leiðandi afl á sviði opinberra framkvæmda með það að markmiði að bæta verklag og auka skilvirkni, hagkvæmni og gæði við framkvæmdir ríkisins.

Stofnunin starfar í krefjandi umhverfi og er hæft starfsfólk grunnstoð hennar. Lögð er áhersla á að starfsfólk sýni frumkvæði, fagmennsku og þjónustulund. Lagt er upp úr því að starfsmenn njóti sín í starfi og hafi möguleika á að auka þekkingu sína og reynslu með markvissum hætti. FSR er í fararbroddi við að innleiða vistvænar vinnuáðferðir og upplýsingalíkön mannvirkja (BIM) í byggingariðnaði á Íslandi. FSR vinnur samkvæmt vottuðu gæðastjórnunarkerfi ISO 9001 og er stöðugt unnið að því að auka gæði í starfsemi stofnunarinnar.

Um er að ræða tímabundna ráðningu í hvert starf til eins árs með möguleika á fastraráðningu í framhaldi af því.

Umsóknarfrestur

5. desember

Capacent — leiðir til árangurs

capacent



MATUR OG DRYKKUR

VEITINGASTAÐURINN MATUR OG DRYKKUR LEITAR AÐ STARFSFÓLKI.

Við leitum eftir metnaðarfullum einstaklingum til að koma til liðs við okkar frábæra teymi. Um eftirfarandi stöður er að ræða:

Matreiðslumeistari
Fullt starf.

Matreiðslumaður
Fullt starf.

Framreiðslumeistari
Við leitum eftir faglærðum framreiðslumeistara í 50-100% stöðu.

Umsóknir og fyrirspurnir sendist á: info@maturogdrykkur.is
Í umsókn skal koma fram aldur, reynsla, meðmæli og mynd.



Dale Carnegie óskar eftir söluráðgjafa

 Nánari upplýsingar
á www.hagvangur.is



HAGVANGUR

Framkvæmdastjóri

Öflugt og vaxandi verslunarfyrirtæki óskar eftir að ráða framkvæmdastjóra til starfa. Fyrirtækið er í traustum rekstri og starfar á bæði smásölu- og heildsölumarkaði.

Helstu verkefni

- Umsjón og ábyrgð á daglegum rekstri
- Sölu- og markaðsmál
- Yfirumsjón með innkaupum
- Áætlana- og skýrslugerð
- Samskipti við hagsmunaaðila
- Upplýsingagjöf til stjórnar
- Aðkoma að stefnumótun, þróun og uppbyggingu

Menntunar- og hæfniskröfur

- Menntun sem nýtist í starfi
- Framúrskarandi árangur í sambærilegu starfi
- Stjórnunarhæfileikar og drifkraftur
- Mjög góð færni í samskiptum og framkomu
- Þjónustulund
- Sjálfstæði og frumkvæði
- Gott vald á íslensku og ensku í ræðu og riti

www.intellecta.is
Síðumúla 5 - 108 Reykjavík

Umsóknarfrestur er til og með 28. nóvember 2016

Upplýsingar veita Þórður S. Óskarsson (thordur@intellecta.is) og Helga Rún Runólfssdóttir (helga@intellecta.is) í síma 511 1225. Umsókn óskast fyllt út á www.intellecta.is og henni skal fylgja starfsferilsskrá og kynningarbréf.

Farið verður með fyrirspurnir og umsóknir sem trúnaðarmál.

intellecta

Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir

RÁÐGJÖF
RÁÐNINGAR
RANNSÓKNIR

intellecta

Síðumúla 5 • 108 Reykjavík • 511 1225 • intellecta.is

VERKEFNASTJÓRI FASTEIGNA

Verkefnastjóri fasteigna óskast til starfa hjá Hafnarfjarðarbæ. Fjölbreytt starf í lifandi og margbreytilegu umhverfi. Umsóknarfrestur til og með 30. nóvember n.k.

Nánar á hafnarfjordur.is

HAFNARFJARÐARBÆR
Ráðhús Hafnarfjarðar
Strandgötu 6

ÞJÓNUSTUVER
Opíð frá kl. 8.00 – 16.00
Alla virka daga

585 5500
hafnarfjordur.is



HAFNARFJÖRÐUR

LÖGFRÆÐINGUR

Laust er til umsóknar starf lögfræðings. Um er að ræða krefjandi starf sem reynir á góða alhliða þekkingu á flestum réttarsviðum lögfræðinnar. Umsóknarfrestur til með 1. desember n.k.

Nánar á hafnarfjordur.is

HAFNARFJARÐARBÆR
Ráðhús Hafnarfjarðar
Strandgötu 6

ÞJÓNUSTUVER
Opíð frá kl. 8.00 – 16.00
Alla virka daga

585 5500
hafnarfjordur.is



HAFNARFJÖRÐUR



Félagsbústaðir hf er sjálfstætt starfandi fasteignafélag í eigu Reykjavíkurborgar sem á, rekur og leigir út yfir 2.000 íbúðir í Reykjavík. Hjá fyrirtækinu starfa ríflega 20 manns. Veigamikill þáttur í starfsemi félagsins er þjónusta og samskipti við viðskiptavinum. Félagið er staðsett miðsvæðis í Reykjavík og hefur undanfarin ár hlotið viðurkenningu frá starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar sem fyrirmýndarstofnun í flokki smærri stofnana.



Félagsbústaðir leita að hraustum og drífandi starfskrafti í þjónustudeild

Leitað er að aðila sem hefur til að bera frumkvæði, sýnir áreiðanleika og stundvísi í starfi og nákvæmni og ögun í vinnubrögðum.

Starfssvið:

- Samskipti við leigutaka
- Verkefni tengd íbúaskiptum hjá FB
- Flutningur á búslóðum
- Eftirlit með umgengni
- Önnur tilfallandi verkefni

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Sæmilegt vald á íslensku töluðu máli
- Vinnuvélaréttindi fyrir litla lyftara æskileg
- Próf til að aka litlum sendibíl, allt að 7,5 tn (C1)
- Reynsla af sambærilegu starfi er æskileg
- Færni í mannlegum samskiptum
- Drifkraftur og skipulögð vinnubrögð
- Nákvæmni og samvirkusemi



Upplýsingar veitir:

Sverrir Briem
sverrir@hagvangur.is

Umsóknir óskast fylltar út á hagvangur.is

Umsóknarfrestur er til og með 28. nóv. nk.

HAGVANGUR SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700



Ertu rafvirki og langar að breyta til?

Við leitum að þjónustustarfsmanni í teymi iðnmenntaðra starfsmanna á þjónustuvakt Orku náttúrunnar, Veitna og Gagnaveitu Reykjavíkur. Þetta er fjölbreytt starf í tæknilegu starfsumhverfi fyrir fólk sem hugsar í lausnum og nýtur sín í samskiptum við fólk.

Verkefni og kunnáttu:

Unnið er á vöktum og verkefni eru mjög fjölbreytt svo sem að svara erindum viðskiptavina og vakta kerfi. Viðskiptavinir okkar eru alls konar en eiga það sameiginlegt að njóta lífsgæða sem fólgin eru í heitu og köldu vatni, rafmagni, fráveitu og ljósleiðara.

Þú þarft að hafa sveinspróf í rafvirkjun, vera tölvulæs og hafa áhuga á að tileinka þér nýja tækni til að ná tökum á þessu starfi, auk þess að búa yfir heilmikilli þjónustulund.

Við hvetjum konur og karla til að sækja um.

Nánari upplýsingar veitir Ásdís Eir Símonardóttir mannauðsráðgjafi í netfanginu starf@or.is. Þú sækir um á ráðningavef OR, starf.or.is, þar sem nánari upplýsingar um starfið er að finna.

Umsóknarfrestur er til og með 1. desember 2016.



Jafnansittiset
PwC



JAFNRÉTTISRÁÐ

OR er fjölbreyttur og lífandi vinnustaður fólks með mikla þekkingu. Fyrirtækið leitast við að vera í fremstu röð hvað snertir öryggi, jafnrétti, vinnuumhverfi og möguleika til að samræma vinnu og einkalíf.

OR Orkuveita
Reykjavíkur



> Kranastjóri og tækjamenn

Samskip óska eftir að ráða kranastjóra og tækjamenn til starfa á athafnasvæði sitt við Kjarlög. Helstu verkefni kranastjóra og tækjamanna er losun og lestun skipa og meðhöndlun gáma á hafnarsvæði.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Kranaréttindi B og tækjaréttindi K eru kostur
- Reynsla af kranavinnu / tækjavinnu er kostur
- Sjálfstæð og öguð vinnubrögð
- Íslenskunnátta er skilyrði
- Heiðarleiki, stundvísi og hæfni í mannlegum samskiptum
- Gott heilsufar og geta til að vinna undir álagi

Umsóknarfrestur er til og með **30. nóvember n.k.**

Tekið er á móti umsóknum í gegnum heimasíðu okkar www.samskip.is og óskað er eftir því að ferilskrá fylgi umsókn. Umsækjendur verða að hafa náð 18 ára aldri og hafa hreina sakaskrá.

Nánari upplýsingar veitir Ómar Örn Karlsson rekstrarstjóri hafnarsvæðis í síma 458 8530 omar.karlsson@samskip.com

Jafnréttisstofa auglýsir starf rekstrarstjóra

Laust er til umsóknar starf rekstrarstjóra hjá Jafnréttisstofu. Um er að ræða hlutastarf og er starfsstöð á Akureyri. Jafnréttisstofa annast stjórnslu á sviði jafnréttismála í samræmi við lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008 og hefur víðtækt eftirlits-, ráðgjafar- og fræðsluhlutverk.

Helstu verkefni:

- Bókhald
- Skjalavarsla
- Símsvörun og upplýsingagjöf
- Starfsmannamál sem beinast að launum o.fl.
- Ferðareikningar
- Móttaka gesta
- Birgðahald og kaup á vörum og þjónustu
- Önnur almenn skrifstofustörf og tilfallandi verkefni

Menntunar- og hæfniskröfur

- Stúdentspróf, góð kunnátta í íslensku, ensku og norðurlandamálum
- Góð tölvukunnátta
- Þekking á Oracle bókhaldskerfinu og skjalakerfum æskileg
- Skipulagshæfni og nákvæmni í vinnubrögðum
- Góðir samskipta- og samstarfshæfileikar
- Þekking og reynsla af jafnréttismálum er æskileg

Umsókn og ferilskrá skal senda á netfangið jafnretti@jafnretti.is

Upplýsingar um starfið veitir Kristín Ástgeirsdóttir

Ráðning miðast við byrjun árs 2017
Umsóknarfrestur er til 5. des. 2016

Samskip eru alþjóðlegt flutningafyrirtæki sem býður flutningalausnir og tengda þjónustu á landi, sjó og í lofti með hagkvæmni að leiðarljósi. Starfsfólk Samskipa býður viðskiptavinum faglega ráðgjöf og heildarlausnir á sviði flutninga- og flutningatengdrar þjónustu. Við höfum á að skipa fjölbreyttum hópi starfsfólks sem vinnur ávallt með frumkvæði, samheldni og þekkingu að leiðarljósi. Við leggjum áherslu á markvissa fræðslu og þjálfun starfsfólks. Öryggis- og heilbrigðismál

VERÐLAGSLÖGGA ÓSKAST

ALÞÝÐUSAMBAND ÍSLANDS LEITAR AÐ VERKEFNASTJÓRA Í VERÐLAGSEFTIRLIT.

Verðlagseftirlit ASÍ er hluti af hagdeild sambandsins sem fæst m.a. við rannsóknir og ráðgjöf á sviði efnahags- og kjaramála auk velferðar-, skatta-, atvinnu- og verðlagsmála. Um er að ræða fullt starf og þarf viðkomandi að geta hafið störf sem fyrst.

Hlutverk verðlagseftirlits ASÍ er að fylgjast með og veita upplýsingar um verðlags- og neytendamál og skapa þannig aðhald gagnvart fyrirtækjum og opinberum aðilum. Til að ná þessu markmiði er nauðsynlegt að neytendur fái aðgengilegar og greinargóðar upplýsingar um verðlagsþróun á sem flestum sviðum.

Starfs- og ábyrgðarsvið

- Almenn umfjöllun um neytendamál og verðlagsþróun
- Framkvæmd og úrvinnsla verkanna hjá fyrirtækjum og þjónustuaðilum á neytendamarkaði
- Samantektir um álagningu og gjaldtöku opinberra aðila
- Rannsóknir og greiningar á sviði verðlags- og neytendamála
- Frétta-, greina- og skýrsluskrif
- Þátttaka í samstarfsverkefnum hagdeildar og samskipti við aðildarfélög

Bókhald fyrir einstaklinga í rekstri. Frí stofnun fyrirtækja. MD bókhald ehf s: 616-9480

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikael. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Málarar

HG-HÚSAMÁLUN

Tökum að okkur alhiða málingarvinnu, bæði endurmálun og nýmálun. Vönduð og fagmannleg vinnubrögð.

Sími: 773-4993
 dorimalari@gmail.com

MÁLARAR
 Faglærðir málarar geta bætt við sig verkefnum. Uppl. í s. 696 2748

REGNBOGALITIR
 Getum bætt við okkur verkefnum. Vönduð vinna unnin af fagmönnum. Góð umgengni. malarar@simnet.is Sími 8919890

Húsaviðhald

Parketslípun
 sólpallaslípun | parketlagning
 551 1309 / 690 5115
 golflist@golflist.is
 www.golflist.is



99% RYKFRITT

k2
 LOFTSTOKKAHREINSUNIN

- FYRIRTÆKI
- FJÖLBÝLISHÚS
- SKIP
- VEITINGASTAÐIR



Við hreinsum allar gerðir lofttræstikerfa. Hafðu samband og pantaðu fría ástandsskoðun í síma: 557 7000 eða inná www.k2.is

SMÍÐSKRAFTUR EHF.
NÝSMÍÐI OG VIÐHALD.
 Getum bætt við okkur verkefnum gipsvinna, parketlagning og allt almennt viðhald.
 Uppl. í s. 663 3944 Ingi
 smidskraftur@gmail.com

Tek að mér allt alm. viðhald húsa, s.s. málun, múrun, flísa- & parketlagning og trésmíði. S. 616 1569

SMÍÐIR
 3 smíðir óska eftir verkefnum. Mikill reynsla tímavinna eða tilboð. Upplýsingar í síma 897 6722

Húsasmíðameistari getur bætt við sig verkefnum, nýsmíði, viðgerðir og viðhald. Uppl. í s. 858 3300

til sölu



westfalia
 AUTOMOTIVE

DRÁTTARBEISLI

Hágæða beisli, föst eða losanleg, fyrir flestar gerðir fólksbíla og jeppa. Upplýsingar um verð og tímabantanir í síma: 570 5070

Toyota Kaupþúni
 Kaupþúni 6 | Garðabæ | Sími: 570-5070

Þjónustuauglýsingar

Sími 512 5407

GG Gröfupjónustan ehf
 Snjómokstur - Alhiða gröfu þjónusta



S: 8475170
 gggrofuljonustan@gmail.com

Öryggismyndavél fyrir sumarbústað og heimili.
 Tekur venjulegt GSM SIM kort, Hægt að panta mynd eða hlusta svæði. SMS og MMS viðvörðun í síma og netfang. Lætur vita ef rafmagn fer af og hiti breytist. Hægt er að tengja allt að 15 auka skynjara. Vöktun á heitum potti, raka, þrýstingi o.fl. Stýring á hita, kveikja ljós, renna í pottinn. Getur tengst blikkljósi og sírenu. Stýrist með appi.



Uppl. í síma 699-6869 og rafeindir.is

Húsarif • Jarðvinna • Uppsláttur
Steypusögun • Kjarnaborun • Múrbrot



S: 555-1819 / 852-5804 / 852-5808
 prima@primaehf.is

viftur.is
 Viftur • Blikkrör • Aukahlutir



ishúsið
 S:566 6000 • Smiðjuvegur 4a, 200 Kópavogur

Parketslípun
 sólpallaslípun | parketlagning
 551 1309 / 690 5115
 golflist@golflist.is | www.golflist.is



99% RYKFRITT

Snyrti & nuddstofan Smart
 Kirkjulundi 19 • 210 Garðabæ

Frábær opnunartilboð í gangi hjá okkur núna! Kíkjið á facebook síðu okkar: facebook.com/snyrti og nuddstofan smart

Verið hjartanlega velkomin.

Tímabantanir í síma 789 3031 eða helgasig2@gmail.com og á Facebook.com/snyrti og nuddstofan smart

Alla fimmtudaga og laugardaga

arnarut@365.is sigrunh@365.is

Nudd

NUDD

Slökunarnudd í miðbæ Reykjavíkur. Sími 695 9434, Zanna.

Spádómar

SPÁSÍMINN 908 5666

Stjörnuþá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

Rafvirkjun

Uppsetning og Þjónusta

Ljósleiðara/Ljósnetstengingum
Loftnets/Gerfihnattadiskum
Sjónvarps/Netlagnir
Flatskjáir/Mynvarpar

Loftnetstaekni.is
S: 894 2460.

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.

Þjóðum hagstætt verð í töfluskripti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025

Tilboð dyrasímakerfi, töfluskripti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is

KEYPT & SELT

Til sölu

Íslensk framleiðsla fyrir íslenskt veðurfar

Vandaðir krossar á leiði!



JS LJÓSMÍÐJAN
SÉLUNGERSTEDI
SLÁTTUVEIÐLAUÐNOSTAN

Skemmuvegur 34 - 200 Kóp. Sími 554 0661

Til sölu 12 volta leiðiskrossar með rafgeymi, einnig 24 volta og 32 volta vandaðir díóðljóskrossar á leiði. JS Ljósasmíðjan ehf Skemmuvegur 34 (brún gata) 200 kóp. S. 554 0661, 897 4996 & 699 2502. Opið virka daga 8-18



SÉRFRÆÐINGAR Í SJÁVARFANGI
Heimsending. www.humarsalan.is
Pöntunarsími: 8676677

Heima er bezt tímarit-þjóðlegt og fróðlegt. www.heimaerbest.net - sími 5538200

Óskast keypt

KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR

Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.

Jón og Óskar - jonogoskar.is
s. 552-4910.

Hljóðfæri



Steinway B model (frá Hamborg) flygill til sölu. Einstakt sérvalið hljóðfæri sem er nýlegt og lítið notað. Nánari upplýsingar á: samhljómur@internet.is s. 891-7677

HEILSA

Nudd

Heilsunudd. Nuddstofan, opið frá 09-19 og á laugardögum. S. 789 5452

SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

Kenni allan daginn Toyota 2014, hjálpa við endurtökupróf og akstursmat. Ævar Friðriksson s. 863 7493.

HEIMILIÐ

Barnavörur



VAGNSTYKKI, KERRUSTYKKI OG SKIPTITASKA

Verð frá kr. 99.900. Barnið Okkar Hlíðasmára 4, 201 Kóp. Barnidokkar.is

Dýrahald



Til sölu langhunda hvolpar. Tilbúin til afhendingar. Uppl. í s. 863 0474 og www.123.is/manaskin

HÚSNÆÐI

Húsnæði í boði

LEIGJENDUR, TAKIÐ EFTIR! Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Húsnæði óskast

SENDIRÁÐ ÓSKAR EFTIR ÍBÚÐ.

Þýskur sendifulltrúi óskar eftir 120-140m², 4ja herb. íbúð, helst m/bílskúr til leigu frá jan. 2017 til ágúst 2019 helst í Rvk eða nágrenni. Uppl. í s. 530 1100

til sölu



Gamli glugginn úr, nýi glugginn í ...svo einfalt er það

Nýsmíði á gluggum og hurðum, ásamt ísetningum og viðhaldi.

Hafðu samband og við metum ástandið.

Súðarvogur 5 • Sími 566-6630 • gluggagerdin@gluggagerdin.is

Geymsluhúsnæði

WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS
Búslóðageymsla Olivers frá 3000 kr mán. Langtímasamningur í boði. S. 567 4046 & 892 0808.

GEYMSLUR.IS
SÍMI 555-3464

Parftu þitt pláss? Við erum með nóg af því. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

ATVINNA

Atvinna í boði



NEMI - BAKARI

Óskum eftir að ráða nema - bakara. Parf að geta hafið störf sem fyrst.

Vinsamlega sendið upplýsingar

á joifel@joifel.is

TILKYNNINGAR

Einkamál

SÍMADÖMUR 908 1666

Við erum mjög heitar, langar til að heyra í þér. 100% trúnaður.

GEFÐU HÆNU

gjofsemgefur.is
907 2003



Viðskiptataækifæri

RÚTUFYRIRTÆKI TIL SÖLU

Lítið rótgróið rútuþyrirtæki með 4 bíla fyrir 15-45 farþega er til sölu. Einnig getur fylgt leiga á geymslubili og mikið magn aukadekkja.

Fyrirspurnir skulu sendar á rutufyrirtaeki@gmail.com

atvinna

Ertu að leita að skemmtilegri aukavinnu?

Þjónustuver N1 leitar að öflugum starfsfólki í hlutastarf. Vinnutími er kl. 17.00 - 21.00, 3 - 4 daga í viku.

Helstu verkefni:
· Úthringingar

Nánari upplýsingar veitir Ólína Laxdal deildarstjóri kortadeildar, olina@n1.is. Áhugasamir sækja um á www.n1.is merkt framtíðarstarf.

Við hvetjum fólk af báðum kynjum til að sækja um starfið.



skemmtanir



Leikir helgarinnar:

Laugardaginn 19. nóv
12:00 Man.United - Arsenal
14:50 Southampton - Liverpool
17:20 Tottenham - W.Ham United

Sunnudaginn 20. nóv
13:10 Leeds - Newcastle
15:50 Middlesbrough - Chelsea



Heimilismatur í hádeginu virka daga • Eldhúsið opið alladaga til kl. 21:00 • Boltatilboð • Snyrtilegur klæðnaður áskilinn

Cafe
Catalina

Hamraborg 11 • 200 Kópavogur • Sími 554 2166 • www.catalina.is

"Best geymda leyndarmál Kópavogs"

Allir velkomnir

HLJÓMSVEITIN
ÚLTRA
Einu sinni ÚLTRA always ÚLTRA




Hljómsveitin Últra spilar um helgina.

Gullnámán

BÓKMENNTAVERÐLAUN NORÐURLANDARÁÐS 2016

ARNAR MÁR ARNGRÍMSSON



„Einfaldlega vel skrifuð, skemmtileg, hressileg.“

— ANNA LILJA ÞÓRISDÓTTIR, MORGUNBLAÐINU

„Áhrifarík saga sem situr eftir í lesandanum.“

— HALLA ÞÓRLAUG ÓSKARSDÓTTIR, VÍSI

Aldrei fleiri íslensk skáldverk

Bókamessan í Bókmenntaborg fer fram í Hörpu um helgina og þar verður af mörgu að taka í blómlegri útgáfu-starfsemi á Íslandi eins og Bryndís Loftsdóttir þekkir mörgum betur.

Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is



Nú erum við endanlega búin að sprengja af okkur Ráðhúsið og komin í stærri salarkynni í Hörpu,“ segir Bryndís Loftsdóttir, hjá Félagi íslenskra bókaútgefenda, en um helgina verður hin árlega Bókamessa í Bókmenntaborg haldin í sjötta sinn. Þar sýna útgefendur nýjar bækur og boðið verður upp á fjölbreytta bókmenntadagskrá fyrir fólk á öllum aldri. Bryndís bætir við að það sé ekki aðeins að gestum messunnar hafi verið að fjölga frá ári til árs heldur sé líka mikil fjölgun á meðal útgefenda sem taka þátt. „Það eru um fjörutíu útgefendur sem taka þátt að þessu sinni og það er auðvitað alveg magnað í svona litlu landi.“

Krimmar og Katrín

Bryndís hefur á orði að þetta sé líka í fyrsta skipi sem erlendar stórstjórnur komi og taki þátt í dagskránni, en þær Val McDermaid, Sara Blädel, Ann Cleaves, Viveca Sten og Leena Lehtolainen ræða um bækur sínar undir stjórn Katrínar Jakobsdóttur í dag á milli kl. 13 til 14. „Þetta er nýlunda og þannig tilkomið að þessi flotta glæpasagnahátíð, Iceland Noir, er haldin á sama tíma og við njótum goðs af því. Það er svo alveg möguleiki sem væri gaman að skoða að halda því samstarfi áfram enda gaman að fá svona alþjóðlegan blæ á þessa messu sem hefur hingað til einskorðast við íslenskar bækur.“

Það er athyglisvert að Katrín Jakobsdóttir er að fara að stýra pallborði um glæpasögur og það í miðjum stjórnarmyndunarþreifing-



Bryndís Loftsdóttir var í miklum ham í gær við að gera allt klárt fyrir Bókamessuna í Hörpu um helgina. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

um. En skyldi vera stefnt að því að mynda nýja ríkisstjórn á Bókamessunni á morgun? „Já, það er spurning hvort þessar glæpasagnadrottningar gefi henni einhverjar góðar hugmyndir að nýrri stjórn. Katrín hefur að minnsta kosti ekki afboð að sig enn sem komið er og hún er náttúrulega frábær sérfræðingur í glæpasögum. Það er skemmtilegur vinkill á stjórnmalamanni að hafa aðra sterka stöðu þannig að þegar hún hættir þá verður hún örugglega vel þegin í kennslu eða umfjallanir um glæpasögur.“

Pressa og stemning

Íslenskur bókamarkaður er mjög bundinn við þetta tímabil í aðdraganda jólanna og hefur stundum verið haft á orði að það geri bæði útgefendum og jafnvel höfundum erfitt fyrir hversu árstíðabundinn markaðurinn er. Bryndís segir að það fylgi því vissulega bæði kostir og gallar. „Jólin og þessi frábæra

hefð á Íslandi og hvernig bókin heldur alltaf velli sem jólagjöfin, hún heldur uppi útgáfu í landinu að stórum hluta og skiptir því útgefendum gríðarlega miklu máli. En það er auðvitað erfitt að komast að og fanga athygli þegar allir eru að gefa út bók á sama tíma. Þá reidum við okkur náttúrulega bara á velvilja fjölmiðla og annarra. En í ár eru reyndar fleiri frumútgefin íslensk skáldverk en þau hafa nokkurn tímann verið áður í Bókatiðindum. En að sama skapi er smá fækkun í öðrum flokkum svo að í heildina erum við með aðeins færri bækur í Bókatiðindum heldur en í fyrra.“

En skyldi þessi árstíðabundna útgáfa ekki hafa áhrif á höfundana og jafnvel gera þeim erfitt fyrir, eins og t.d. glæpasagnahöfundunum sem virðast vinna út frá þeirri reglu að vera með bók á hverju ári? „Ég held að það sé ekkert auðvelt að svara því. Fyrir suma er þetta bara kröftug og góð svipa en fyrir aðra

er þetta kannski sársaukafyllra og þeir myndu efalltíð kjósa að vinna á lengri tíma. En ég held við verðum að treysta útgefendum til að meta það. Þeirra markmið er auðvitað alltaf að gefa út góð verk. Þetta er rosalega mikill upptaktur sem fylgir þessari jólaútgáfu og það sést ekki aðeins á fjölmiðlum. Skólarnir og alls konar félagasamtök njóta þess til að mynda hvað höfundar eru duglegir við að koma í heimsóknir og lesa úr sínum verkum og heilt yfir er afskaplega góð og rík stemning í kringum íslenska jólabókaflóðið. Ég held að það sé líka hvetjandi umhverfi fyrir höfundana og svo er auðvitað alltaf mikilvægt að vinna á ákveðnum skilafresti eins og t.d. blaðamenn þekkjá líka vel.“

Áhrif á efnahagslífið

Bókaútgáfa hefur vissulega sín áhrif á efnahagslífið en sem dæmi um slíkt má nefna að tekjur ríkisins í formi virðisaukaskatts af sölu bóka

eru umtalsvert hærri en það sem fer t.d. í laun til rithöfunda. „Já, það er sannarlega þannig og í ljósi nýjustu fréttu þá finnst mér líka ástæða til þess að skoða það hvort ekki þurfi að stofna sérstakan sjóð fyrir barna- og ungmennaríthöfunda sem hafa einmitt verið að springa út á síðustu árum. Við vorum auðvitað að eignast Norðurlandameistara á meðal barnabókahöfunda og svo er mikið talað um mikilvægi þess að sinna læsi yngri kynslóðanna. Þannig að ég held að slíkt væri afar góð fjárfesting og nýsköpun að fjárfesta í skáldum. Það virkar líka vel fyrir Ísland út á við enda er fjöldi ferðamanna sem kemur hingað ár hvert til þess að skoða landið fyrir tilstilli íslenskra bókmennta.“

Bókamessan í Hörpu stendur bæði laugardag og sunnudag, húsið er opið milli kl. 11 og 17. Ekkert kostar inn og dagskrá hátiðarinnar er að finna á fibut.is og bokmenntaborgin.is.

Dauðleikinn, eilífðin og allt þar um kring

BÆKUR

Ég er sofandi hurð
(CoDex 1962)

★★★★★

Þriðji hluti þrileiksins Codex 1962

Sjón
JPV-útgáfa
Hönnun kápu og myndskreytinga:
Alexandra Buhl

Það er vinsæll samkvæmisleikur að rifja upp hvar maður var staddur þegar einhver stórtíðindi gerðust í heiminum: Hvar varst þú þegar Kennedy var myrtur? Hvar varst þú þegar Lennon var skotinn? Hvar varst þú 9. september 2001? o.s.frv. Ég man ekki gjörlla hvar ég var þegar þessir stóratburðir gerðust en ég man nákvæmlega hvar ég var þegar ég lauk lestri á Augu þín sáu mig eftir Sjón í aðdraganda jóla 1994.

Heimarnir sem opnuðust við lestur þeirrar bókar voru magnaðri en flest sem maður hafði áður upplifað og maður fylltist einhvers konar lotningarfullri forundran; geta bækur virkilega verið svona? Framhaldið, Með titrandi tár, sem kom út árið 2001, hafði ekki jafn sterk áhrif á mig, en var engu að síður lestrarupplifun sem ögraði viðteknum hugsunarhætti bókabéusins og maður beið spenntur eftir framhaldinu. Sú bið varð ansi löng, heil fimmtán ár, en nú er það loksins komið lokabindið í þrileiknum sem hlotið hefur nafnið CoDex 1962, Ég er sofandi hurð. Loksins, loksins!

Miðað við óhóflegar væntingarnar til lokabindis þrileiksins óttast maður hálf í hvoru að verða fyrir vonbrigðum, sitja uppi með tilfinninguna; „er þetta þá allt og sumt?“ að lestri loknum, en sú er ekki raunin. Í Ég er sofandi hurð spinnur Sjón áfram lífssögu sögmans hinna bókanna tveggja,

Jósefs Löwe, setur hann í samhengi við tíð og tíma og upplýsir að hann sé reyndar fæddur á sama andartaki og skáldið sjálf. Leirdrengurinn, sem öðlaðist lífsneistann í lok Með titrandi tár, er hér orðinn roskinn og ráðsettur maður um fimmtugt, fulltrúi árgangsins 1962 sem raunar má segja að sé í aðalhlutverki í sögunni. Tiunduð eru fæðingar- og dánarár allra sem látist hafa af þeim árgangi og dauðleikinn svífur yfir vötnum um leið og eilífðin er allt um lykandi. Það lýkur aldrei neinu; allt sem gerist á sér framhaldslíf í hugum þeirra sem um það lesa og saga Vestur-Evrópúbúa frá seinni heimsstyrjöld til dagsins í dag er aðeins stutt stef í sögu aldanna.

Það er ekki laust við að manni finnst undirtóninn í Ég er sofandi hurð dekkri en í hinum bókunum tveim; hvert stefnum við með inngripi okkar í náttúrulega þróun?, en sagan er engu að síður leiftrandi skemmtileg og fyndin á

köflum, drama- og sorgleg, léttleikandi og þung, fléttuð af þeirri list sem við þekkjum úr öðrum bókum Sjóns. Hér er allt undir; raunverulegir atburðir, blaðaviðtöl við raunverulegar persónur, sagnfræði, ævintýri, goðsögur, fantasía og ískaldur veruleiki nútímamanns. Úr öllu þessu ásamt eigin óþrjótandi hugmyndaflugi skapar Sjón glæsilegan og videigandi endi á sögu leirdrengsins, sem kannski er bara ósköp venjulegur drengur af holdi og blóði eftir allt saman, en



Fríðrika Benónýsdóttir

NIÐURSTAÐA: Glæsilegur endir þrileiksins sem hófst með Augu þín sáu mig, Margradda og yfirgripsmikil saga sem ber öll aðalsmerki höfundar síns.

FRÁBÆRT VERÐ



UNITED 50LEDX17T2

50" Full HD sjónvarp með 1920 x 1080p upplausn. 3D Comb Filter. Stafrænn DVB-C, DVB-T2 móttakari. 1 x USB. 3 x HDMI. Scart, mini AV, mini Component, VGA & CI rauf. Digital coax út og heyrnatólatengi. USB upptökumöguleiki. Sérstök hótélstilling.

59.990



United LED32X17T2

32" LED sjónvarp 1366x768p upplausn. 3D Comb Filter. Stafrænn DVB-C, DVB-T2 móttakari. 1 x USB. USB upptaka. 3 x HDMI, Scart, mini AV, mini Component, VGA og CI rauf. Digital coax út og heyrnatólatengi. Hótélstilling.

24.990



UNITED 40LEDX17T2

40" Full HD sjónvarp með 1920 x 1080p upplausn. 3D Comb Filter. Stafrænn DVB-C, DVB-T2 móttakari. 1 x USB. 3 x HDMI. Scart, mini AV, mini Component, VGA & CI rauf. Digital coax út og heyrnatólatengi. USB upptökumöguleiki. Sérstök hótélstilling.

44.990

Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • WWW.SM.IS

LEIKVANGURINN



Svarnir óvinir

José Mourinho fær **Arsene Wenger** í heimsókn til sín í leikhús draumanna á Old Trafford. Þeir félagar eru allt annað en perluvinir og hafa munnhöggvist nánast frá því að Mourinho steig inn í sviðsljós enska boltans. Wenger hefur aldrei unnið Mourinho í deildarleik.

Helgin er stúttfull af stórleikjum. Ekki bara í enska boltanum heldur um alla Evrópu. Borgarslagurinn um Madrid, Atlético gegn Real, Borgarslagurinn um Milanóborg, Inter og AC mætast, stórliðin í Þýskalandi, Borussia Dortmund og Bayern München, etja kappi og José Mourinho stillir upp Manchester United liðinu sínu gegn Arsene Wenger og skyttunum úr Arsenal sem er stórleikurinn á Englandi. Þessir fornu fjendur og ólíku knattspyrnustjórar mætast um helgina og víðureign þeirra varpar skugga á allar aðrar víðureignir.

Þeir félagar hafa eldað grátt silfur í óratíma og hika ekki við að skjóta fóstum skotum hvor á annan. Robert Beasley, blaðamaður á Daily Mail, skrifaði bók um Mourinho en þar kom fram að þegar Wenger gagnrýndi Mourinho fyrir að selja Juan Mata til United, átti Mourinho að hafa sagt að hann ætlaði að finna Wenger fyrir utan völlinn til að brjóta á honum andlítið.

Samband þeirra hefur nánast alltaf verið við suðumark alveg frá því Mourinho kom inn í enska boltann. Það er eins og súðan sé komin upp því eftir nánast handalögmál á hliðarlínunni 2014 hefur samband þeirra minnt helst á hjónaskilnað sem endaði illa. Wenger neitaði Mourinho sæti á UEFA-þingi og gagnrýndi kaupin á Paul Pogba og fleira og fleira. Portúgalinn hefur svarað hverri fullyrðingu Wengers fullum hálsi og minnir Frakkann reglulega á titlaleyfi hans.

Það er erfitt að dæma um hvor sé að hafa betur í orðastríðinu þeirra á milli en enginn efi leikur á hvor þeirra hefur haft betur á hliðarlínunni. Wenger hefur nefnilega aðeins einu sinni unnið Mourinho og það var í leik um góðgerðarskjöldinn. Alls hefur Mourinho tekið 13 sinnum á móti Wenger og unnið sjö leiki og gert sex jafntefli.

Stefnir Wenger á titilinn?

Arsenal er í ótrúlegu formi þessa stundina og hefur aðeins tapað einum leik af síðustu 27 í öllum keppnum. Í síðustu átta leikjum hafa þeir unnið sjö. Mesut Özil hefur verið magnaður og sýnir sitt besta í hverri viku. Alexis Sanchez sömuleiðis. Nóvember hefur alltaf verið slæmur mánuður fyrir Wenger en bæði gegn Sunderland og í Meistaradeildinni kláraði liðið leiki þar sem það hafði alltaf tapað stigum áður fyrr. Wenger hefur náð að setja saman góða blöndu og hún virðist svínvirka. Hvort Arsenal sé loksins að stefna á titilinn er annað mál því kannski er Wenger bara alltaf ánægður með sitt fjórða sæti og að detta út í 16. liða úrslitum í Meistaradeildinni.

Þyngsl í Manchester

Það er ekki alveg sama gleðin og bjartsýnin yfir Manchester-

risunum. Þar er allt voðalega þungt og erfitt. Gleðin sem var í byrjun er ekki lengur við völd. Og Mourinho virðist vera með allar áhyggjur heimsins á bakinu. Persónutöfrar hans virðast horfnir og hann er meira í því að kenna öðrum um vandræði síns liðs en sjálfum sér. Áður fyrr virtist Mourinho fara í alla leiki til að vinna þá og spila sinn leik og gera það með bravör. Undanfarin ár hefur hann reynt að vinna leiki með öðruvísi taktík, nefnilega með því að stöðva andstæðinginn með öllum tiltækum ráðum. Og það hefur stundum gengið en það er ekki skemmtilegur fótbolti að henda tíu mönnum í vörn. Hann gagnrýndi Luke Shaw og Chris Smalling fyrir landsleikjahléið og sagði enska knattspyrnu-sambandinu til syndanna fyrir að hafa leyft Wayne Rooney fá sér bjór á frídegi.

Þess má geta að Rooney er 31 árs.

Bannað innan 12 Leikir þessara liða hafa oft

verið dramatískir. Nánast bannaðir innan tólf. Frá slagsmálum til pitsukastsins fræga. Þegar Roy Keane og Patrick Vieira börðust á miðjunni var gaman að horfa. Núna eru knattspyrnumenn meiri dúkkulísur og í liðunum eru nú menn sem reyna frekar að svindla en að standa í lappirnar. Dómarinn, Andre Marriner, mun halda um flautuna en hann hefur dæmt átta leiki í vetur, gefið 29 spjöld og eitt rautt. Það mun reyna á hann í þessum leik.

Þeir sigurleikir í 24 leikjum

Fyrir leikinn er Manchester-liðið í sjötta sæti og er sex stigum á eftir Arsenal. Skyttur eru tveimur stigum á eftir Liverpool, sem er á toppnum, og hafa ekki tapað síðan í fyrsta leik. Töluverð meidsli eru í leikmannahópi heimamanna og Zlatan Ibrahimovic er í banni. Spurningarmerki í leikmannahópi Arsenal er Alexis Sanchez en hann virðist vera orðinn heill heilsu. Stóri munurinn er að Wenger þekkir sitt besta lið á meðan Mourinho er enn að reyna finna sitt besta lið.

Frá stofnun úrvalsdeildarinnar hefur Arsenal aðeins unnið Manchester United þrisvar sinnum í 24 leikjum á Old Trafford. Síðasti sigurleikurinn var fyrir áratug en eins og liðin hafa verið að spila að undanfögnu er líklegur að Arsenal fari heim til London með stigin þrjú í farteskinu.

10 síðustu leikir á Old Trafford

Dagsetning	Úrslit	Markaskorari
17. september 2006	0-1	Adebayor 86.
13. apríl 2008	2-1	Ronaldo 54. (viti), Hargreaves 72., Adebayor 48.
16. maí 2009	0-0	
29. ágúst 2009	2-1	Rooney 59. (viti), Diaby 64. (sjálfsmark), Arshavin 40.
13. desember 2010	1-0	Park 41.
28. ágúst 2011	8-2	Welbeck 22., Young (2) 28., 90., Rooney (3) 41., 64., 82. (viti), Nani 67., Park 70., Walcott 45., Van Persie 74.
3. nóvember 2012	2-1	Van Persie 3., Evra 67., Cazorla 90.+5
10. nóvember 2013	1-0	Van Persie 27.
17. maí 2015	1-1	Herrera 30., Blackett 82. (sjálfsmark)
28. febrúar 2016	3-2	Rashford 29., 32., Herrera 65., Welbeck 40., Özil 69.

Brot af því besta



Í ENGLANDI ER AÐEINS EINN STJÓRI UNDIR ENGRI PRESSU. ALLIR AÐRIR ERU ÞAÐ. ÞIÐ VITIÐ UM HVERN ÉG ER AÐ TALA.

Mourinho um Wenger



HJÁ CHELSEA DATT MÉR Í HUG AÐ HENGJA UPP UMMÆLI WENGERS UM CHELSEA TIL AÐ HVETJA LEIKMENN FYRIR LEIK GEGN ARSENAL. EN ÞEGAR ÉG VAR KOMINN MEÐ 120 BLADSÍÐUR HÆTTI ÉG VIÐ.

Mourinho um Wenger



HANN GEKK OF LANGT OG ER BÚINN AÐ TAPA VERU-LEIKASKYNNINU. ÞEGAR HEIMSKT FÓLK NÝTUR VELGENGNI ÞÁ VERÐUR ÞAÐ OFT HEIMSKARA Í STAÐINN FYRIR AÐ VERÐA GÁFADRA.

Wenger um Mourinho



ER ÉG HRÆDDUR UM AÐ MÉR MISTAKIST? HANN ER SÉRFRÆÐINGUR Í ÞVÍ AÐ VERA LÚSER, ÞAÐ ER ÉG EKKI. ÁTTA ÁR ÁN BIKARS, ÞAÐ ER LÚSERAHÁTTUR.


Mourinho um Wenger



ÞAÐ GETUR BARA VERIÐ EINN SIGURVEGARI, ÉG SKIL ÞAÐ. EN ÍÞRÓTTIN ER Í HÆTTU EF STJÓRINN ER AÐ HVETJA LIÐ TIL AÐ HÆTTA AÐ TAKA FRUMKVÆÐIÐ Í LEIKNUM.

Wenger um Mourinho

JÓLABÓKIN FÆST HJÁ OKKUR



VILJI ER ALLT SEM ÞARF
4.549 KR

Einstakar endurminningar,
sneisafullar af skemmtilegum
atburðum og einstök frásögn
af hinum eina og sanna
Gústa guðsmanni



FLUGSAGA
4.874 KR

Spannar flugsögu mannkyns
frá upphafi með ágrípi af
flugsögu Íslands



SIGURÐAR SÖGUR
DÝRALÆKNIS
2.449 KR

Sagnameistarinn
Sigurður Sigurðarson segir
hér gamansögur af prestum,
stjórnmalamönnum, læknum,
sjúklingum og skepnum



SKAGFIRSKAR
SKEMMTISÖGUR 5
2.309 KR

Hér stígur hver
snillingurinn á fötur öðrum
fram í sviðsjósið og útkoman er
sprenglæggileg



HÉRAÐSMANNASÖGUR
2.309 KR

Bráskemmtilegar sögur
af uppátækjum Héraðsmanna
sem Jón Kristjánsson og Ragnar
Ingi Ábalsteinsson hafa matreitt á
sníldarlega hátt. Sannkallaðir
gullmolar að austan



LARS LAGERBÄCK
OG ÍSLENSKA LANDSLIÐIÐ
1.943 KR

Hver er maðurinn sem kom
íslenska karlalandsliðinu svo
hressilega á kortið að heimsbyggðin
tók eftir? Einstök bók um einstakan
knattspyrnuþjálfara, samstarf hans
og Heimis og margt fleira



BESTU BRANDARARNIR
1.049 KR

Bækur sem henta öllum
aldurshópum og eiga
að vera til alls staðar



FÓTBOLTA SPURNINGAR
1.049 KR



LEYNILÍF GÆLUDÝRA
2.309 KR

Tvímælalaust barnabókin
í ár, stúttull af skemmtilegum
leikjum og svo leynast í henni
stansaðar grímur og því geta börnin
leikið Max, Chloe, Snjó og Gittu.
VOFF! VOFF!

www.netto.is | Tilboðin gilda 19. - 20. nóv

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.
Mjódd · Salavegur · Búðakór · Grandi · Hafnarfjörður · Hrísalundur · Glerártorg · Húsavík · Höfn · Íðavellir · Grindavík · Krossmói · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss

TÆKNI



Stal úr FIFA-leiknum

Anthony Clark, 24 ára maður frá Kaliforníu, var dæmdur í vikunni fyrir áætluð fjárfsvik með FIFA-peninga. Peningarnir sem Clark og þrír aðrir stálu voru ekki alvöru peningar heldur tölvupeningar sem notaðir eru í FIFA-knattspyrnuleiknum sem EA gerir. Ótrúlegt en satt er þetta ekki í fyrsta sinn sem peningum er stolið úr tölvuleiknum en Clark og félagar seldu FIFA-peningana sína fyrir alvöru peninga. Clark var sá eini sem neitaði sök en hinir játuðu. Dómarinn á eftir að ákvarða lengd dómsins. – bbb



Apple viðurkennir galla í iPhone 6 plús

Eftir nokkurra mánaða þögn hefur Apple loksins viðurkennt að iPhone 6 plús sé ekki fullkominn. Vefsíðan iFixit, sem sérhæfir sig í að kenna fólki heima í stofu að leysa venjuleg vandamál í raftækjum, komst að því að við ákveðnar aðstæður gæti skjáinn í símanum dottið út og ekki lengur virkað, sem var bagalegt fyrir eigendur enda síminn með snertiskjá. Í tilkynningu á heimasíðu Apple segir að ef eigendur séu að upplifa erfiðleika með skjáinn megi koma með hann til Apple. Ætlar fyrirtækið að rukka 149 dollara fyrir viðgerðina sem hefur farið ófugan ofan í eigendur iPhone 6 plus. Í frétt BBC um málið segir að það sé undarlegt að rukka eigendur fyrir gallaða vöru. – bbb



Selfie-kókflaskan

Ísraelska Coca-Cola fyrirtækið hefur sett á markað Selfie-flöskuna sem tekur mynd af neytendum bragða á drykknum. Selfie-stöngin eða kjanaprikkið er eðlilega fyrirmyndin en flaskan mun verða útbúin með 70° myndavél. Einnig verður hægt að stilla hvort taka eigi mynd eða myndband. Allar hálf litra flöskur munu passa í þennan búnað sem búinn var til fyrir sumarherferð fyrirtækisins í landinu. – bbb



Microsoft sækir á listamenn og þá sem starfa í skapandi greinum með nýjustu afurð sinni, Surface Studio. MYND/MICROSOFT

Tæknirisinn Microsoft hefur verið að sækja á markaði sem keppinautar hans í Apple hafa haft yfirráð yfir um langt skeið. Vörubrúun Microsoft hefur beinst frekar á listamönnum og fólki í skapandi störfum. Apple hefur á undanförunum árum verið sakað um að hundska þá notendur sem hafa verið fyrirtækinu hvað tryggastir.

Fartölvur og borðtölvur sem hafa verið sérniðnar fyrir þessa hópa hafa ekki verið uppfærðar um langt skeið og þær uppfærslur sem Apple hefur komið með hafa fallið í grýttan jarðveg hjá hópum sem vilja lengri líftíma rafhlaðna, stærra lykklaborð og fleiri tengi.

Þá hafa vinnsluminni og örgjörvar ekki haldið í við það sem keppinautar fyrirtækisins eru að bjóða upp á. Til dæmis hefur geta MacBook Pro tölvanna lítið verið uppfærð frá árinu 2010.

Nú virðist sem Microsoft hafi ákveðið að sækja sérstaklega á þær slóðir og ágætis líkur eru á því að fyrirtækinu takist að stela þessum hópum frá Apple.

Nú síðast kynnti Microsoft tölvuna Microsoft Surface Studio. Um er að ræða 28 tommu borðtölvu þar sem öllum búnaðinum hefur verið komið fyrir í stórum snertiskjá, sem er lygilega þunnur (11,4 mm). Þá er hægt að snúa tölvunni þannig að hún verður eins og

Microsoft sækir á notendur Apple

Nýjustu vörur Microsoft sýna fram á framþróun sem þykir vanta innan veggja Apple.

teikniborð. Tölvun mun nýtast fagfólki vel við myndvinnslu og slíkt.

Surface Studio fer í sölu snemma á næsta ár að því er fyrirtækið hefur greint frá en ekki liggur fyrir nákvæmlega hvenær. Á heimasíðu Microsoft er sagt að tölvun muni kosta 2.999 til 4.199 dali. Það samsvavar 340 til 470 þúsund krónum. Það verður að segjast að tölvun er dýr og líklega ekki á hvers manns færi að kaupa hana, enda er hún sérhönnuð fyrir fagfólk.

Sömu sögu er að segja af fartölvumarkaðinum, en Microsoft hefur undanfarna mánuði keyrt áfram á tölvunni Microsoft Surface sem er nokkurs konar blendingur af fartölvu og spjaldtölvu.

Tölvur Microsoft eru öflugri og sambland af snertiskjám og hefðbundnum stýringum virðist ein-kenna nýjustu vörur Microsoft, enda er auðvelt að halda því fram að framtíðin liggja þar. Það dugar að fylgjast með börnum pota í alla skjái sem þau komast í og verða hessa þegar það hefur engin áhrif.

Í nýjustu fartölvu sinni, MacBook Pro, hefur Apple ekki viljað ganga alla leið með snertiskjáinn. Þess í stað er snertirönd undir skjánum þar sem hægt er að framkvæma ýmsar aðgerðir. Borðtölvur Apple hafa ekki boðið upp á snertiskjá og nú í vikunni sagði Phil Schiller, einn af yfirmönnum markaðsdeildar Apple, að honum þætti hugmyndin „fáranleg“. samuel@365.is

Íslensk leikjafyrirtæki kynna leiki

Í dag er norræni leikjadagurinn, Nordic Game Day, haldinn hátíðlegur á Norðurlöndunum. Bókasöfn og aðrar stofnanir veita spilum og tölvuleikjum sérstaka athygli með því að bjóða upp á fjölbreytta og skemmtilega dagskrá. Á Íslandi taka 10 bókasöfn þátt í Nordic Game Day í ár. Í Grófinni verður hægt að prófa leiki frá íslenskum leikjafyrirtækjum; Box Island frá Radiant Games, Gunjack sýndarveruleika frá CCP, Mussila tónlistarleikinn frá Rosamosa og kennsluleiki og öpp frá Gebo Kano auk þess sem Sigursteinn J. Gunn-

arsson leikjahönnuður kynnir leikinn Sumer frá Studio Wumpus. Nánari dagskrá má finna á heimasíðu Borgarbókasafnsins.

Sérstök Nordic Game Day tölvuleikjakeppni verður haldin í ár þar sem keppt verður í ormaleiknum Slither.io. Stigahæsti spilarí Norðurlandanna fær OnePlus 3 snjallsíma að gjöf auk þess sem stigahæsti spilarinn í hverju landi fyrir sig fær spil eða tölvuleik að gjöf.

Borðspil spila einnig stóran þátt á Nordic Game Day og mun Amtsbókasafnið á Akureyri meðal ann-

ars bjóða gestum upp á að spila Las Vegas, Splendor, Resistance, Dominion, Partners, Dixit og Jungle Speed og geta gestir mætt með sín eigin spil til að kynna þau fyrir öðrum. Safnið mun auk þess byrja að lána út spil líkt og bækur. Flest önnur söfn sem taka þátt í deginum munu auk þess bjóða gestum að spila spil á staðnum.

Samtals hafa yfir 200 viðburðir verið skráðir í tengslum við Nordic Game Day og fræðast má nánar um dagskrána á heimasíðu Nordic Game day á slóðinni: www.nordic-gameday.wordpress.com. – kbg





— ÚRSLIT TUDDANS Í CS:GO —

SEVEN VS. VECA

KOMDU Á ÚRSLITALEIK TUDDANS KL. 16:00 Í DAG
Í TÖLVULISTANUM Á SUÐURLANDSBRAUT!

Eld Smíðjan



PIZZUVEISLA
KL. 15:30 – 16:30

MOUNTAIN DEW

MOUNTAIN DEW FYRIR
ALLA MEÐ PIZZUNUM

FYRIRKOMULAG

3

BEST OF

KL. 16:00

twitch

TWITCH.TV/GEGTV

ÚTSENDING HEFST
Á GEGTV KL. 15:30

FYLGSTU MEÐ
Á SNAPCHAT



TÖLVULISTINN



PIZZUVEISLA
ÁHORFENDASVÆÐI
OG RISASKJÁR!

**TÖLVU
LISTINN**



BRJÁLJÓ TUDDATILBOÐ
Á ASUS OG RAZER VÖRUM!

Aðals- & maðurinn & sprengi- stjarnan

**Saga
til næsta
bæjar**



Stefán Pálsson
skrifar skrifar um
vísindamenn og
valdabrölt

Árið 1572 birtist tor-
kennilegt fyrirbæri á
himninum, ofurbjört
stjarna sem stjörnu-
fræðingar höfðu ekki
veitt athygli fyrr. Austur í Kínaveldi
höfðu stjörnuspekingar hirðarinnar
þungar áhyggjur, enda nýr keisari
kominn til valda, hinn tíu ára gamli
Zhu Yijun. Sáu ráðgjafar hans ástæðu
til að vara unglínginn við þessum
fyrirbæði og litu á hann sem guðlega
áminningu um að keisarinn ætti að
breyta háttum sínum.

Ekki báru þær umvandanir
árangur. Keisarinn sat við völd í 48
ár, en var drjúgan hluta þess tíma
áhugalítill um embættisstörf og fól
aðstoðarmönnum sínum úr hópi
geldinga sífellt meiri völd. Er valda-
skeið hans talið marka upphafið að
hnignun hinnar gamalgrönu Ming-
keisaraættar.

Fáir munu í dag trú á því að beint
samhengi hafi verið á milli slakrar
keisarastjórnar Zhu Yijun og stjörnu-
unnar torkennilegu. Á sextándu öld
var þó sú trú viðtekin jafnt í Austur-
löndum sem í Evrópu að fyrirbæri á
himnum hefðu bein áhrif á atburði á
jörðu niðri. Stjörnufræði og stjörnu-


speki voru taldar hvor sín hliðin á
sama peningi.

Stjörnufræðingar könnuðust við
halastjörnur, sem einatt voru taldar
fyrirbæði stórtíðinda og hölluðust
flestar að því að hér væri um slíkt
fyrirbrigði að ræða, þótt enginn
væri halinn og litla hreyfingu á
stjörnunni að sjá. Halastjörnur
voru samkvæmt viðteknum heims-
myndarkenningum allt frá tímum
Forn-Grikkja taldar veðurfræðilegt
fyrirbæri sem ferðuðust um og ættu
upptök sín milli tungls og jarðar.
Rökin fyrir því voru þau að himin-
geimurinn handan tunglsins væri
óumbreytanlegur og rynni eftir föst-
um brautum. Ekkert nýtt gæti þar
komið fram og aðskotahlutir á borð
við halastjörnur og loftsteina hlutu
að riðla gangi himintunglanna.

Stjörnuspeki og gullgerðarlist

Í dag vitum við að það var sprengi-
stjarna sem ruglaði stjörnufræðinga
Kínakeisara svo í ríminu. Sprengi-
stjörnur verða til þegar sólar hafa
brennt upp öllu eldsneyti sínu
með þeim afleiðingum að þær falla
saman undan eigin þunga, gefa þá
frá sér mikinn blossa en breytast
síðan í nifteindastjörnu eða svart-
hol. Frá því að sögur hófust eru ekki
nema átta þekkt dæmi um sprengi-
stjörnur sem sjáanlegar hafa verið
með berum augum frá jörðinni. Það
er því ekki að undra þótt stjörnu-
fræðingur hafi brugðið árið 1572.
Sprengistjarnan reyndist líka örloga-
valdur í lífi ungs Dana og átti stóran
þátt í að gera hann ódauðlegan í
vísindasögunni. Sá nefndist Tycho
Brahe.

Tycho var ekki nema 25 ára þegar
sprengistjörnun varð vart, en þá
þegar var hann orðinn helsti
stjörnufræðingur Danmerkur. Her-
mennska eða lögfræðimenntun og
stjörnmálastörf voru hefðbundin
viðfangsefni ungra aðalmanna og
Tycho litli var ekki nema tólf ára
gamall þegar hann innritaðist í



Kaupmannahafnarháskóla og átti
að leggja fyrir sig lögfræði. Fljótlega
kviknaði þó stjörnufræðiahuginn,
sem hann ræktaði á laun. Afburða-
hæfileikar hans til að skrásetja
nákvæmlega stöðu og gang himin-
tungla leyndu sér ekki og að lokum
féllst fjölskyldan á að hann helgaði
sig vísindunum.

Konungar og furstar gátu litid
á stuðning við vísindamenn sem
beina fjárfestingu. Stjörnufræðinga
mátti styðja í þeirri von að þeir
gætu spáð fyrir um óörðna hluti.
Því verkefni sinni Tycho Brahe
samviskusamlega, með því að vinna
veðurspár og útbúa stjörnukort fyrir
meðlimi konungsfjölskyldunnar.

Þegar komið var fram á sextándu
öld gat það verið þjóðhöfðingjum
álitsauki að hafa fræga vísindamenn
undir verndarvæng sínum. Mestallar
miðaldir hafði sú hugmynd verið
ríkjandi að grískir spekingar forn-
aldar hafi í öllum meginatriðum náð
að lýsa veröldinni rétt. Samkvæmt
því var meginhlutverk vísinda-
manna að draga fram og endurnýta
þessa fornu þekkingu, fremur en
að afla nýrrar vitneskju með frum-
legum hætti.

Þessi viðhorf breyttust í kjölfar
landafundanna miklu. Þar opnuðust
vísindunum nýir heimar með fram-
andi dýrum og jurtum. Sú hugmynd
varð því sífellt áleitnari að ekki væri
nóg að rýna bara í verk gömlu grísku
meistaranna til að skilja gangverk
alheimsins.

Þess fyrr segir lá helsti styrkur
Tychos Brahe í nákvæmum skrán-
ingum. Með því að fylgjast með
gangi himintungla uppgötvaði
hann fjölda dæma um ónákvæmni
fyrri stjörnufræðinga við mælingar
á staðsetningu stjarna.

Nákvæmni hans er þeim mun
magnadri í ljósi þess að enn var
ekki búid að kynna stjörnufræðinginn
til sögunnar. Mælingarnar fóru því
allur fram með berum augum. Sjálfur
var Brahe völundarsmiður og útbjó
sjálfur fjölda vandaðra hjálpartækja.

Brahe var því réttur maður á
réttum stað árið 1572. Hann gat
fylgst með sprengistjörnunni af
meiri nákvæmni en nokkur annar
og kveidið upp sannfærandi dóm
um að hún væri miklu fjær jörðu
en tunglið. Uppgötvunin hlaut að
vekja gríðarlega athygli enda hrikni
í heimsmyndinni.

Fyrsta vísindamiðstöðin

Frægðin sem Brahe hlotnaðist í kjöl-
farið opnaði honum leiðir til frama í
fjarlægum löndum. Danakonungur
vildi þó ekki glata hinni nýfengnu
rós úr hnappagati sínu og var til í að
bjóða gull og græna skóga. Raunar
hermdu sögur að konungur teldi sig
sérstaklega skuldbundinn Brahe,

þar sem föstri og föðurbróðir hans,
Jørgen Thygesen Brahe, hafði dáid
af völdum lungnabólgu sem hann
fékk eftir að hafa bjargað kóngi frá
drukkun á fylleri þeirra félaganna.

Tilboð Fríðriks 2. var þó rausnar-
legra en svo að það mætti einungis
skýra með samviskubiti vegna
ölvunaróhapps. Hann lét Brahe í té
smáeyjuna Hveðn á Eyrarsundi með
fullum yfirráðum. Frá 1576 til 1584
risu þar tvær sérhæfðar stjörnurann-
sóknarstöðvar. Sú fyrri, Úraniuborg,
var kennd við gyðju stjörnufræðinnar
í grískri goðafræði. Þegar Brahe
áttaði sig á því fáeinum misserum
síðar að veður og vindar gátu truflað
viðkvæm mælitækin lét hann útbúa
aðra rannsóknarstöð, Stjörnuborg,
sem var að mestu meðanjarðar.

Auk sérhæfðs húsakosts höfðu
Úraniuborg og Stjörnuborg yfir að
búa fjölda nákvæmra mælitækja,
jafnt heimasmiðaðra sem aðfeng-
inna. Þar á meðal gaf að líta forlata
kvaðrant (mælitæki með 90 gráðu
boga til að mæla hæð himinhnatta)
sem smíðaður var af Hólabiskup-
num Guðbrandi Þorlákssyni. Kvað-
rantinn færði annar Íslendingur,
Oddur Einarsson, stjörnufræðing-
num að gjöf. Dvaldi Oddur um tíma í
Úraniuborg á námsárum sínum og
heimsótti Brahe aftur þegar hann
kom til Kaupmannahafnar til að
hljóta vígslu til embættis Skálholts-
biskups. Síðar reiknaði Oddur út
nákvæma hnattstöðu Skálholts-
staðar og sendi Brahe vini sínum.

Oddur Einarsson var einn fjöl-
margra efnilegra námsmanna sem
dvöldu við stjörnufræðirannsóknir
á Hveðn um lengri eða skemmri
tíma. Stjörnurannsóknarstöðin
var í raun vísindaakademia að
fornri fyrirmynd en jafnframt eitt
allra fyrsta dæmið um nútímavís-
indarannsóknamiðstöð. Efnilegir
stjörnufræðingar komu hvarvetna
að úr Evrópu til að nema við fót-
skör meistarans og aðstoða hann
við rannsóknir.

Það jók enn á frægð Úraniuborgar
að Brahe kom sér þegar upp sinni
eigin prentsmiðju, með þann eina
tilgang að þrykkja bækur og rit um
stjörnufræðirannsóknir sínar. Kenn-
ingar hans og rannsóknarniður-
stöður fengu því miklu skjótari og
meiri útbreiðslu en títt var um slíkar
rannsóknir á þessum tíma.

Jarðmiðja eða sólmiðja?

Heimsmyndarkenning Brahes
komst fljótlega á allra varir, í henni
reyndi hann að miðla málum
milli umdeildrar sólmiðjukenn-
ingar Kópérnikusar og hinnar
hefðbundnu jarðmiðjukennningar.
Brahe freistaði þess að feta milli-
vegin með því að láta sólina og
tunglið ganga umhverfis kyrrstæða

jörðu, en hinar pláneturnar snerust
umhverfis sólina.

Kostnaðurinn við byggingu og
rekstur svo umfangsmikillar vís-
indastofnunnar var mikill eða um
eitt prósent af heildarútgjöldum
ríkisins þegar mest lét.

En stjörnmálagefan er fallvölt
og það sannaðist þegar Fríðrik 2.
lést og við tók sonur hans, Krist-
ján 4., árið 1588. Nýi kóngurinn og
ráðgjafar hans höfðu meiri áhuga
á vopnaskaki en frædagrúski, auk
þess sem stjörnin í Kaupmannahöfn
var staðráðin í að draga úr
valdi aðalmanna í landinu.

Persónulegar aðstæður gerðu
stöðu Brahes enn þrengri. Hann
bjó í óvígðri sambúð með konu af
alþýðuættum og gat ekki kvænt
henni án þess að glata aðalstigninni.
Börn þeirra töldust því óskilgetin.
Tycho hafði í lengstu lög vonast til



... HAFÐI DÁID AF

VÖLDUM LUNGNABÓLGU

SEM HANN FÉKK EFTIR AÐ

HAFJA BJARGAÐ KÓNGI FRÁ

DRUKKNUN Á FYLLERI ...

að finna leið til að afkomendur hans
fengu að erfa lendur hans og titla,
en þegar sú von var fyrir bí flúði
hann úr landi með fjölskyldu sína.

Þeim var tekið með kostum og
kynjum við hirð konungsins í Prag.
Þar hlaut Brahe stöðu hirðstjörnu-
fræðings, en varð ekki langra líf-
daga auðið. Hann lést með miklum
kvöllum að lokinni matarveislu,
líklega eftir að gallblaðran sprakk –
þótt gárungar segðu síðar að hann
hefði neitað sér of lengi um að fara
á klósettið. Það kom því í hlut læri-
sveinsins Keplers að gefa út stjörnu-
mælingar meistarans síns, en í stað
þess hafa þar til hliðsjónar heims-
myndarkenningu Brahes sjálfs lá
Kepler á því lúalagi að notast við
sólmiðjukennunguna í staðinn.
Lífsstarf Tychos Brahe varð því að
lokum til þess að festa í sessi kenn-
inguna sem hann trúði ekki á sjálfur.

Eflaust hefðu sumir höfundar í
pistli um Tycho Brahe frestast til að
skrifa um sérkennileg smáatriði í lífi
hans, svo sem gullnefið, dverginn
sem hann átti og elginn hans sem
datt ölvaður niður stiga og drapst.
En það biður betri tíma.

merking
....framleiðir

Smyrlabjörg
Nóntorg
Bjarkaland
Höfnin


Umferðarmerki og skilti...
Viðarhöfða 4 www.merking.is Sími: 562-7044



STURLUNNGASAGA 20. ALDARINNAR

Hér rekur Guðjón Friðriksson sagnfræðingur sögu Alþýðuflokksins og brautryðjendanna, svo og arftaka þeirra allt til síðustu aldamóta; segir frá sókn til framtíðar, áföngum og sigrum, en einnig frá hörðum átökum innan flokks og utan, flóknum fléttum og klofningi.

RÍKULEGA
MYND-
SKREYTT



ÁTAKA-
SAGA



ÓMISSANDI ÞÁTTUR Í UNDIRBÚNINGI JÓLANNA



1,36kg
í poka

398
kr. 1,36 kg

Amerísk Smáepli Rauð, 1,36 kg



2,3kg
í kassa

698
kr. 2,3 kg

Robin Klementínur Spánn, 2,3 kg



479
kr. 500 g

Only Stollen brauð 500 g

LÁGT VERÐ ALLA DAGA

1L



598
kr. 1 l

Blomberg's Jólaglögg 1l, óáfeng



359
kr. 850 ml

Ribena Sólberjabykni 850 ml



BRUNATÍMI ALLT AÐ 4 KLST.

798
kr. stk.

Arinkubbur 2,72 kg - Verð áður 998 kr.

Ný sending **LÆGRA VERÐ**



-18°C
frostpol

398
kr. 2,5 l

Rúðuvökvi Frostpol -18°C, 2,5 l

VERUM VIÐ ÖLLU BÚIN Í VETUR



179
kr. stk.

Rúðuskafa



598
kr. pk.

Mannbroddar 2 stk. í pakka



998
kr. pk.

Mannbroddar 4 stærðir, 2 stk. í pakka

KJÚKLINGUR Á GÓÐU VERÐI




1.895
kr. kg

Bónus Kjúklingabringur
Ferskar



759
kr. kg

Bónus Kjúklingur
Ferskur, heill



GOTT VERÐ Í BÓNUS



998
kr. 800 g

Porskbítar í raspi
800 g, frosnir, forsteiktir



998
kr. 800 g

Bónus Ýsubitar
800 g, frosnir

30%
Meira magn
Sama verð



1kg

379
kr. 1 kg

Myllu Heimilisbrauð
1 kg



398
kr. 600 g

Heima Döðlur
600 g, ferskar



898
kr. 400 g

Te og Kaffi Jólakaffi
400 g, malað eða baunir

Gjafakort Bonus



Gjöf sem kemur
að góðum notum fyrir alla
Gjafakortið fæst til afgreiðslu í öllum verslunum Bónus

TÍMAMÓT



Helgi Jónas Ólafsson

stýrimaður,
Njörvasundi 35.

er látinn. Útförin hefur farið fram.
Þökkum auðsýnda samúð.

Eyrún Ósk Kristjánsdóttir
og börn.



Hjartans þakkir fyrir samúð, hlýhug
og vináttu vegna andláts og útfarar
mannsins míns, föður okkar,
tengdaföður, afa og langafa,

Sigurðar Stefánssonar

lögglits endurskoðanda,
Þorragötu 5, Reykjavík.

Anna Jónsdóttir

Jón Sigurðsson

Stefán Sigurðsson

Björg Sigurðardóttir

Ingvaldur Sveinbjörnsdóttir

Helga Kristín Guðmundsdóttir

Gunnar Baldvinsson

barnabörn og barnabarnabörn.



Innilegar þakkir fyrir samúð, hlýhug og
vináttu vegna andláts og útfarar
elskulegs eiginmanns míns, föður,
tengdaföður, afa og langafa,

Hilmars Guðbrandssonar

Gullsmára 7,
áður til heimilis í Hraunbæ 132.

Guð blessi ykkur öll.

Bjarney Guðjónsdóttir

Helga Hilmarsdóttir

Guðjón Hilmarsson

Bragi Hilmarsson

Arnar Hilmarsson

Arndís Hilmarsdóttir

Örn Þrúnsson

S. Ingibjörg Józefsóttir

Björk Norðdahl

Margrét Guðmundsdóttir

Guðmundur Mar Magnússon

afabörn og langafabörn.



Ástkær faðir okkar,
tengdafaðir, afa og bróðir,

Þórhallur Jón Gestsson

Vogagerði 31, Vogum,

lést á heimili sínu 6. nóvember sl.
Útförin fer fram frá Grafarvogskirkju
miðvikudaginn 23. nóvember kl. 13.00.

Blóm og kransar eru vinsamlegast afþakkaðir en þeim
sem vilja minnast hans er bent á minningarreikning
0186-15-380294, kt. 060475-4079.

Linda María Þórhallsdóttir

Sædis Þórhallsdóttir

Þórdur Kristinn Þórhallsson

Gestur Þór Þórhallsson

Simon Ingi Gestsson

Elin Anna Gestsdóttir

Einar Mýrdal Guðmundsson

Marianna Bergsteinsdóttir

Tatiya Tohmudbamrung

Guðmundur Skarphéðins.

og barnabörn.



Svanbjörg Ragnhildur Gunnarsdóttir

Dvergabakka 12,
áður húsfreyja á Ljósstöðum 1,
Vopnafirði,

andaðist á hjúkrunarheimilinu Mörk
9. nóvember. Útför hennar fer fram frá
Langholtskirkju mánudaginn 21. nóvember kl. 13.

Anna Sólveig Gunnarsdóttir

Gunnar Þór Runólfsson

Sara Jóhannsdóttir

og langömmubörn.

Meirgættvi, hlýja og virðing Við andlát ástvinar



Ísleifur Jónsson

Útfararstjóri

Farsími 821 5353

Steinunn Magnúsdóttir

Útfararþjónusta

Farsími 861 3441



Álfheimum 35, 104 Reykjavík

Sími 553 5353 og 821 5353

www.usr.is

isleifur@usr.is

Þjónusta allan sólarhringinn



„Ég er ekkert upp með mér af eigin hagamælsku en tók þátt og hafði gaman af,“ segir Ingvar um yrkingarnar á Alþingi Íslendinga.

MYND/AUÐUNN NÍLSSON

Pólitíkin gleypiti mig

Fyrsta alvöru ljóðabók hins níræða Ingvars Gíslasonar, fyrrverandi menntamálaráðherra, geymir úrval ljóða og ljóðabýðinga hans og nefnist Úr lausblaðabók – Ljóðævi.

„Ég stundaði yrkingar á bernsku- og ungdomsárum en eftir menntaskóla varð hlé á þeim þar til ég settist á Alþingi árið 1961, þá byrjaði ég aftur því andrúmsloftið þar var þannig,“ segir Ingvar Gíslason, fyrrverandi menntamálaráðherra, spurður út í skáldferil sinn. Hans fyrsta alvöru ljóðabók var að koma út, á 90. aldursári hans, Úr lausblaðabók – Ljóðævi heitir hún.

Reyndar gaf Ingvar út limrubók fyrir tíu árum því hann hefur leikið sér með limruformið frá því það kom fram og margar af limrum hans eru landsfleygar. Til dæmis þessi:

*Lauslát var Gunna á Glerá
hún giftist samt Jóni á Bverá,
nú hoppar um húsinn
um hálf tann dúsinn
af krökkum sem enginn veit hver á.*

En aftur að andrúmsloftinu á þinginu. Ingvar nefnir Jónas Árnason, Svövu Jakobsdóttur, Guðrúnu Helgadóttur, Stefán Jónsson og Helga Hjörvar sem dæmi um bókmenntafólk sem var þar samtíða honum. Hann segir miðum með stökum hafa verið laumað á milli bæði í fundarsal og kaffistofu, alltaf í göðu – aldrei í illu.

„Ég er ekkert upp með mér af eigin hagamælsku en tók þátt og hafði gaman af,“ segir hann. „Það var líka ágætlega skáldmælt fólk sem vann í þinginu. Ég man eftir Sigrúnu Árnadóttur, hún hefði getað sent frá sér góða ljóðabók.“

Ingvar ólst upp í Nesi í Norðfirði en fór til Akureyrar til náms og ílentist

þar. Hann segir mikinn bókmenntaáhuga hafa einkennt lífið í MA þegar hann var þar, sjálfur tók hann þátt í því af lífi og sál, var til dæmis ritstjóri skólablaðsins og „nokkurs konar bekkjarskald, eða hvað á að kalla það, alltaf búandi til eitthvað“, eins og hann orðar það. Hreift af órímuðum ljóðum en náði sjálfur betri tókum á hefðbundna forminu.

Svo var Ingvar alþingismaður fyrir Norðurlandskjördæmi eystra í 27 ár og ráðherra á tímabili. „Pólitíkin gleypiti mig,“ segir hann kankvís. „Hins vegar var ég lögfræðingur líka en hafði lítinn áhuga á að stunda lögmenntu, menntunin var góð og kom að gagni í mínu starfi.“

gun@frettabladid.is



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar,
tengdamóðir og amma,

Unnur Kolbrún Sveinsdóttir

Norðurvangi 25, Hafnarfirði,

lést á Landspítalanum 12. nóvember
síðastliðinn. Útförin fer fram í kyrrþey
að ósk hinnar látnu.

Þórir Kjartansson

Ása Sigríður Þórisdóttir

Kjartan Þórisson

Edda Lilja Guðmundsdóttir

og barnabörn.



Ástkær systir okkar,
mágkona og frænka,

Björk Gunnarsdóttir

Lautarvegi 18,

lést miðvikudaginn 16. nóvember.
Þeim sem vilja minnast hennar er bent
á Ás styrktarfélag. Útför verður
auglýst nánar síðar.

Margrét Ásta Gunnarsdóttir

Páll Gunnarsson

Guðlaugur S. Helgason

og frændsystkini.



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar,
tengdafaðir, afa og langafa,

Vilhjálmur Stefán Guðlaugsson

húsasmiðameistari
Meðalbraut 4, Kópavogi,

lést á Landspítalanum við Hringbraut
31. október sl. Útför hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins
látna. Þökkum auðsýnda samúð.

Dagmar Ásgeirsdóttir

Bjarnfríður Vilhjálmssdóttir

Ásgeir Vilhjálmsson

Sjófn G. Vilhjálmssdóttir

Hanna Þ. Vilhjálmssdóttir

barnabörn og barnabarnabörn.

Þór Örn Jónsson

Laufey R. Brekkan

Magnús Þ. Eggertsson

Jens Þór Svansson



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir,
amma, langamma og langlangamma,

Sonja Valdemarsdóttir

verslunarkona,
Sóleyjaríma 7,
áður að Lindargötu 30,

lést á hjúkrunarheimilinu Eir, mánudaginn
14. nóvember. Útförin fer fram frá Bústaðarkirkju
miðvikudaginn 23. nóvember kl. 11.

Kristín Erlingsdóttir

Valgerður Kummer

Ragnar Kummer

Dagný Erlingsdóttir

Sonja Erlingsdóttir


barnabörn og barnabarnabörn.

Magnús S. Ármannsson


Þóra Björk Sigurþórsdóttir

Ágúst J. Guðmundsson

JÓLABÓKIN FÆST HJÁ OKKUR




AFLAUSN
4.549 KR



ALLT MITT LÍF ER TILVILJUN
4.874 KR




DRUNGI
4.899 KR



ENDURFUNDIR
4.899 KR



HARRY POTTER OG
BÖLVUN BARNSENS
3.849 KR



HRAKNINGAR Á HEIÐAVEGUM
4.899 KR




LEITIN AÐ SVARTA
VÍKINGNUM
4.899 KR



LJÓSÍN Á DETTIFOSSI
4.899 KR



SKEGG RASPÚTÍNS
5.249 KR



TVÍSAGA
5.249 KR

www.netto.is | Tilboðin gilda 19. - 20. nóvember

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.
Mjódd · Salavegur · Búðakór · Grandi · Hafnarfjörður · Hrísalundur · Glerártorg · Húsavík · Höfn · Íðavellir · Grindavík · Krossmói · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss

Merkisatburðir

1946 Ísland gengur í Sameinuðu þjóðirnar.
1959 Auður Auðuns er kjörin borgarstjóri í Reykjavík með Geir Hallgrímssyni og er fyrst kvenna til að gegna embættinu.
1974 Geirfinnur Einarsson hverfur í Keflavík.
1983 Fyrsta bjókráin, Gaukur á Stöng, er opnuð í Reykjavík en bjór er ekki leyfður og því er þar selt svo-nefnt bjórlíki.



Bára Brynjólfssdóttir

fædd þann 14. mars 1934, lést 6. nóvember síðastliðinn. Jarðarförin hefur farið fram.

Bergsteinn Bergsteinnsson
Guðný Bergsteinsdóttir



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og vinarhug vegna andláts og útfarar ástkærrar eiginkonu, dóttur, móður, tengdamóður, systur og ömmu,

Valborgar Stellu Harðardóttur

Lundarbreykku 10, Kópavogi.

Eggert Jóhannsson

Pálína Stefánsdóttir

Hörður Páll Eggertsson

Anton Ingi Eggertsson

Stefán J. Eggertsson

Kristín Harðardóttir

Karen Ómarsdóttir

Jóhanna Brynjólfssdóttir

Bjarni Halldórsson

og barnabörn.



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og vinarhug við andlát og útför ástkærrar móður okkar, tengdamóður og ömmu,

Sjafnar Jóhannesdóttur

dvalarheimilinu Höfða, Akranesi.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki dvalarheimilisins Höfða fyrir einstaka alúð og umhyggju.

Jóhannes Guðjónsson

Guðmundur Guðjónsson

Hrefna Guðjónsdóttir

og ömmubörn.

Guðrún J. Guðmundsdóttir,

Ólöf Á. Guðmundsdóttir,

Sigurður Sigurðsson



Ástkær eigenmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

Sigurjón Óskar Sigurðsson

Hvassaleiti 16,

lést föstudaginn 11. nóvember. Útförin fer fram frá Grensáskirkju þriðjudaginn 22. nóvember kl. 15.

Anna Guðný Hildipórsdóttir

Sigurður Ármann Sigurjónsson Lek Kaewphanna

Kristín Júlía Sigurjónsdóttir

Aðalsteinn Þormar Sigurjónss. Kristín Guðný Sigurðard.

Aðalheiður Sigurjónsdóttir Daniel Heiðar Guðjónss.

barnabörn og barnabarnabörn.



Ástkær eigenmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

Konráð Guðmundsson

frá Landlyst, Vestmannaeyjum, Lund 86, Kópavogi,

lést á heimili sínu 14. nóvember. Útförin fer fram í kyrrþey að ósk hins látna.

Elin Leósdóttir

Kristbjörg Konráðsdóttir

Brynjar Konráðsson

og barnabörn.

Lúdvík H. Gröndal



Starfsmenn Hljóðfærahússins að koma sér í girinn, Arnar Freyr Gunnarsson, Sindri Már Heimisson, Arnar Þór Gíslason og Jón Kjartan Ingólfsson. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Frá gítarnöglum til flygla

Verslunin Hljóðfærahúsið á sér merkilega 100 ára sögu og heldur upp á það í dag með tónleikum í Síðumúla 20. Sindri Már Heimisson framkvæmdastjóri lofar stuði.

Hljóðfærahús Reykjavíkur tók til starfa í Templarasundi 3 þann 21. nóvember 1916. Það var stofnað af hinni dönsku Önnu Friðriksson og var fyrsta eiginlega sérverslunin í Reykjavík. Á ýmsu gekk í rekstrinum fyrstu árin og meðal þess sem við var að stríða á tímabili var bann við innflutningi á hljóðfærum vegna fjárhagsórðugleika í landinu.

Nú er Hljóðfærahúsið á 870 fermetrum í Síðumúla 20 og fagnar aldarafmæli sínu í dag, 19. nóvember, með tónleikum frá 14.30 til 17. Þar koma fram Skólahljómsveit Kópavogs, Mugison, Soffia Björg með hljómsveit, Sigurður Flosason, Einar Valur Scheving ásamt Þóri Baldurssyni og Sálin hans Jóns míns.

„Hér verður mikið stuð,“ segir Sindri Már Heimisson, framkvæmdastjóri og

Nýjungin er alls konar búnaður sem tengist tölum og forritum svo við starfsfólkið erum í endurmenntun á hverjum degi.

eigandi Hljóðfærahússins ásamt Lyfjum og heilsu. „Við eigum líka Tónabúðina á Akureyri sem er 50 ára á þessu ári. Pálmi Stefánsson stofnaði hana 1966 og Tónaútgáfuna líka og gaf mikið út af íslenskum plötum. Það er saga út af fyrir sig,“ bendir hann á.

Sindri segir starfið í Hljóðfærahúsinu ekki bara snúast um að selja fjögurra strengja fiðlur. „Markaðurinn hefur breyst og stækkað í allar áttir. Nýjungin er alls konar búnaður sem tengist tölum og forritum svo við starfsfólkið erum í endurmenntun á hverjum degi.“

Hljóðfærahúsið er alhlíða verslun sem selur allt frá gítarnöglum upp í flygla, líka hljóðkerfi, mixera, hátalara, snúrur og strengi að sögn Sindra. „Við erum með stór umboð eins og Yamaha og Fender. Erum líka með eðalstarfsfólk bæði hér og á Akureyri sem er spílandi og syngjandi í hljómsveitum úti um allar koppagrundir. Miklir snillingar.“

Spilið þið í vinnutímanum? „Já, erum sérstaklega hallir undir jólalög!“
gun@frettabladid.is



Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi.

Guðbjörn Ásgeirsson

matreiðslumeistari,

lést af slysförum aðfaranótt miðvikudags 16. nóvember síðastliðinn.

Útförin fer fram þriðjudaginn 22. nóvember kl. 13.00 frá Viðistaðakirkju.

Guðrún Gerður Guðbjörnsdóttir

Guðmunda Rut Guðbjörnsdóttir

Arnar Helgi Guðbjörnsson

Ragnar Viðir

Kristinsson

Anna Lára

Sveinbjörnsdóttir

barnabörn og barnabarnabörn.



María Bjarkar Árelíusdóttir

Lækjarbrún 8, Hveragerði,

er látin. Útförin verður auglýst síðar.

Steinar Berg Björnsson

Skarphéðinn Berg Steinarsson

Ingvar Berg Steinarsson

Sverrir Berg Steinarsson

Sigríður Jóhannesdóttir

Arna Viktoría

Kristjánsdóttir

Ragnhildur Anna

Jónsdóttir



Faðir okkar,

Sveinn Jónsson

bóndi á Hjallalandi, Skagafirði,

lést á Dvalarheimili aldraðra á Sauðárkróki 15. nóvember síðastliðinn.

Útförin verður frá Sauðárkrókskirkju föstudaginn 25. nóvember kl. 14.

Jón Pétur Sveinsson

Sigríður Halldóra Sveinsdóttir

Una Sveinsdóttir

Gígja Sveinsdóttir

Hallfríður Sveinsdóttir

Anna Sveinsdóttir

Sigurður Sveinsson

og fjölskyldur.



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langlangamma,

Helga Ingunn Tryggvadóttir

Meistaravöllur 19,

lést á hjúkrunarheimilinu Eir föstudaginn 11. nóvember.

Útför mun fara fram í kyrrþey að ósk hinnar látna.

Kristján Pétursson

Birkir Pétursson

Bera Hraunfjörð

Óttar Pétursson

Bára Pétursdóttir

Gaukur Pétursson

Brynja Pétursdóttir

ömmubörn, langömmubörn, langalangömmubörn og aðrir aðstandendur.

Margrét Sveinsdóttir

Jón G. Guðmundsson

Zofía Barbara Urbanik


Elinborg Bjarnadóttir

Ragnar Antonsson

og aðrir aðstandendur.

Metsölubækur

í 23 ár



Óttar Sveinsson

ÚTKALL - KRAFTAVERK UNDIR JÖKLI

Undir Svörtuloftum á aðventu 2001 +++

„Svanborg frá Ólafsvík kastast af ógnarafli utan í klettana á Snæfellsnesi.“

„Örmagna heldur einn skipbrotsmanna sér dauðahaldi á brúarþakinu svo klukkustundum skiptir.“

„TF-LIF bílar. Varnarliðsþyrla kemur á vetvang - sigmaður leggur sig í bráða lífshættu.“

Á Hofsjökli í febrúar 2006 +++

„Toyota Hilux heppi með tveimur mönnum hrapar 30 metra niður í hlydýpissprungu“

„Bíllinn fleygast á milli ísveggjanna og verður aðeins um metri á hæð“

„Inni í flakinu eru vinirnir Jónas Atli og Tómas Ýmir. Hér er barist upp á líf og dauða“

Útkallsbækur Óttars Sveinssonar hafa 23 ár í röð verið eitthvert vinsælasta lesefni Íslendinga. Bækur sem lesendur leggja ekki frá sér fyrr en að lestri loknum. Óttari tekst á einstakan hátt að skapa mikla spennu í

sögum sínum úr íslenskum raunveruleika. Einlægar frásagnir þeirra sem lenda í rauninum, aðstandenda þeirra og björgunarfólks láta engan ósnortinn.



KROSSGÁTA

LÁRÉTT

- 1 Ástand nútímakvenna er betra en Eddu og Evu (8)
- 11 Leita þessara laka vegna ákveðinna slysa í rúminu (13)
- 12 Með útkeyrðum mönnum á fjölförnum vegi (8)
- 13 Fiska veiði – þó enga hákarla (9)
- 14 Sveigur mun þjóta milli helstu blóðganga (8)
- 15 Hvi er þessi klifurfurt svo oft í fréttum? (5)
- 16 Set kraft í feitan (7)
- 17 Öngvit fyrir ansi hress (8)
- 19 Hér segir frá næringarríku sníkjudýri (5)
- 20 Heilsaðu Degi, segir Dagur, enda þeirra dagar (10)
- 21 Hvílir þá sá æri rugludallur (3)
- 22 Vegur salt við lygna vik (3)
- 23 Snjóhorn í skotinni rjúpu? (4)
- 25 Són tengir bakka hverfis í Köben (11)
- 30 Hitti túrakarl á leið í messu (8)
- 33 Vildi hitta himnanna hliðvarðar herra en fann bara lindýr (10)
- 34 Eiður vottar að meindýraeyðing er í uppnámi (11)
- 36 Tortryggja þann stysta sem þó er traustastur (10)
- 37 Finn áhöfn á heitin á köllunum (11)
- 38 Þeir sem drolla eru engir ernir (8)
- 41 Leita járnahluta vegna vípruglaða (11)
- 42 Leita rísa sem þola ekki dagsljósið (10)
- 43 Sker eða storð eða skáldsaga eftir Hagalín? (6)
- 44 Með hugann við eitthvað sætt og ruglað (6)
- 45 Elduðum helling og sendum svo kóðuð skeyti (8)

LÓDRÉTT

- 1 Illindi eða orgiur í pólitíkinni? (13)
- 2 Dómstóladallurinn og reglurnar sem gilda um borð (11)
- 3 Festum ungdóminn þar sem hann er (11)
- 4 Finn grein fyrir hringa um handlegg (8)
- 5 Þetta er hevi skrens og erfitt að stöðva (10)
- 6 Bísar frekar, segir einn sem ekki verður rændur (10)
- 7 Nú er lag, sviknir svikarar í uppnámi! (10)
- 8 Nú tel ég að flinkar ættu að sæta hafgolu (8)
- 9 Fjörður og friður sefa sorgum hlaðna (9)
- 10 Þvagittlingur er annað hvort önd eða brúsi (9)
- 18 Gunna setur drengihokka í uppnám (5)
- 23 Gera frumrannsókn á virkni ákveðinna slumma (8)
- 24 Nofæra sér þennan fjölda til hins ýtrasta (7)
- 26 Sviksamur býr vaðmál fyrir ferðalag (11)
- 27 Hleyp ég á toppinn sem efnileg sál (11)
- 28 Glepjum hippa með rokkskífum (11)
- 29 Fara skeiðandi úr hesthúsi, illar á tíðum (11)
- 31 Segir hún þá rassmikla, einkum á kvöldin (10)
- 32 Legg að lokum mat á strit við starf og heila iðngrein (10)
- 35 Skutust hingað af himni um hríð (8)
- 39 Setjið nú sving í hreyfinguna (5)
- 40 Lömuð lauma sér úr ruglinu (5)



Lausnarorð síðustu viku var **SELTJARNARNES**



VEGLEG VERÐLAUN

Vikulega er dregið úr innsendum lausnarorðum og fær vinningshafi eintak af **Næsturgalanum** eftir **Kristin Hannah** frá Forlaginu. Vinningshafi síðustu viku var **Linda Leifsdóttir, Reykjavík.**



LAUSNARORÐ

Ef bókstofunum í skyggðu reitunum er raðað rétt saman birtist svolitil hvíld. Nema það sé leikrit? Sendið lausnarorðið í síðasta lagi 24. nóvember næstkomandi á krossgata@frettabladid.is merkt „19. nóvember“.

Á Facebook-síðunni **Krossgátan** er að finna ábendingar, tilkynningar og leiðréttingar ef þörf krefur.

Éfirréttir

NÝTT

Jóla skyr
með piparkökubragði

Bragðið af jólunum rúmast í dós

Ljúffengur éfirréttur sem er tilvalið að smakka á adventunni

ÍSSKÁPA STRAÐ

MÍÐVIKUDAGA KL. 19:50

HAGKAUP

Prautir

Bridge Ísak Örn Sigurðsson

Úttekt breytt í refsingu

Árlega alþjóðlega mótið, sem fram fór á eyjunni Madeira, er lokið. Það var spilað dagana 7.-13. nóvember. Hópur Íslendinga er vel kunnugur mótinu og stór hópur þeirra hefur jafnan verið með í mótinu. Íslendingar hafa oft fagnað sigri í þessu móti, en gerðu það ekki að þessu sinni. Bestum árangri Íslendinga náðu félagarnir Halldór Svanbergsson og Kristinn Kristinnsson, sem hafa oft verið meðal þátttakenda. Íslendingar voru tæplega 40 talsins í ár. Halldór og Kristinn enduðu í 6. sæti í tvímenningnum (165 þör) og 4. sæti í sveitakeppninni (74 sveitir). Sveit þeirra bar heitið „Donald Trump“ og var ætlunin að koma á óvart og vinna með lokasprettinum, líkt og Trump gerði. Það tókst ekki þó að gott sæti næðist. Halldór og Kristinn fengu toppskor í þessu spili í tvímenningnum. Norður var gjafari og enginn á hættu:

- Norður**
 ♠ KD32
 ♣ ÁK74
- Vestur**
 ♠ G6
 ♥ DG
 ♦ 107543
 ♣ ÁKD10
- Austur**
 ♠ 10975
 ♥ 8632
 ♦ -
 ♣ 87652
- Suður**
 ♠ Á84
 ♥ 1095
 ♦ ÁG9862
 ♣ G

Kristinn opnaði á einu laufi í norð-urhöndina með sterk spil. Austur gat ekki stillt sig um að koma inn á sagnir á einum tigli en átti eftir að sjá eftir því. Halldór passaði með hressilegan lit í tigli og Kristinn gaf úttektardobl sem Halldór breytti að sjálfsgöðu í refsingu. Þegar þokunni létti skrifuðu NS 1100 stig í sinn dálk. Austur varð að láta sér nægja 3 slag og 1100 dugði í hreinan topp í NS.

Skák Gunnar Björnsson
Svartur á leik



Sergey Karjakin (2.772) átti leik gegn Magnusi Carlsen (2.853) í fimmtu skák heimsmeistaræinvígis þeirra.

42...d4! 43. Dxd4 Bd5? (hér missti Karjakin af upplögðu tækifæri 43...Hh8! sem hefði gefið honum möguleika á að tefla til sigurs) **44. e6! Dxe6 45. Kg3** og jafntefli samíð nokkru síðar. Staðan var 2½-2½ fyrir sjöttu skákina sem tefld var í gærkvöld.
www.skak.is: Allt um heimsmeistaraeinvígið.

Sudoku

LÉTT

	1	3	9					6	
2			7	4	8			9	1
8		4							2
		6		7					8
5						4			
			2	8	4	9	5		
	5			1		2	4	3	
		1	4	5					9
	8		6						

MÍÐLUNGS

		2			8			9	5
5				3	9		1		
							7	2	
				4	9	8			
	1		2	5		6			
	4			7	8			1	
4		7					1		
	6	3		2	7				
1	8					6			

ÞUNG

				7	4				
8				9				2	
		4				3		9	
			7			9	4		
9									2
		7	8	1		5			
7		9	4		2				8
	5			8		4			
4			9		6		3		

Prautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU

3	4	8	1	5	7	2	6	9	3	5	1	4	6	7	2	9	8	4	1	2	8	6	5	9	7	3
7	6	9	4	2	8	5	1	3	2	6	7	5	9	8	4	1	3	5	8	9	7	1	3	2	4	6
1	2	5	6	3	9	4	7	8	8	9	4	1	2	3	5	6	7	6	3	7	4	9	2	8	1	5
2	3	6	5	4	1	8	9	7	4	8	3	6	5	9	7	2	1	9	4	6	2	5	7	1	3	8
8	5	7	2	9	3	6	4	1	5	7	6	2	3	1	9	8	4	2	7	8	9	3	1	6	5	4
9	1	4	7	8	6	3	2	5	9	1	2	7	8	4	6	3	5	1	5	3	6	8	4	7	9	2
4	9	2	3	1	5	7	8	6	6	4	9	3	1	5	8	7	2	7	9	4	5	2	8	3	6	1
6	8	3	9	7	2	1	5	4	7	3	8	9	4	2	1	5	6	3	2	5	1	7	6	4	8	9
5	7	1	8	6	4	9	3	2	1	2	5	8	7	6	3	4	9	8	6	1	3	4	9	5	2	7



VALSHÖLLIN

11. JÚNÍ 2017

MÍÐASALA HEFST Á FIMMTUDAG KL. 10 Á TIX.IS



WWW.ACOMICSOUL.COM

PÓSTLISTAFORSALA SENU LIVE FER FRAM Á MIÐVIKUDAG.
NÁNAR Á WWW.SENA.IS/FLUFFY



Konráð og félagar á ferð og flugi ²²⁶

Bragi Halldórsson

Konráð horfði hugsu á gátuna. „Hvers konar gáta er nú þetta?“ „Örugglega eitthvað til að rugla mann og plata,“ sagði Kata snúðug eins og venjulega. „Alltaf verið að plata mann,“ bætti hún við. Lísaloppa las leiðbeiningarnar fyrir gátuna. „Þetta er orðagáta og hér stendur,“ las hún: „búið er að rugla stöfunum í nöfnum nokkurra fuglategunda í hverri línu. Ef þú getur raðað þeim rétt í kassana mynda stafirnir í hringjunum nafn fugls ef lesið er niður.“

Getur þú ráðið orðaruglið og séð hvaða fuglar þetta eru?

VMURÁ	<input type="text"/>	<input type="text"/>	<input type="text"/>	<input type="text"/>	<input type="text"/>
FRHNA	<input type="text"/>	<input type="text"/>	<input type="text"/>	<input type="text"/>	<input type="text"/>
FLÁT	<input type="text"/>	<input type="text"/>	<input type="text"/>	<input type="text"/>	<input type="text"/>
ÓLRMU	<input type="text"/>	<input type="text"/>	<input type="text"/>	<input type="text"/>	<input type="text"/>
LYISMLR	<input type="text"/>	<input type="text"/>	<input type="text"/>	<input type="text"/>	<input type="text"/>



LÁUSN-VÁLU

Gátur

Hvernig er vatn stafað með tveimur bókstöfum?

Hver er það sem fer alltaf umhverfis tréð og verður þó aldrei þreyttur?

Hvaða ungi er fjaðralaus?

Ég segi þér það sem ég segi þér til þess að þú segir mér það sem ég segi þér ekki. Veistu svarið?

Hvað er sameiginlegt með andasteik og peningaveski?

Sá sem á það er fátækur. Sá sem veit það, er heimskur. Sá sem gerir það er latur. Hvað er það?

Svör:

Is, bókurinn, næungi, gátan, þau eru bæði best vel fyllt, ekkert.



Julia og Vigdís Finnbogadóttir fyrrverandi forseti. Vigdís var verndari verðlaunanna og afhenti þau við hátíðlega athöfn í Norðurljósasal Hörpu. MYND/SIGRÚN BJÖRNSDÓTTIR

Finnst gaman að útskýra fyrir öðrum

Julia Newel var ein þeirra 57 reykvísku grunnskólanemenda sem hlutu Íslenskuverðlaun unga fólksins í bókmenntaborginni Reykjavík á degi Íslenskrar tungu.

Julia er tólf ára nemandi í Fella-skóla í Breiðholti. Hún fékk verðlaun á degi Íslenskrar tungu fyrir að taka stöðugum framförum og búa yfir ákveðinni færni í ræðu og riti sem skarar fram úr, ásamt því að túlka fyrir pólska samnemendur sína. Hún var að vonum glöð þegar hún tók við verðlauninum. „Mér fannst það gaman. Ég er stolt yfir því að hafa verið valin,“ segir hún.

Julia fæddist á Íslandi og þó hún sé svona göð í íslensku þá er stærðfræði uppáhaldsfag hennar í skólanum.

Skylði hún fara oft til Póllands?

„Mamma og pabbi eru bæði frá Póllandi og ég hef farið þangað á hverju ári síðan ég fæddist. Ég fór þangað til dæmis í sumar, hitti fjölskylduna mína og gerði margt skemmtilegt.“

Spurð hvernar þjóðar bestu vinir hennar séu svarar Julia:

„Þeir eru frá mörgum löndum. Í bekknum mínum eru krakkar frá tíu löndum.“

Helsta áhugamál Julíu er dans.

„Ég æfi dans í World Class,“ upplýsir hún og bætir við: „En eitt af

því sem einkennir mig er að ég er mjög tapsár. Þess vegna finnst mér mikilvægt að læra vel fyrir próf því mig langar að fá háar einkunnir.“

Miðað við vitnisburðinn sem vísað er til í byrjun um að Julia sé dugleg að túlka fyrir pólska samnemendur sína kemur ekki á óvart hvað hana langar að verða þegar hún verður stór og af hverju. „Mig langar að verða kennari því mér finnst gaman að tala. Og þegar ég er búin að læra eitthvað vel finnst mér gaman að útskýra það fyrir öðrum.“ –gun

Lesendabréf

Ósanngjarnar biðraðir

Ég hef tekið eftir að það er alltaf biðröð á konuklósettinu en ekki karlaklósettinu. Mér finnst það ekki nógu gott. Það þarf fleiri klósett fyrir konur og stelpur. Það er ekki sanngjarnt að þær þurfi að vera að biða lengur en karlar og strákar. Allir sem ákveða hvernig hús eiga að vera ættu að pæla í að hafa fleiri klósett fyrir konur en karla eða aukaklósett sem konur geta notað sérstaklega.

Védís Vífilsdóttir, 7 ára



Védís Vífilsdóttir tekur eftir því sem betur má fara.

markhönnun ehf

nettó

VÍNBER RAUÐ KG
ÁÐUR: 898 KR/KG
449 KR
KG

-50%

Rauð vínber

ERTU BÓKAORMUR?

Dagskrá fyrir börn og unglinga á Bókamessunni í Hörpu



LAUGARDAGUR

Viltu lesa fyrir mig?

Ríma kl. 11.30

Allie og Hulda – *Hekla skilur hundamál*

Sigrún Eldjárn – *Sigurfljóð hjálpar öllum!*

Jóna Valborg Árnadóttir – *Hetjubókin*

Birgitta Haukdal – *Lára fer á skíði* og *Kósýkvöld með Láru*

Íris Baldursdóttir – *Sirkusráðgátan*

Bjarki Karlsson – *Enginn sá hundinn*



SUNNUDAGUR

Vísinda-Villi

Krakkahornið í Flóa kl. 12

Vilhelm Anton Jónsson kynnir bók sína

Vísindabók Villa – Skynjun og skynvillur

og gerir fræðandi og myndar tilraunir

sem dýpka skilning okkar á heilanum.

Spennandi sögur fyrir alla krakka

Ríma A kl. 13

Meðal höfunda eru:

Gunnar Helgason – *Pabbi prófessor*

Inga Mekkín Beck – *Skóladraugurinn*

Þorgrímur Þráinsson – *Henri og hetjurnar*

Hekla skilur hundamál

Flói, bás Forlagsins, kl. 14

Dýravinirnir Hulda og Allie kynna bók sína

Hekla skilur hundamál og kenna gestum

og gangandi að tala við dýrin sín.

Ef þú þorir ...

Ríma B kl. 15

Hrollvekjandi klukkutími fyrir ungt fólk

– komdu ef þú þorir! Meðal höfunda eru:

Hildur Knútsdóttir – *Vetrarhörkur*

Ragnheiður Eyjólfsdóttir – *Skuggasaga – Undirheimar*

Ævar Þór Benediktsson – *Þín eigin hrollvekja*

Þekkirðu íslenska náttúru?

Krakkahornið í Flóa kl. 15

Margrét Tryggvadóttir, annar höfundur

Íslandsbókar barnanna, býður gestum og


gangandi að reyna þekkingu sína á ýmsum fyrir-

bærum úr íslenskri náttúru. Vegleg verðlaun í boði.



VEÐUR & MYNDASÖGUR

Veðurspá Laugardagur



Ákveðin norðanátt með eljum fyrir norðan og austan, en bjartviðri suðvestan til. Dregur úr vindi og eljum um kvöldið. Hiti kringum frostmark.

Heimurinn



Flóð & fjara

Flóð	Fjara
Reykjavík 9.41 3,89m 10.15 3,37m	3.22 0,51m 4.00 0,62m

Akureyri	
1.47 1,40m 1.57 1,47m	7.35 0,37m 8.12 0,27m

Ísafjörður	
11.35 2,25m 12.14 2,33m	5.28 0,44m 6.15 0,45m

Tunglstaða



Vaxandi
78%

Sólarupprás:

10.10

Sólarlag:

16.14

Reykjavík

Sunnudagur	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur
-0° ↘ 2	-0° ↙ 4	-0° ↖ 5	3° ↖ 7	7° ↗ 10

Ísafjörður

Sunnudagur	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur
-2° ↗ 5	-2° ↘ 3	-2° ↗ 5	2° ↗ 11	5° ↗ 11

Akureyri

Sunnudagur	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur
-5° ↘ 5	-3° ↘ 5	-7° ↗ 6	-2° ↗ 9	3° ↗ 13

Egilsstaðir

Sunnudagur	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur
-3° ↘ 9	-2° ↘ 7	-11° ↗ 4	-4° ↗ 6	4° ↗ 6

Kirkjubæjarklaustur

Sunnudagur	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur
-3° ↘ 10	-4° ↘ 5	-3° ↘ 3	1° ↘ 2	3° ↘ 3

Myndasögur

PONDUS



Eftir Frode Øverli

GELGJAN



Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

BARNALÁN



Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

Aðalfundur

Golfklúbbs Ness - Nesklúbbsins 2016



Aðalfundur Golfklúbbs Ness - Nesklúbbsins verður haldinn í golfskála félagsins laugardaginn 26. nóvember nk. kl. 15.00.

Dagskrá:

1. Fundarsetning
2. Kjör fundarstjóra og fundarritara
3. Lögð fram skýrsla formanns
4. Lagðir fram endurskoðaðir reikningar
5. Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga. Reikningar bornir undir atkvæði.
6. Lagðar fram tillögur um breytingar á lögum félagsins ef um er að ræða.
7. Afgreiðsla tillagna til lagabreytinga.
8. Ákveðið árgjald félaga fyrir næsta starfsár.
9. Kosning stjórnar, varastjórnar og skoðenda reikninga skv. 9. gr. laga.
10. Önnur mál.

Nánari upplýsingar um fundinn má nálgast á heimasíðu félagsins, nkgolf.is

25 ÁRA

AFMÆLISVEISLA

ÞAÐ ERU 25 ÁR SÍÐAN VIÐ OPNUÐUM FYRSTU 10-11 VERSLUNINA.
VIÐ FÖGNUM ÞVÍ MEÐ BRAGÐGÓÐUM TILBOÐUM. TAKK FYRIR OKKUR.

GÓU
FLORIDABITAR
199
KR./PK.



KJÖRÍS
MJÚKÍS 1 L
349
KR./STK.



NÓA RJÓMA-
SÚKKULAÐI
249
KR./STK.



STJÖRNU
OSTAPUFFS
129
KR./STK.



GRÆNA
KAKAN
299
KR./STK.



COKE 1 L
OG 3 HRINGIR
899 KR.



FRÓN
PIPARKÖKUR
299
KR./STK.



KRISTALL
SÍTRÓNU 2 L
199
KR./STK.



KIPPA AF
PEPSI 2 L
599
KR./STK.



KIPPA AF
COKE 2 L
799
KR./STK.



KIMS
SALTSTANGIR
129
KR./STK.



KJÖRÍS
PINNAR
299
KR./PK.



KIPPA AF
APPELSÍNI 2 L
799
KR./STK.



HARIBO
STJERNE MIX
299
KR./STK.



Gildir út nóvember, á meðan birgðir endast.

REYKJAVÍK

Laugalækur 9
Glæsibær
Austurstræti 17
Laugavegur 116
Lágmúli 7

Barónsstígur 4
Grímsbær
Héðinshús
Hjarðarhagi 47
Eggertsgata 24

Miklabraut 100
Kleppsvegur
Birkimelur 1
Bústaðavegur 20
Grjótháls 8

Suðurfell 4
Laugavegur 180
Við Vesturlandsveg
Borgartún 26
Bankastræti 11
Seljavegur 2

KÓPAVOGUR

Hjallabrekka 2
Dalvegur 20
Hagasmári 9

HAFNARFJÖRÐUR

Fjörður 13-15
Staðarberg 2-4
Melabraut 29
Reykjavíkurvegur 58

GARÐABÆR

Litlatún

REYKJANESBÆR

Hafnargata 55
Flugstöð Leifs Eiríks.
Fitjar

AKUREYRI

Kaupangur

AKRANES

Skagabraut 43

Teikningar, skissur og skreytingar

Sýningin Á pappír verður opnuð í dag í Hönnunarsafni Íslands. Hún gefur áhugaverða mynd af vinnubrögðum sex hönnuða og myndlistarmanna við gerð umbúða, auglýsinga, bókarkápa, húsgagna og skreytinga á síðustu öld.

Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is



„Hér eru verk sem almenningur hefur hreinlega aldrei séð og kannski ekki haft vitneskju um. Sum þeirra eru vinnuskissur og forvitnileg skólaverk. Þetta er fjölbreytt sýning hvað snertir tíma og tækni og hún ætti að höfða til margra.“ Þetta segir Harpa Þórsdóttir, forstöðumaður Hönnunarsafns Íslands, um sýninguna Á pappír – Skissur og teikningar hönnuða og myndlistarmanna sem þar er opnuð í dag klukkan 15.

Verkin eru allt frá þriðja áratug síðustu aldar til þess sjöunda. Þau eru eftir Jónas Sólmundsson (1905-1983), Jón Kristinsson eða Jóna (1925-2009), Kristínu Þorkelsdóttur (1936), Lothar Grund (1923-1995), Stefán Jónsson (1913-1989) og Sverri Haraldsson (1930-1985).

Einkennisverk sýningarinnar er teikning af svefnherbergishúsgögnum eftir Jónas Sólmundsson. Hann á fleiri finar teikningar á sýningunni frá námsárunum í Þýskalandi og sýnir tímabilið þegar módernisminn er að ryðja sér til rúms í húsgagnagerðinni, að sögn Hörpu.

„Svo erum við með Lothar Grund sem flutti hingað til lands frá Þýskalandi og bjó hér á 6. og 7. áratugnum.

Hann var menntaður leiktjaldahönnuður, lærði síðan innanhúshönnun og var líka myndlistarmaður. Lothar vann mikið fyrir Þorvald í Síld og fisk sem meðal annars byggði Hótel Sögu. Við erum með teikningar eftir hann af innviðum Hótel Sögu, skreytingum og tilögum. Dýrahringurinn í loftinu í Grillinu er verk hans, barirnir og fleira flott. Þetta er ein af fréttunum í sýningunni.“


Annað sem er líka óvænt. Það er að

Sverrir Haraldsson sem við þekkjum sem myndlistarmann lagði þá grein til hliðar árin 1955 til 1957 og fór að fást við auglýsingateiknun. Teiknaði mikið fyrir Mjólksamsöluna, gerði litatillögur fyrir hana að bílum og fyrir Skarphéðin Jóhannsson arkitekt að húsum. Líka bókarkápur fyrir ýmsa höfundu. Það er gaman að skoða þessi verk Sverris því hann er alltaf að leika sér með sama formið. Hann segir í viðtali frá þessum tíma að í svona auglýsingahönnun sé abstraksjónin gerð aðgengileg almenningi.“

Stefán Jónsson arkitekt var auglýsingateiknari áður en hann gerðist arkitekt. „Stefán er maður tveggja tíma,“ segir Harpa. Hann teiknaði annars vegar merki fyrir nýstofnað lýðveldi og er þar í þjóðernisrómantíkinni en hins vegar beitir hann beinskeyttu myndmáli og ávarpandi texta í öðru verki sem er auglýsing.“


Kristín Þorkelsdóttir er eini núlifandi hönnuðurinn sem á verk á sýningunni. Það eru auglýsingar sem sýndar voru í bíóum um 1960. „Við erum á sýningunni að skoða hvernig auglýsingum var komið á framfæri og verk Kristínar eru gott dæmi um hvernig tæknin þróaðist,“ segir Harpa. „Þá er líka gaman að tala um hann Jóna, Jón í Lambey. Hann teiknaði fyrir Rafskinnu í áratugi, Rafskinna var rafdrifin auglýsingabók sem fletti sér sjálf. Safnið á nokkrar slíkar og þar er verið að auglýsa Dagblaðið Vísi.“

Það voru Ástríður Magnúsdóttir, Harpa Þórsdóttir og Þóra Sigurbjörnsdóttir sem völdu verkin og um útlit og uppsetningu sá Helgi Már Kristinsson.



Teikningar Lothars Grund af innanhúshönnun á Hótel Sögu.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



Ein af teikningum Jónasar Sólmundssonar.

Búin að stilla og salurinn bíður

BÆKUR

Að heiman

★★★★★

Arngunnur Árnadóttir

Partus


Kápa og bókarkönnun: Ragnar Helgi Ólafsson

Prentun: Bookwell

Fjöldi síðna: 180

Að fara að heiman og ferðast um kunnuga sem okunna heima er eitt elsta og margreindasta sagnaminni sem við þekkjum. Hömer skrifaði sína Ódysseifskviðu sem endurómáði, þegar skáldsagan reis hvað hæst á síðustu öld, í Ulysses James Joyce um ekki síður skemmtilegt ferðalag Leopolds Bloom um Dublin. Sögur um fólk á ferð eru skemmtilegar í eðli sínu og veita höfundinum frelsi og möguleika sem eru síður til staðar í staðbundnum skáldskap.

Það verður því að teljast vel til fundið hjá Arngunni Árnadóttur að láta sína fyrstu skáldsögu vera ferðasögu, þó svo það sé með eilítið óhefðbundnu sniði. Að heiman, segir sögu hinnar tuttugu og þriggja ára gömlu Unnar. Heima í Kópavogi, í skiptinámi í Berlín og á ferðalagi um Ísland ásamt vinunum Láru og Sveini. Það er engin ástæða til þess að rekja söguþráðinn hér og nú, en rétt að taka fram að hann gengur skemmtilega upp þó svo höfundur taki sér helst til margar síður í lokin til þess að



ljúka sögunni. Að heiman er ferðasaga, þroskasaga, kynslóðarsaga og jafnvel ástarsaga allt í senn, en þó einföld, látlaus og skemmtileg aflestrar.

Þó svo hér sé á ferðinni fyrsta skáldsaga Arngunnar þá er Að heiman ekki hennar fyrsta bók en það var ljóðabókin Unglingar í ritröð Meðgönguljóða. Listrænn grunnur Arngunnar er einnig í tónlist, en hún starfar sem fyrsti klarínnettuleikari Sinfóníuhljóm sveitar Íslands. Þessi bakgrunnur Arngunnar skiptir máli vegna þess að hann skín í gegn og hún nýtur hans. Hún nýtur þess að hafa tekist á við tungumálið og það er líka tónlist í texta Arngunnar. Spenna

magnast og slaknar aftur. Endurteknar hugsanir koma og fara og hljóma brátt eins og stef í kunnuglegu tónverki.

Að heiman er skrifuð í látlausum og læsilegum stíl en Arngunnur þarf þó að gæta sín á að ganga ekki of langt í ljóðrænunni á stöku stað en það er þó ekkert sem ætti ekki að slípast af ungum rithöfundum fyrr en seinna. Eins þarf hún að gæta aðeins betur að flæði samtalanna sem hættir á stöku stað til þess að verða aðeins of formleg og stíf. Þetta er þó ekki með þeim hætti að lesendur ættu að hafa áhyggjur því heildin er góð.

Persónusköpunin er vel heppnuð og trúverðug, þó svo ekki sé mikið lagt upp úr lýsingum á aukapersónum. Lesanda fer að þykja vænt um Unni og reyndar líka Láru og Svein, þrátt fyrir eða öllu heldur vegna mannlegra ágalla þeirra og bresta.

Að heiman er vel heppnuð skáldsaga og sem fyrsta skáldsaga þá er hún virkilega vel heppnuð. Það verður forvitnilegt að fylgjast með því hvað Arngunnur sendir frá sér næst, en hennar bíður í senn erfið og skemmtileg áskorun í næstu bók, enda er hún búin að stilla hljóðfærið og salurinn bíður eftir þessa finu frumraun á skáldsagnasviðinu. **Magnús Guðmundsson**

NIÐURSTADA: Ljúf og skemmtileg lesning og fin fyrsta skáldsaga höfundar sem lesendur ættu ekki að láta fram hjá sér fara.

nettó

Ofnin verður eins Bragðið og nýr!

Ljúffengt OFNAHREINSIR 887 KR PK

FRÁBÆRT VERÐ

OVEN PRIDE

Complete Oven Cleaner

Transforms Tackles Unbeatable

markhönnun ehf.

AVITA HÖSB 7 81A

Eftirréttir

NÝTT



Hurricane bluetooth heymatól
Verð 8.900
Frábær hljómgæði, flottur bassi og innbyggður mikkrofónn

Blackview Omega Pro 5.0" 4G
Verð 36.000
HD 4G LTE farsími Octa Core 3GB RAM 16GB ROM 13MP

3 LED ljós með fjarstýringu
Verð 9.900
LED Lýsing undir eða í skápa með fjarstýringu og dimmer

Blackview A8 5.0" 3G
Verð 15.900
5.0" Quad Core Android 5.1 1GB RAM 8GB ROM fyrir 2 símkort

32GB Micro kort
Verð 2.800
32 GB minnskort Class 10 með stækkara



Hornskápur
Verð áður kr. 135.000
Tilboð kr. 94.500
76 x 55 sm - h. 190 sm

Bókaskápur
Verð áður kr. 178.000
Tilboð kr. 124.600
100 x 45 sm h. 190 sm

Chippendale skápur
Verð áður kr. 379.000
Tilboð kr. 284.250
180 x 55 sm - h. 225 sm

French Curio skápur
Verð áður kr. 165.000
Tilboð kr. 107.250
70 x 40 sm - h. 190 sm

Chippendale glerskápur
Verð áður kr. 212.250
Tilboð kr. 159.000
120 x 45 sm - h. 195 sm



Vanilla leðurtaska
Leður - 4 litir
Verð 17.900
34 x 16 sm - h. 26 sm

J&C leðurtaska
Leður - 3 litir
Verð 11.900
28 x 0,5 sm - h. 18 sm

Alamo leðurtaska
Leður - 2 litir
Verð 19.800
36 x 10 sm - h. 23 sm

Hobo leðurtaska
Leður - 3 litir
Verð 15.900
41 x 14 sm - h. 29 sm



Rubelli hægindastóll með snúningi
Verð 139.000
Leður - tilboð 99.000
82 x 90 sm h. 105 sm

Rubelli hægindastóll með snúningi
Verð 89.000
Áklæði - tilboð 69.000
82 x 90 sm h. 105 sm

Innskotsborð
Verð 57.000
Tilboð 48.450
60 x 45 sm - h. 60 sm

Hliðarborð
Verð áður 67.000
Tilboð 53.600
120 x 40 sm - h. 80 sm

Campaign skrivpúlt
Verð 149.000
Tilboð 104.300
112 x 65 sm - h. 93 sm

Að skoða heiminn með líkamanum

DANS

Da Da Dans



Íslenski dansflokkurinn

Sýnt á Nýja sviði Borgarleikhússins

Danshöfundar: Inga Huld Hákonardóttir og Rósa Ómarsdóttir
Dansarar: Ásgeir Helgi Magnússon, Hjördis Lilja Örnólfsdóttir, Védís Kjartansdóttir og Inga Huld Hákonardóttir/Rósa Ómarsdóttir
Tónlist: Sveinbjörn Thorarensen
Búningar og sviðsmynd: Þórdís Erla Zoëga
Ljósahönnuður: Valdimar Jóhannsson

Hundrað ár eru nú liðin frá því að dadahreyfingin myndaðist í Evrópu og af því tilefni býður Íslenski dansflokkurinn upp á verkið Da Da Dans sem nú er sýnt á nýja sviði Borgarleikhússins.

Dadaismi spratt upp úr vitfirringu fyrri heimsstyrjaldar og var meginmarkmið stefnunnar að skapa fjarstæðukennd verk sem hristu upp í hugmyndum fólks um tilgang og virði listarinnar. Dadaismi boðaði nýtt upphaf með því að rísa upp gegn ríkjandi hefðum í list og lífi.

Í sýningunni Da Da Dans eftir þær Ingu Huld Hákonardóttur og Rósu Ómarsdóttur eru fjórir dansarar sem birtast á sviðinu á mismunandi tímum. Sviðsetningin er einföld en

mjög abstrakt svo ekki er hægt að lesa línulega frásögn út úr því hvernig henni er stillt upp – eða hún notuð. Stundum lifnaði hún við og tók að hreyfast. En gott er að hafa í huga að klippimyndin, þar sem ólíkum efnum og myndum er stillt saman, á einmitt upphaf sitt að þakka dadaismanum.

Sama má segja um kóreógrafiuna þar sem dansararnir leita að því hvernig ólík form fara saman. Bæði form á líkamanum sjálfum og einnig hvernig margir líkamar saman fara að því að mynda síbreytileg form. Þessu hlutverki sem öðrum skiluðu dansarar verksins afar vel, enda öll einstaklega hæf.

Búningarnir eða skúlpútararnir sem dansararnir nota og klæðast eru vel og skemmtilega skapaðir hjá Þórdísi Erlu Zoëga. Þessi þáttur sýningarinnar lýtur lögmálum dadaismans og leggur mikilvægt framlag til sýningarinnar. Dansararnir mæta sig við þessa sérkennilegu hluti og form, skoða merkingu þeirra og tilgang með að setja þá í samhengi við líkamann og dans. Þessi leit virtist vera rauði þráðurinn í verkinu og hann gerir það auðvelt fyrir áhorfendur að sogast inn í heim dadaisma en einnig eigin abstrakt hugarheim.

Gott dæmi er eitt allra skemmtilegasta atríði verksins sem er að finna um miðbik sýningarinnar þar sem Inga Huld og Ásgeir Helgi freistudust til að búa til frásögn með nýrri samsetningu. Þar reyndu þau á tungumálið og vikkðu hugmyndir



Úr sýningunni Da Da Dans sem Íslenski dansflokkurinn sýnir í Borgarleikhúsinu.

um hvernig við tengjum saman bæði sjálft tungumálið en einnig líkams-tjáninguna.

Hljóðmyndin eftir Sveinbjörn Thorarensen var sannarlega áhrifarík og veitti verkinu aðra vídd í absúrdisma heildarinnar. Allt virkaði vel saman, hreyfingar, hljóð- og sviðsmynd/búningar.

Áður en gengið var inn í sal hófst verkið frammi í forsal Borgarleikhússins þar sem dansarar flokksins fóru

með upprunalegan da da gjörning. Benedikt Hjartarson bókmenntafræðingur las upp manifestó, eina af yfirlýsingum, dadaista. Byrjunin var frekar klaufaleg þar sem áhorfendur áttu erftit með að sjá almennilega til uppakomunnar. Upplsturinn var óskýr og fór innihald hans fyrir ofan garð og neðan. Illmögulegt var að nema upplstur Benedikts og því heyrðist traúla hvert manifestóið var. Þetta var sérlega bagalegt fyrir

þá sýningargesti sem ekki höfðu fyrirfram mikinn skilning á stefnunni. Þeir fóru því á mis við hluta af þeirri upplifun sem fólst í annars sterkum áhrifum af eftirminnilegri sýningu. **Kara Hergils Valdímarsdóttir**

NIÐURSTADA: Stórskemmtilegt og frumlegt dansverk sem hleypti áhorfandanum með í hugarferðalag. Klaufaleg byrjun tók frá heildarupplifuninni.

Fjallið slær frá sér

BÆKUR

Nóttin sem öllu breytti



Sóley Eiríksdóttir og Helga Guðrún Johnson

Útgefandi: JPV útgáfa

Kápa: Alexandra Buhl

Ljósmynd á kápu: Ragnar Axelsson

Fjöldi síðna: 245



„Einn daginn bjó ég í fallegu húsi með foreldrum mínum, næsta dag átti ég hvergi heima og systir mín var dái.“

Það er venjulegt miðvikudagskvöld á Flateyri og snjónum kyngir niður. Veðurspáin ekkert sérlega góð og fólki ráðlagt að halda sig heima við. Sóley Eiríksdóttir ellefu ára og stóra systir hennar Svana, sem er í heimsókn frá Reykjavík þar sem hún er í skóla, horfa saman á spólu og fara svo að sofa. Þegar Sóley vaknar er hún grafin undir rústunum af heimili sínu og mörgum tonnum af snjó þar sem hún liggur og bíður björgunar klukkustundum saman. Í húsunum í kring gerðist hið sama, fólk sofnaði heima hjá sér þar sem það taldi sig öruggt og vaknaði til ólýsanlegrar skelfingar. Í bókinni Nóttin sem breytti öllu er sögð saga þeirra sem lentu í snjóflóðinu á Flateyri, saga björgunarinnar, þeirra sem lifðu af og þeirra sem gerðu það ekki. Atburðir þessarar skelfilegu nætur eru raktir eins nákvæmlega og unnt er og Sóley og meðhöfundur hennar Helga Guðrún Johnson tóku fjölda viðtala við Flateyringa til að fá sem gleggsta mynd af atburðarásinni þegar mörg hundruð þúsund tonna snjófléki skriður niður fjall og á byggð, splundrar húsum og tekur tuttuðu mannlíf.

Bókin er að hluta unnin eins og heimildaverk með nákvæmum lýsingum á staðhættum, kortum af þeim hlutum bæjarins sem flóðið féll á og skýringarmyndum af því hvernig það féll. Þá er einnig rakin saga snjóflóðavarna í bænum og spurningunni óhjákvæmilegu en þó hryllilegu velt upp: þurfti þetta að gerast?

Sóley segir sína sögu í fyrstu persónu en annars eru sögurnar í þriðju persónu sem gerir þær ópersónulegri sem í þessu tilfalli er nauðsynlegt. Lýsingarnar á líðan fólks þegar það gerir sér grein fyrir að börnin þess eru látin eða björgunarmanna þegar þeim

tekst að bjarga einhverjum verða þannig nákvæmlega nógu sterkar til að hreyfa við lesandanum á kraftmikinn hátt án þess að hann bugist frammi fyrir þeim ósköpum sem fólkið á Flateyri upplifði þessa nótt.

Bókin er ekki brotin um eins og skáldsaga og er það góð ákvörðun. Fjöldi mynda af björguninni er í bókinni en líka myndir af mannlífni í þorpinu, þeim sem létust og húsunum og bæjarbragnum sem hvarf eða breyttist.

Frásögnin af hamförunum á Flateyri minnir okkur á að missa ekki virðinguna fyrir náttúrunni, að við búum í lifandi landi og í samanburðinum erum við pinulitil, saman ekki neitt, en þó hvert um sig og hvort öðru svo óendanlega mikilvæg. Og hún minnir okkur á hvað býr í okkur, hverju og einu þegar kallið kemur og einnig hvað við ættum að vera meira vakandi fyrir þeim krafti.

„Í hjarta sínu voru Íslendingar allir Flateyringar meðan hörmungarnar gengu yfir,“ segir Sóley í lokakafli bókunnar og eflaust geta flestir sem muna eftir þessum atburðum tekið undir það heilshugar. Þetta er saga skelfilegrar lífsreynslu en líka mannlegrar reysnar, samhjálp og kærleika, sögð af ástríðu og sorg. Ég klökknaði oft yfir þessari bók en samt var engin leið að leggja hana frá sér.

Brynhildur Björnsdóttir

NIÐURSTADA: Falleg og áhrifamikil bók sem engin leið er að leggja frá sér og á erindi við alla.

Meira ruglið, eða hvað?

TÓNLIST

Sinfóniutónleikar



Verk eftir R. Strauss, Hauk Tómasson og Igor Stravínski.

Einleikari: Víkingur Heiðar Ólafsson.

Stjórnandi: Yan Pascal Tortelier.

Eldborg í Hörpu

Fimmtudaginn 17. nóvember

Maður hefði getað sagt í hléinu á Sinfóniutónleikum á fimmtudagskvöldið: Þetta var nú meira ruglið.

Það voru nefnilega mjög skrytín verk á efnisskránni fyrir hlé. Annars vegar var það Burleska eftir Richard Strauss, hins vegar From Darkness Woven eftir Hauk Tómasson. Þau voru eins og hvítt og svart. Burleska er í edli sínu brandari (orðið burla á ítölsku þýðir praktarastrik) og getur verið tónlist, saga eða leikrit. Tilgangurinn er að fá fólk til að hlæja með fánlegum efnistöfum, ýkjum og furðulegum uppakomum. Tónlist Hauks var aftur á móti drungaleg og fráhrindandi, dökkur tónavefur sem virtist ekki sérlega innblásinn. Tónhendingarnar voru hryssingslegar, hljómarir óþægilegir áheyrnar, hljómsveitarraddsetningin laus við allan sjarma. Haukur hefur oft sent frá sér framandi tónsmíðar sem eru heillandi, en hér virðist honum hafa brugðist bogalístin. Tónlistin hans við hliðina á Strauss og tveimur skemmtilegum verkum eftir Stravínski eftir hlé átti einfaldlega ekki heima þarna.

Burleskan kom miklu betur út. Stefin voru skondin, framvindan manísk og kom stöðugt á óvart. Víkingur Heiðar Ólafsson píanóleikari var í einleikshlutverkinu og leikur hans var elegant og glæsilegur. Alls konar hröð tónahlaup voru óaðfinnanleg, innhverfari kaflar sannfærandi. Hljómsveitin spilaði líka af gríðarlegu fjöri undir líflegru stjórn Yans Pascal Tortelier. Mismunandi hljóðfærahópar voru öruggir á sínu, túlkunin skemmtilega hamslaus.

Eftir hlé var fyrst Kaprisa fyrir píanó og hljómsveit eftir Stravínski þar sem Víkingur var aftur í aðalhlutverki. Tónmálið var í nýklassískum stíl þar sem einfaldleikinn var í fyrirrumi, en tóntegundaskiptin



Víkingur Heiðar var í aðalhlutverki og lék listavel á tónleikum Sinfónihljómsveitar Íslands síðastliðinn fimmtudag. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

nokkuð frábrugðin tónlist fyrri alda. Það var eitthvað fallega heiðrikt við músíkina, sem rann áfram áreynslulaust, frábærlega leikin af Víkingi og hljómsveitinni. Píanóleikurinn var snarpur og grípanði. Hljómsveitarspilið var blæbrigðaríkt og tæknilega vandað, samtaka og í prýðilegu styrkleikajafnvægi.

Kaprisa, eða capriccio, hefur verið þýtt sem gletta á íslensku. Það er s.s. líka brandari eins og Burleskan eftir Strauss, en húmorinn er þó miklu finni og kurteislegri. Grínið skilaði sér ágætlega í túlkuninni, sem var létt og litrík.

Lokaverkið á efnisskránni var Eldfuglinn eftir Stravínski. Það var þó ekki allur ballettinn eins og hann er leikinn undir dansi, heldur svita,

þ.e. röð kafla í tónleikaformi. Óþarfi er að rekja söguþráð ballettsins hér, en hann er byggður á rússneskum ævintýrum. Tónlistin er hrifandi, spennuþrungin og kraftmikil, en inn á milli eru ákaflega seiðandi kaflar sem maður getur hlustað á aftur og aftur. Túlkun Torteliers var framúrskarandi. Hún var full af skáldskap, lifandi og áleitni. Hljómsveitin spilaði af stakri fagmennsku, tæknin þvældist aldrei fyrir. Stigandin í verkinu var mögnuð, og hápunkturinn gæddur sprengikrafti. Hvílik skemmtun!

Jónas Sen

NIÐURSTADA: Að mestu flottir tónleikar með góðri tónlist og vönduðum flutningi.

VERÐLAUN JÓNASAR HALLGRÍMSSONAR TIL HAMINGJU, SIGURÐUR PÁLSSON



„Magnþrungin og ægifögur sáttargjörð við lífið.“

SIGRÍÐUR ALBERTSDÓTTIR / VÍÐSJÁ

„Þetta er falleg bók, utan sem innan.“

SÖLVI SVEINSSON / MORGUNBLAÐIÐ

„Meistaraverk.“

EGILL HELGASON / KILJAN

„Algjörlega frábær bók ... Ofsalega fallegt.“

EIRÍKUR GUÐMUNDSSON / KILJAN

„Örugglega áhrifamesta verk sem að
Sigurður hefur sent frá sér á sínum ferli.“

KOLBRÚN BERGÞÓRSDÓTTIR / KILJAN

LAUGARÁS BÍÓ
mid.is
 FANTASTIC BEASTS
 TILBOÐ KL. 2 - 2D
 FLÓSKUSKEYTTI FRÁ P
 HACKSAW RIDGE
 TRÖLL
 TILBOÐ KL. 2
 BRIDGET JONES'S BABY
 MISS PEREGRINE'S

LAUGARÁSBÍÓ	Sýningartímar
FANTASTIC BEASTS 3D	6, 9
FANTASTIC BEASTS	2
FLÓSKUSKEYTTI FRÁ P	5, 8, 10, 25
HACKSAW RIDGE	8, 10, 45
TRÖLL 2D ÍSL.TAL	2, 4
BRIDGET JONES'S BABY	5, 30
MISS PEREGRINE'S	2

SAMBIÓN SAMbio.is
 Frá J.K. Rowling, höfundu Harry Potter.
 ★★★★★ HOLLYWOOD REPORTER
 ★★★★★ THE GUARDIAN
 IMDb 8.3
 88%
 Stórkostleg og töfrandi fjölskylduskemmtun.
 Byggð á samnefndri metsölubók

ALFABAKKA	EGILSHÖLL
FANTASTIC BEASTS 3D kl. 2 - 5 - 8 - 10:45	FANTASTIC BEASTS 3D kl. 1 - 4 - 8 - 10
